DAVÍÐ JÓNSSON

Missti fót, en aldrei verið í betra formi

• heilsa • akureyri

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

PÁSKAR

Ferðir, borðskraut og óvenjulegur ratleikur

Sérblað um páska

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

30. mars 2010 — 75. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Besta farartækið

Samtök um bíllausan lífsstíl standa fyrir opnum fundi um reiðhjólanotkun í kvöld.

TÍMAMÓT 24

Í viðtali á nektarstöð

Mugison var í fötunum á Naked News.

FÓLK 38

Pappírsflóðið tefur

Stúlkurnar í The Charlies sjá glitta í Ameríku.

FÓLK 38

Snæfell sló út Grindavík

Snæfell komst í undanúrslitin í Iceland Express-deild karla en Stjarnan tryggði sér oddaleik.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL NORÐAUSTANLANDS Í dag verða norðan 8-13 m/s, hvassast við A-ströndina. Víða bjartviðri en dálítil snjókoma eða él NA-til. Frost 0-7 stig.

VEÐUR 4

Í LOFTKÖSTUM Parkour er ekki fyrir hvern sem er, en Heiðar Smári Birgisson hefur augljóslega náð talsverðri færni í þessari framandi íþrótt, eins og sjá má af þessu heljarstökki sem hann tók í Bankastræti í gær. Heiðar segir að íþróttin gangi út á ýmis stökk, en hann hefur æft með Fimleikafélaginu Björk í rúmt ár. Hann viðurkennir að parkour sé ekki hættulaust, en hann hefur þó ekki slasað sig á heljarstökkunum, jafnvel þótt grjóthörð gangstéttin bíði takist honum illa upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keppast um orkuna úr Hverahlíð

Sveitarfélagið Ölfus hefur frest fram í maí til að fjármagna orkukaup úr Hverahlíð. Annars gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær segir forstjóri OR.

VIRKJANIR Takist ekki að fjármagna kísilverksmiðju í Ölfusi rennur út forgangur sveitarfélagsins til kaupa á orku úr áformaðri Hverahlíðarvirkjun.

„Það fær bara annar orkuna. Ölfus hefur forgang fram í maí, en ef sveitarfélagið hefur ekki klárað sitt fyrir þann tíma þá verður það fyrstur kemur fyrstur fær hvað orkuna varðar," segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Hann segir að ef ekki hefði staðið á fjármögnun álvers í Helguvík og byggingu orkuvera, væri löngu búið að ráðstafa orkunni úr Hverahlíðarvirkjun.

Orð Hjörleifs eru viðbrögð við ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, en hún sagði í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardag: „Stærsta hindrunin í vegi áforma um byggingu álvers í Helguvík um þessar mundir er sú ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur að ráðstafa, að minnsta kosti tímabundið, orku frá ráðgerðri Hverahlíðarvirkjun til annars verkefnis."

„Ég lít svo á að ef búið væri að fjármagna framkvæmdirnar og komnir væru bindandi orkusölusamningar væru menn komnir lengra," segir Hjörleifur. „Stærsta hindrunin í veginum hefur verið fjármögnun." Þetta hafi því ekkert með ákvörðun OR að gera.

„Við byggjum enga virkjun nema hafa bindandi orkusölusamning sem er fyrirvaralaus. Hann er ekki kominn enn þá."

Hjörleifur bendir á að samningurinn við Norðurál hafi gert ráð fyrir að fjármögnun yrði lokið í árslok 2008. Þá hafi verið samið um mitt ár 2009 og loks árslok 2009. „Og við erum enn að bíða." Hann segir að ef Norðurál hefði lokið við fjármögnunina hefði ekki komið til þess.

Hverahlíðarvirkjun mun framleiða 90 megavött og ljóst er að þau eru ekki til skiptanna á milli álvers í Helguvík og kísilverksmiðju í Ölfusi. Hjörleifur staðfestir það. - kóp

Starfsfólki kvikmyndahúss sagt upp störfum:

Óvissa um framtíð Regnbogans

FÓLK Starfsfólki Regnbogans hefur verið sagt upp störfum og unnið er að því að endurskipuleggja reksturinn. Loki Regnboginn verður ekkert kvikmyndahús í miðborg Reykjavíkur.

„Þetta er eina miðbæjarbíóið en eins og staðan er nú getur allt eins verið að við lokum í sumar, hreinsum út það sem við eigum og skilum húsinu um áramót," segir Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu. - afb / sjá síðu 38

Læknir hjá Art Medica mælist til þess að fleiri íslenskar konur gefi egg:

Langur biðlisti eftir eggjum

HEILSA Frumvarp sem gerir einhleypum konum með skerta frjósemi heimilt að nota gjafaegg við glasafrjóvgun bíður afgreiðslu á Alþingi. Guðmundur Arason, kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir í tæknifrjóvgunarstofunni Art Medica, fagnar því verði frumvarpið samþykkt. Til þess að mæta þeirri þörf sem þá myndist þurfi þó fleiri íslenskar konur að gefa egg enda er nú þegar skortur á eggjum.

„Biðlistinn er langur og okkur bráðvantar egg fyrir konur sem ekki hafa allar tímann fyrir sér," segir Guðmundur.

Þær konur sem geta gefið egg þurfa að vera á aldrinum 22ja til 35 ára. Þær þurfa að vera hraustar, lausar við vímugjafa og ekki með ættgenga sjúkdóma sem erfast beint.

Fyrir þau óþægindi sem hljótast af egggjöf eru greiddar 75 til 100 þúsund krónur. „En við viljum ekki að fólk komi til með að hagnast," tekur Guðmundur fram. - þlg, sg / sjá ALLT

SPURNING DAGSINS

Jóna, ætlið þið að leggja skjölin á borðið í tilefni dagsins?

„Skjal gert."

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja er þrjátíu ára um þessar mundir. Jóna Björg Guðmundsdóttir er héraðsskjalavörður.

Eitt af þremur stærstu hugbúnaðarfyrirtækjum heims í flugi kaupir Calidris:

Bæta við fólki þrátt fyrir kreppuna

VIÐSKIPTI Bandaríska fyrirtækið Sabre Holdings hefur keypt íslenska sprotafyrirtækið Calidris. Skrifað var undir pappíra í síðustu viku en tilkynnt um kaupin í gær. Kaupverð er ekki gefið upp.

Hluthafar Calidris, Eyrir Invest, stofnendur og starfsfólk, bæði núverandi og fyrrverandi, er sátt. „Þetta hefur verið hart á köflum. En við höfðum alltaf trú á sýnina," segir Magnús Ingi Óskarsson, framkvæmdastjóri og annar tveggja stofnenda Calidris.

Þórður Magnússon, stjórnarformaður Calidris og Eyris Invest, sem átti fjórðung, segir söluna ánægjulega enda opni hún dyrnar að stærri markaði fyrir tækni og aðferðir Calidris.

Hjá Calidris starfa um fjörutíu manns hér á landi. Reiknað er með að þeim fjölgi. Þá fá helstu stjórnendur lykilstöður hjá Sabre. Þar á meðal munu Magnús og Kolbeinn Arinbjarnarson, sem stofnuðu Calidris árið 1997, móta framtíðarskref fyrirtækisins.

Calidris var stofnað árið 1997 og hefur þróað hugbúnað sem leggst ofan á tölvukerfi flugfélaga og bætir rekstur þeirra. Mörg flugfélög nota kerfið. Þeirra þekktust hér eru Icelandair, British Airways og Finnair.

ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

Sabre Holdings er móðurfélag Sabre Airlines Solutions, eins af þremur stærstu hugbúnaðarfyrirtækjum heims á flugrekstrarsviði. - jab

Listi Sjálfstæðisflokks kynntur:

Gunnar er í þriðja sætinu

STJÓRNMÁL Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi og fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi, er í þriðja sætinu á framboðslista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Kópavogi í vor. Gunnar hefur ekki tilkynnt hvort hann muni taka sæti á listanum.

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi samþykkti framboðslistann í gær. Í fyrstu sætum listans eru: 1. Ármann Kr. Ólafsson, 2. Hildur Dungal, 3. Gunnar I. Birgisson, 4. Margrét Björnsdóttir, 5. Aðalsteinn Jónsson. - bj

Útlit fyrir snjókomu um páska:

Kalt, hvasst og bjart veður

VEÐUR Nægur snjór verður fyrir norðan og austan um páskana en kalt og bjart á Suður- og Vesturlandi, samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands.

Theódór Hervar Hervarsson veðurfræðingur segir kalda norðanátt verða ríkjandi á öllu landinu fram á laugardag. Bjart, kalt og hvasst verði á Suður- og Vesturlandi en á Norður- og Austurlandi er líklegt að snjói, að minnsta kosti í fjöllum.

Á laugardag er útlit fyrir að veður breytist, þá gæti hlýnað á Suðvesturlandi og jafnvel snjóað á Vesturlandi. - sbt

Erlend bílalán gætu lækkað um 40 prósent

Verði bílalánum breytt úr myntkörfu yfir í verðtryggð krónulán með 15 prósenta álagi lækkar lán frá 2007 til kaupa á smábíl um 1,1 milljón. Lán vegna Range Rover myndi lækka um 3,8 milljónir. Um 49 þúsund bílalán eru í gildi.

NEYTENDUR Höfuðstóll bílalána, sem tekin voru í jenum og svissneskum frönkum síðla árs 2007, mun lækka um 36 til 38 prósent fallist eignaleigufyrirtæki á tillögur félagsmálaráðuneytisins um að færa erlend bílalán yfir í íslenskar krónur með 15 prósenta álagi á upphaflegan höfuðstól.

1,8 milljóna bílalán, sem tekið var í ágúst 2007 og tryggt í jenum og frönkum, stendur nú í rúmlega 3,1 milljón króna. Afborgun er um 62.000 krónur á mánuði. Í töflunni er tekið dæmi um slíkt lán sem tekið var til að greiða 81 prósent kaupverðs á Toyota Aygo smábíl. Viðmiðunarmarkaðsverð bílsins er nú um 2,3 milljónir. Miðað við yfirfærslu í verðtryggt lán með 15 prósenta álagi á höfuðstól færðist lánið niður í tvær milljónir króna, sem er 36 prósenta lækkun. Eigandinn ætti þá 318.000 króna afgang, seldist bíllinn á viðmiðunarverði, í stað þess að skulda 843.000 krónur eftir sölu bílsins. Afborgun mundi lækka úr 62.000 krónum í um 44.000 krónur, eða um 18.000 krónur, en gæti lækkað enn frekar eða í 29 til 37 þúsund krónur á mánuði ef lántaki nýtir möguleika á að lengja lánstímann.

6,2 milljóna lán, tekið í jenum og frönkum í desember 2007 til að kaupa Range Rover fyrir 7,5 milljónir króna, stendur nú í 9,9 milljónum. Miðað við flutning í verðtryggt lán með 15 prósenta álagi myndi það skrifast niður um 3,8 milljónir og standa í 6,1 milljón. Viðmiðunarverð bílsins er í dag 6,3 milljónir. Veðsetningarhlutfallið, sem nú er 157 prósent af viðmiðunarverði, færi niður í 97 prósent af viðmiðunarverði. Samkvæmt upplýsingum úr félagsmálaráðuneytinu eru um 49 þúsund heimili í landinu með bílalán og um 90 prósent þeirra eru gengistryggð. Á bilinu 70 til 80 prósent þeirra voru tekin á árunum 2006 og 2007 þegar gengi krónunnar var sterkast.

Í meðfylgjandi dæmum er miðað við lán í jenum og frönkum. Þau lán hafa hækkað mest í kjölfar hrunsins. Eldri lán og lán, sem eru í öðrum myntum, hafa ekki ekki tekið jafnmiklum breytingum. Í slíkum tilvikum fer lækkun eftirstöðva, við flutning yfir í verðtryggð krónulán, niður fyrir 20 prósent. Miðað við lán, sem tekið var í febrúar 2005 og var að hálfu verðtryggt en að hálfu tryggt með myntkörfu, er lækkun á eftirstöðvum um 21 prósent. peturg@frettabladid.is

BÍLALÁN Stór hluti bílalána landsmanna er tengdur gengi erlendra gjaldmiðla að hluta eða öllu leyti. Lán tryggð í jenum og svissneskum frönkum hafa hækkað mest frá hruninu haustið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÚR KÖRFU Í KRÓNUR

	Toyota Aygo	Range Rover
Kaupverð bíls	2.237.635	7.500.000
Upphaflegt lán	1.821.056	6.226.132
Staða í dag	3.161.699	9.918.962
Viðmiðunarverð	2.318.000	6.306.000
Lán eftir leiðréttingu	1.999.700	6.116.238
nettóeign		
- fyrir leiðréttingu	-843.699	-3.612.962
- eftir leiðréttingu	318.300	189.762
Mismunur á láni	1.161.999	3.802.724

*Miðað við Toyota Aygo, keyptur nýr 30. ágúst 2007 og Range Rover keyptur nýr 18. desember 2007. Viðmiðunarverð miðað við bgs.is

LYF Mikill verðmunur er á lausasölulyfjum á borð við paratabs og íbúfen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lyf ódýrust í Garðsapóteki:

Munar allt að 50 prósentum

NEYTENDUR Mikill verðmunur er á lausasölulyfjum að því er fram kemur í nýrri könnun Neytendastofu. Kannað var verð á nokkrum algengum tegundum lyfja og munaði 26 prósent til 50 prósentum á verði lyfjanna. Lyfin voru oftast ódýrust í Garðsapóteki en oftast dýrust í Laugarnesapóteki. Könnunin var gerð 26. febrúar til 10. mars og var verð kannað í 31 apóteki á höfuðborgarsvæðinu.

Á sama tíma var skoðað hvernig verðmerkingum á lausasölulyfjum var háttað. Kom í ljós að einungis níu af þessum 31 apótekum höfðu lausasölulyf verðmerkt sem Neytendastofa ételur á heimasíðu sinni, www.neytendastofa.is. - sbt

Lýsingu EuroMoney hafnað:

Gagnrýni sögð ósanngjörn

EFNAHAGSMÁL Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, (FME) kveðst hvorki hafa verið veifiskati né klappstýra bankamanna. Hann segir gagnrýni sem fram hafi komið í blaðinu Euromoney bæði ósanngjarna og ranga. Jónas kveðst þó sjá eftir að hafa ekki stækkað Fjármálaeftirlitið hraðar.

JÓNAS FR. JÓNSSON

Jónas segir að megin þeirra mála sem nú eru hjá sérstökum saksóknara sé tilkomið vegna rannsókna FME sem hafi verið hafnar strax eftir bankahrun. Þá hafi Fjármálaeftirlitinu verið treyst til að framkvæma neyðarlögin. Gagnrýnin sé því ósanngjörn enda hafi blaðamaðurinn ekki haft samband við hann. - ghh

Vilja meira pláss undir fanga:

Dómar fyrnast fyrir afplánun

FANGELSISMÁL Brýnt er að auka rými fyrir fanga og móta heildarstefnu um fullnustu refsinga. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þá þurfi að breyta skipulagi fangelsismála.

Fram kemur að þrefalt fleiri hafi beðið eftir afplánun í fyrra en árið 2005. Dæmi séu um að skortur á fangelsisplássi hafi valdið því að óskilorðsbundnir dómar hafi fyrnst áður en afplánun gat hafist. Að mati stofnunarinnar geti þetta dregið úr varnaðaráhrifum refsinga og trausti almennings á réttarvörslukerfinu. - óká

Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Lítil breyting hefur orðið á virkni eldgossins á Fimmvörðuhálsi segir jarðfræðingur:

Hraunið nær yfir ferkílómetra

ELDGOS Hraun frá eldgosinu á Fimmvörðuhálsi þekur nú um það bil einn ferkílómetra, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Hann segir 15 til 20 þúsund rúmmetra af hrauni hafa runnið frá gígunum.

Litlar breytingar hafa orðið á eldgosinu síðasta sólarhringinn, segir Magnús Tumi. Skjálftavirkni á svæðinu dróst saman í fyrrinótt, en jókst fljótlega aftur. Magnús Tumi segir þó vísbendingar um að heldur sé farið að draga úr gosinu.

Ekkert bendir til þess að Katla sé að vakna. Sagan sýnir að gjarnan hafa verið tengsl á milli eldgosa í Eyjafjallajökli og Kötlu. Magnús segir lítið hægt að lesa í það, enda hafi verið mánuðir eða jafnvel ár á milli eldgosa í Eyjafjallajökli og í Kötlu. - bj

JARÐVÁ Ótti við að gos í Eyjafjallajökli veki Kötlu af dvala hefur ekki stöðvað mikinn fjölda ferðamanna í að skoða eldgosið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Frá ömmu til framtíðar

Framtíðarreikningur – fermingargjöf sem vex
Framtíðarreikningur er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum og systkinum. Hann ber hæstu vexti verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni og er því frábær valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að hefja sparnað á Framtíðarreikningi hvenær sem er fyrir 15 ára afmæli reikningseigandans. Því fyrr sem sparnaður á Framtíðarreikningi hefst því veglegri upphæð mun reikningseigandi hafa til ráðstöfunar við útborgun. Einungis reikningseigandinn sjálfur getur leyst út innstæðu við 18 ára aldur. Ef reikningurinn stendur óhreyfður eftir að reikningseigandi hefur náð 18 ára aldri haldast óbreytt kjör.

Góð gjöf
Framtíðarreikningur er kjörinn fyrir foreldra og aðra velunnara fermingarbarna sem vilja gefa gjöf sem vex.

Stofnskírteini Framtíðarreiknings kemur í fallegu gjafaumslagi.

Nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Kostir Framtíðarreiknings

- Hæstu vextir á verðtryggðum innlánsreikningum í bankanum
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Óhreyfð innstæða heldur óbreyttum kjörum eftir 18 ára aldur*
- Engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða aðrar þóknanir

* Ekki er hægt að leggja inn á Framtíðarreikning þegar binditíma lýkur við 18 ára aldur. Reikningurinn lokast við fyrstu úttekt.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

GENGIÐ 29.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,94	128,56
Sterlingspund	191,55	192,49
Evra	172,47	173,43
Dönsk króna	172,47	173,43
Norsk króna	21,334	21,460
Sænsk króna	17,620	17,724
Japanskt jen	1,3825	1,3905
SDR	194,24	195,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,2144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra telur ekki að þáverandi sendiherra Íslands í Washington hafi brotið fyrirmæli:

Skýrslur Bandaríkjamanna óþolandi

UTANRÍKISMÁL Óþolandi og óviðeigandi er í samskiptum vinaríkja að til séu leyniskýrslur um íslenska stjórnmálamenn og ekki síður að þær séu varðveittar með þeim hætti að þær leki ítrekað í fjölmiðla.

Svo segir utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, um bandarískar skýrslur sem birtust um hann, Jóhönnu Sigurðardóttir forsætisráðherra og Albert Jónsson sendiherra á vef Wikileaks í gær.

„Þetta er í annað skipti sem þetta gerist og það þýðir að menn hafa varann á sér í samskiptum við utanríkisþjónustur sem haga sér með þessum hætti," segir Össur.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Æðsti yfirmaður bandaríska sendiráðsins á Íslandi hafi verið boðaður á fund með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins þar sem þessu var mótmælt.

Fulltrúi Bandaríkjamanna hafi ekki getað skýrt lekann, en svo virðist sem upplýsingarnar hafi ekki komið úr sendiráðinu við Laufásveg.

„Þetta er alveg með eindæmum, ekki síst í ljósi þess að skýrslur sem menn vilja fá birtar, um nafngreinda Íslendinga, þær fást ekki birtar," segir hann og vísar þar til beiðni ráðuneytisins um að Bandaríkjamenn leyfi fjölskyldu Halldórs Laxness að sjá leyniskjöl um hann.

Í Wikileaks-skjölunum segir að Albert Jónsson, þáverandi sendiherra í Washington, hafi mótmælt því sem hann hafi talið ófullnægjandi útskýringar Bandaríkjamanna á fangaflugi CIA í íslenskri landhelgi. Samt hafi hann unnið að því með bandarískum diplómötum að gera lítið úr fangafluginu opinberlega.

Um þetta segir Össur: „Ég geri ráð fyrir því að Albert Jónsson, aðalræðismaður okkar í Færeyjum, hafi ekki gert neitt sem hann var ekki beðinn um af þáverandi yfirboðurum sínum, og hafi því ekki brotið nein fyrirmæli."

- kóþ

Nýr stjóri hjá Landakotsskóla:

Vill fjölga nemendum skólans

MENNTUN Sölvi Sveinsson hefur verið ráðinn skólastjóri Landakotsskóla. Hann segir stefnuna að fjölga nemendum skólans úr 120 í 170 haustið 2011. Það verði gert með kynningarátaki í góðri samvinnu við foreldra.

SÖLVI SVEINSSON

„Skólinn stendur á gömlum grunni og hann nýtur sérstöðu, þar er til dæmis meiri tungumálakennsla en í öðrum skólum, meiri áhersla á íslensku og stærðfræði og góð aðstaða til listakennslu," segir Sölvi. Hann var skólastjóri Verslunarskóla Íslands 2005 til 2008 og skólastjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla frá 1997 til 2005. **- sbt**

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

FME veitir starfsleyfi

Arctica Finance hefur fengið starfsleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu (FME). Fyrirtækið sinnir óháðri fyrirtækjaráðgjöf. „Reynsla okkar sýnir að eftirspurn er eftir ráðgjöf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja," er í tilkynningu haft eftir Stefáni Þór Bjarnasyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

LEIÐRÉTTING

Ekki haft eftir Gunnari

Það er ekki rétt sem fram kom á baksíðu Fréttablaðsins í gær að Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hefði látið þau ummæli falla um Jónas Fr. Jónsson, forvera sinn í embætti, að hann væri gunga og klappstýra bankanna. Þau ummæli hafði blaðið Euromoney eftir ónafngreindum embættismanni.

Hjálpa geðsjúkum að ná tökum á lífi sínu

Nýtt geðteymi sem heyrir undir geðsvið Landspítala tekur til starfa nú um mánaðamótin. Hlutverk þess verður að aðstoða fólk sem þjáist af geðröskunum og aðstandendur þeirra. Ekki sparnaðarúrræði, segir starfsfólk teymisins.

HEILBRIGÐISMÁL Samfélagsgeðteymi tekur formlega til starfa nú um mánaðamótin. Um er að ræða þverfaglegt teymi geðheilbrigðisstarfsmanna og tilheyrir það geðsviði Landspítalans. Markmið teymisins er að minnka þörf á innlögnum og tryggja góðan stuðning og eftirfylgd. Þungamiðjan í þjónustunni er vitjanir í heimahús og að virkja fólk til þátttöku í samfélaginu. Beiðnir um aðstoð eru þegar teknar að berast.

„Við erum sannfærð um að þjónusta sem þessi eykur lífsgæði þeirra sem þurfa á henni að halda," segir Magnús Haraldsson geðlæknir, sem starfar í teyminu. „Teymið er stofnað því það er mat manna að við þurfum að efla samfélagsgeðþjónustu við þá sem þjást af alvarlegum geðröskunum og eru í tíðum innlögnum á geðdeildir, svo og aðstandendur þeirra. Teymið er viðbót við þau úrræði sem göngudeildir geðsviðs veita og við geðteymi sem fyrir eru á vegum Velferðarsviðs og Heilsugæslu.

„Þetta er ekki sparnaðarúrræði þar sem verið er að veita ódýrari þjónustu fyrir dýrari, heldur er einungis verið að svara þörfinni úti í samfélaginu og breyta áherslum. Við erum enn langt á eftir öðrum þjóðum í þessu efni, sem sum hver hafa þróað þjónustu af þessu tagi í þrjátíu ár."

Spurð hvort vissa sé fyrir því að fólk vilji að fagfólk fylgi því eftir inn á heimili þess segir Guðbjörg Sveinsdóttir teymisstjóri að langflestir vilji fá stuðning til þess að auka lífsgæði sín, getu og færni til

SAMFÉLAGSGEÐTEYMIÐ Þau eru hluti af hópnum frá vinstri: María Einisdóttir staðgengill framkvæmdastjóra geðsviðs LSH, Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir sjúkraliði, Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur, Magnús Haraldsson geðlæknir og Auður Árnadóttir sjúkraliði. FRETTABLADID/STEFÁN

að virka sem best í samfélaginu.

„Eitt af meginhlutverkum okkar er að tengja fólkið við þann stuðning sem er fyrir hendi úti í samfélaginu, hvort sem það er hjá velferðarsviði eða frjálsum félagasamtökum og þá að sleppa hendinni af fólki. Við erum ekki að gera þetta fyrir fólkið heldur með því, og aðstoða það við að ná tökum á daglegu lífi sínu. Ég hef ekki hitt neinn sem ekki vill það. En þessa samvinnu þarf fyrst og fremst að byggja á trausti. Aðstandendum er einnig boðin aðstoð og þeir eru oft ekki síður í þörf fyrir hana."

Þegar beiðni berst teyminu er hún tekin fyrir á fundi, að sögn Guðbjargar. Sé tekin ákvörðun um aðkomu að málinu er haft samband við þann sem sendir beiðnina og síðan heimsækir fagfólk úr teyminu þann sem á aðstoð þarf að halda. Viðkomandi er gerð grein fyrir starfseminni og boðin aðstoð.

jss@frettabladid.is

ÁSTRALAR MÓTMÆLA Ræðismaður Ástralíu í Kína ræðir við fjölmiðla. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirmenn Rio Tinto dæmdir:

Sakfelldir fyrir mútuþægni

KÍNA, AP **Fjórir yfirmenn ástralska fyrirtækisins Rio Tinto í Kína fengu sjö til fjórtán ára fangelsi fyrir að þiggja mútur og aðra spillingu, sem kínverskur dómstóll segir að hafi valdið kínverskum stáliðnaði alvarlegu tjóni.**

Meðal hinna dæmdu er Ástralinn Stern Hu, sem fékk tíu ára fangelsi. Áströlsk stjórnvöld hafa mótmælt dómnum, segja hann alltof harðan.

Hinir þrír eru Kínverjar og fengu þeir sjö, átta og fjórtán ára fangelsisdóma.

Fyrirtækið Rio Tinto er með starfsemi víða um heim, meðal annars í álframleiðslu hér á landi.

- gb

LÖGREGLUMÁL

Sóttu grænlenskan sjómann

Þyrla Landhelgisgæslu Íslands sótti í gærkvöldi slasaðan sjómann um borð í grænlenskan togara um 20 sjómílur frá landi. Maðurinn hafði misst framan af fingri og taldi læknir þörf á að koma honum sem fyrst undir læknishendur.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

LITLAR BREYTINGAR Það verða litlar breytingar út vikuna, áfram norðlægar áttir ríkjandi, bjartviðri syðra en él norðan- og austanlands. Það verður áfram frost um nánast allt land en það dregur heldur úr vindi á morgun.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	11°
Berlín	13°
Billund	8°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	20°
London	10°
Mallorca	20°
New York	17°
Orlando	23°
Ósló	2°
París	12°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	4°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *signidurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Fermingar tilboð

MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

Verð: 199.990 kr.

Tilboð: 189.990,- kr.*

iPod shuffle

Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir

2GB **14.990.-**
4GB **19.990.-**

iPod/iPhone hlífðarhulstur

Teikniborð
USB teikniborð MAC/PC
Verð frá: 13.990,-

Fireant
iPod hátalari
Verð frá 39.990,-

iPod/iPhone hlífðarhulstur: **Verð frá 2.990,-**

Hulstur á myndum er aðeins brot af úrvali í verslun okkar

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl, eða meðan birgðir endast.

KJÖRKASSINN

Ertu ánægð(ur) með eigendaskiptin á DV?

Já	70,8
Nei	29,2

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er það illa gert, að líkja kjörnum fulltrúum við ferfætlinga?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Ásakanir á hendur Gerry Adams í nýrri bók um borgarastríðið á Norður-Írlandi:

Sagður einn höfuðpauranna

ÍRLAND, AP Í nýrri bók um átökin á Norður-Írlandi er því haldið fram að Gerry Adams, leiðtogi stjórnmálasamtakanna Sinn Fein, hafi framan af verið í fremstu röð forystumanna Írska lýðveldishersins, IRA.

Bókin nefnist „Raddir úr gröfinni“ og er eftir norðurírska blaðamanninn Ed Maloney. Stærstur hluti hennar er byggður á viðtölum við Brendan Hughes, sem var félagi Adams í IRA þegar borgarastríð braust út á Norður-Írlandi árið 1969. Viðtölin við Hughes voru tekin á árunum 2001 og 2002, en hann lést árið 2008, 59 ára að aldri.

GERRY ADAMS

Í bókinni viðurkennir Hughes að hafa stundað skotárásir, sprengjuárásir og bankarán á áttunda og níunda áratugnum. Adams hafi jafnan verið með í ráðum. Hann gagnrýnir Adams harðlega fyrir að láta sem hann hafi hvergi komið nærri. „Ég framkvæmdi aldrei nein stærri verk nema með samþykki eða skipun frá Gerry,“ segir Hughes. „Að hann skuli nú sitja á flottri skrifstofu og neita þessu, ég meina það væri eins og Hitler héldi því fram að helförin hafi aldrei átt sér stað.“

Þótt Adams hafi jafnan neitað því að hafa tekið þátt í stórfum IRA hafa sérfræðingar í sögu IRA og Sinn Fein aldrei efast um að hann hafi verið háttsettur yfirmaður IRA. - gb

Sjálfboðaliðastarf fyrir norðan:

300 sóttu um starf á Selasetri

NORÐURLAND Yfir 300 útlendingar sóttu um tvær sjálfboðaliðastöður á Selasetrinu á Hvammstanga. Mikill áhugi kom starfsfólki Selasetursins á óvart. Í sumar verða þar átta manns í fullu starfi, að því er segir á nordurland.is.

Sjálfboðaliðarnir vinna við norðurslóðaverkefnið Wild North sem hefur það að markmiði að vernda villta dýrastofna fyrir neikvæðum áhrifum aukinnar ferðamennsku. Verkefnið er samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Grænlands og Færeyja.

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

Góður **Kostur** fyrir páskaunga

Lambalæri
kryddað, frá Kosti
1.238 kr/kg

Lambahryggur
kryddað, frá Kjarnafæði
1.438 kr/kg

Lambalæri
frosið, frá Kosti
975 kr/kg

Mjólk
75 kr/L

Gouda 26%
ostur

-30% afsláttur

Allt í matarkörfuna - Fjöldi annarra tilboða alla daga

Tilboðin gilda til 5. apríl eða á meðan birgðir endast

31. mars	Miðvikud.	11-20
1. apríl	Skírdagur	12-18
2. apríl	Föstud. langi	Lokað
3. apríl	Laugardagur	10-18
4. apríl	Páskadagur	Lokað
5. apríl	Annar í páskum	12-18

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Pútín og Medvedev boða stríðsaðgerðir

Nærri 40 manns fórust og 60 særðust þegar tvær konur sprengdu sig í loft upp á tveimur neðanjarðarstöðum í Moskvu. Grunurinn beindist strax að tsjetsjenskum skæruliðum sem nýlega hótuðu Rússum stríðsaðgerðum í borgum landsins.

RÚSSLAND, AP „Við munum halda áfram að berjast gegn hryðjuverkamönnum án þess að hvika þar til yfir lýkur,“ sagði Dmitrí Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, eftir að tvær konur höfðu sprengt sig í loft upp á tveimur lestarstöðvum í Moskvu í gær.

Auk árásarkvennanna létu að minnsta kosti 38 manns lífið og sextíu manns særðust.

Fyrri sprengjan sprakk rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun á lestarstöðinni Lúbjanka, sem er undir höfuðstöðvum leyniþjónustunnar FSB, arftaka hinnar illræmdu KGB.

Seinni sprengingin varð um 45 mínútum síðar á lestarstöðinni Park Kúltúrí, sem er skammt frá hinum þekkta Gorkígarði í Moskvu.

Báðar sprengjurnar sprungu þegar lest var nýkomin á stöðina og dyrnar voru að opnast.

„Ég heyrði sprengingu, sneri höfðinu og reykur var alls staðar. Fólkið hljóp öskrandi að útgönguleiðunum,“ sagði Alexander Vakulov, 24 ára maður sem var á Park Kúltúrí-stöðinni í lest á öðrum brautarpalli gegnt þeim sem varð fyrir árásinni.

Bæði Vladimír Pútín forseti og Dmitrí Medvedev forsætisráðherra höfðu í gær stór orð um að refsa tsjetsjensku uppreisnarhópunum, sem taldir eru bera ábyrgð á árásinni.

Pútín sagði að hryðjuverkamönnunum yrði hreinlega tortímt og Medvedev sagði að baráttunni gegn hryðjuverkamönnum yrði haldið áfram þar til yfir lyki.

Hvorugur þeirra nefndi þó neitt ákveðið um væntanleg viðbrögð stjórnvalda.

Rússneski herinn vann að mestu sigur á uppreisnarsveitum Tsjetsjena með þungum árásum í stríði fyrir um það bil áratug, en síðan hafa uppreisnarhópar engu síður gengið lausum hala í fjallahéruðum og skóglendi Tsjetsjeníu þrátt fyrir að stjórn héraðsins hafi verið vinveitt Moskvustjórn.

ÖNGÞVEITI Læknar og björgunarfólk aðstoða særðan mann fyrir utan lestarstöðina Park Kúltúrí í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

Lestarstöðvarnar tvær í Moskvu voru opnaðar á ný um fjögurleytið. Einu ummerki atburða dagsins voru göt eftir sprengjubrot á veggjum stöðvanna.

Vegfarendur voru þó varir um sig fyrst í stað.

„Þetta er skelfilegt,“ sagði einn þeirra, sextán ára piltur að nafni Vasilí Vlastinin. „Það er orðið hættulegt að taka jarðlestirnar, en ég held samt áfram að ferðast með þeim. Maður þarf einhvern veginn að komast í skóla eða vinnu.“ gudsteinn@frettabladid.is

ERFIÐ BIÐ Særðir farþegar bíða aðstoðar á Park Kúltúrí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti ASÍ gagnrýnir samstöðuleysi á Alþingi og segir þolinmæðina á þrotum:

Vill stjórnarandstöðuna að borðinu

EFNAHAGSMÁL Ef meirihluti ríkisstjórnarinnar á Alþingi er of veikur til að hrinda aðgerðum í framkvæmd verður að fá stjórnarandstöðuna með að samningaborðinu, ásamt stjórninni, atvinnurekendum og ASÍ, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Á fundi formanna og varaformanna allra 53 aðildarfélaga ASÍ sem fram fór í gær kom fram að langlundargeð og þolinmæði verkalýðshreyfingarinnar gagnvart stöðunni í atvinnumálunum væri á þrotum, segir Gylfi. Hann gagnrýnir harðlega samstöðuleysi um aðgerðir sem kveðið sé á um í stöðugleikasáttmálanum á Alþingi.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Eins og fram hefur komið hafa Samtök atvinnulífsins (SA) sagt upp stöðugleikasáttmálanum, sem stjórnvöld, ASÍ og SA gerðu með sér. Gylfi segir formenn aðildarfélaga ASÍ hafa verið harðorða í garð SA fyrir uppsögn sáttmálans, sér í lagi þar sem það hafi verið gert með hagsmuni útgerðarmanna að leiðarljósi.

Vandamálin sem lagt var upp með að leysa eru fráleitt úr sögunni, og ekki hægt að leysa þau með því að hlaupast frá þeim, segir Gylfi. Úr því að samskipti stjórnvalda við atvinnurekendur séu í þessum fasa þurfi að leita nýrra leiða, dugi stöðugleikasáttmálinn ekki verði að finna eitthvað nýtt.

Séu SA ekki tilbúin til að standa við stöðugleikasáttmálann eða koma með öðrum hætti að lausn þeirra vandamála sem nú blasi við er ekki annað í stöðunni en að þær launahækkanir sem ASÍ féllst á að frysta komi til framkvæmda, segir Gylfi. - bj

Gott fyrir...

tvíbura

tveir fyrir einn

til allra áfangastaða

Iceland Express

Flug fram að 15. maí en hægt er að kaupa til 5. maí

GottKort er nýtt alþjóðlegt greiðslukort sem veitir þér fjölbreyttari afsláttarkjör og meira úrval tilboða en önnur kort ... **sem er gott.**

Sæktu um á **www.gottkort.is**

GOTTKORT

Þitt kort

Fíton/SÍA

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir stærsti hluthafinn í DV?*

2 *Hvaða hljómsveit sigraði í Músíktilraunum?*

3 *Hver vann sinn sjöunda Íslandsmeistaratitil í badminton á sunnudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Velferðarsvið fundaði með framkvæmdastjóra Fjölskylduhjálparinnar í gær vegna forgangs Íslendinga:

Ekki stendur til að mismuna fólkinu

REYKJAVÍK Forsvarsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hittu fulltrúa Fjölskylduhjálpar Íslands að máli í gær og fóru yfir mannréttindastefnu borgarinnar. Sérstaklega var rætt um að mismuna ekki fólki á grundvelli þjóðernis, í ljósi frétta um að Íslendingar nutu forgangs í síðustu matarúthlutun hjálparinnar.

„Ásgerður útskýrði mál sitt og það stendur ekki til að beita svona vinnubrögðum, að mismuna fólki," segir Stella Víðisdóttir, sem er sviðsstjóri velferðarsviðs.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir ekkert nema gott um fundinn að segja: „Þau eru samstarfsfús og munu vonandi gera þetta á réttan hátt hér eftir."

STELLA K. VÍÐISDÓTTIR

MATTHÍAS IMSLAND

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Eins og fram hefur komið í viðtali við framkvæmdastjóra Fjölskylduhjálparinnar hér í blaðinu nutu Íslendingar forgangs þegar matvælum var dreift til nauðstaddra á miðvikudag.

Framkvæmdastjórinn, Ásgerður Jóna Flosadóttir, sagði þá að hún hefði tekið „alla Íslendingana fram fyrir" og beðið útlendinga að bíða.

Matthías Imsland, stjórnarformaður Fjölskylduhjálparinnar, var spurður hvort endurskoða þyrfti verklag Fjölskylduhjálparinnar. Hann sagðist ekki hafa kynnt sér viðtalið við Ásgerði og telur um einhvern misskilning milli hennar og blaðamanns að ræða. „Menn spá ekkert í þjóðerni hjá Fjölskylduhjálpinni," segir hann.

Ekki hefur náðst í forsvarsmann Mæðrastyrksnefndar, en Hjálparstarf kirkjunnar hefur reglur sem banna mismunun á grundvelli þjóðernis. **- kóþ**

Bannað að hrufla við fótspori:

Lendingarstaðurinn friðlýstur

VÍSINDI Fornleifafræðingar í Kaliforníu hafa friðlýst lendingarstað geimfarsins Apollo 11 sem flutti fyrstu mennina til tunglsins árið 1969. Það er gert vegna þess að búist er við að ekki líði alltof langur tími þar til ferðamenn stíga þar fæti.

Friðunin er grundvölluð á samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1967 um að allir manngerðir hlutir á tunglinu tilheyri þeirri þjóð sem sendi þá þangað. Aðeins tvær þjóðir hafa sent þangað geimför, Bandaríkjamenn og Rússar sem sendu þangað ómönnuð fjarstýrð geimför. Talið er að á tunglinu séu um 100 tonn af alls konar dóti. Þar á meðal er Hasselbladmyndavélin sem Neil Armstrong notaði til þess að taka mynd af félaga sínum, Buzz Aldrin. **- ót**

JARÐHRÆRINGAR

Tóku hitamyndir af gosinu

Vísindamenn frá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR) tóku hitamyndir af gosinu á Fimmvörðuhálsi síðastliðinn föstudag. Nutu þeir aðstoðar Björgunarsveitar Hafnarfjarðar. „Tilgangur ferðarinnar var að afla bergsýna af gosefnum, mæla viðnám og hita í nýju hrauni og í gosstrókum," segir á vef ÍSOR, en ferðin er sögð hafa heppnast vel í alla staði.

BRUNAVARNIR

Óvönduð vinna er hættuleg

Brunamálastofnun varar við óvönduðum vinnubrögðum við slökkvikerfi í eldhúsháfum. Borist hafa kvartanir um að aðilar sem ekki hafi kunnáttu til að taka út slík slökkvikerfi hafi þó boðist til þess. „Þessi kerfi eru mjög sérhæfð og ekki á færi annarra en sérhæfðra þjónustuaðila að viðhalda þeim," segir á vef stofnunarinnar.



STÓRGLÆSILEG SKIP Skipin eru hönnuð af Rolls Royce í Noregi. Þau eru 71,1 metri að lengd og burðargeta er rúmlega tvö þúsund tonn í tíu kælitönkum. Skipin eru útbúin til nóta- og flottrollsveiða. MYND/HÉÐINN HF.

Ísfélagið bíður eftir svörum frá Chile

Forsvarsmenn skipasmíðastöðvarinnar ASMAR í Chile geta engin svör gefið um afhendingu tveggja skipa til uppsjávarveiða til Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Tafirnar hafa ekki áhrif á rekstur Ísfélagsins, segir framkvæmdastjóri.

SJÁVARÚTVEGUR Enn ríkir óvissa um afgreiðslu skipasmíðastöðvarinnar ASMAR í Chile á tveimur öflugum skipum til Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Stöðin stórskemmdist í jarðskjálfta 27. febrúar. Forsvarsmenn ASMAR halda því fram að þeir séu ekki bundnir af smíðasamningum skipanna þar sem fyrirsjáanlegar vanefndir á afhendingu skipanna eru til komnar vegna náttúruhamfara.

„Skipasmíðastöðin ber fyrir sig „force majeure"-ákvæðinu í samningnum og þar stendur málið núna," segir Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri Ísfélagsins. „Satt best að segja vitum við ekki hvert framhaldið verður og bíðum svara að utan um hvað þeir ætla að gera. Mér skilst að þeir ætli að klára nýja varðskipið Landhelgisgæslunnar, svo það sama getur átt við um okkar skip."

Stefán segir ljóst að fyrirtækið verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna tafa eða skemmda. Ísfélagið hefur ekki samið um sölu á öðrum skipum fyrirtækisins vegna endurnýjunar skipakostsins. Þess vegna muni framvinda málsins, hver sem hún verður, ekki hafa nein áhrif á rekstur Ísfélagsins.

Kaupverð skipanna tveggja var um fjórir milljarðar króna við undirskrift, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gengisþróun eftir hrun hefur nær tvöfaldað þá upphæð. Ísfélagið hefur þegar greitt kaupverð skipanna að hluta. Smíði annars skipsins er langt komin og var það væntanlegt til landsins seint á þessu ári. Áætlað var að seinna skipið kæmi til landsins fyrri hluta árs 2011.

Ef tafir verða fram úr hófi er ein af mögulegum leiðum Ísfélagsins að segja sig frá samningnum. „Við vonum hins vegar að þeir komist af stað og ljúki smíði skipanna," segir Stefán og bætir við að vel komi til greina að selja annað skipið vegna þeirra hækkana sem gengisþróun síðustu mánaða hefur valdið.

Björgvin Ólafsson, framkvæmdastjóri BP-skipa hf., sem er umboðsaðili ASMAR á Íslandi, segir að verið sé að meta skemmdirnar í stöðinni, sem hafi verið gríðarlegar. Hann telur meiri líkur en minni á því að íslensku skipin verði kláruð í stöðinni.

svavar@frettabladid.is

PÁSKASPRENGJA!

25% afsláttur af öllum sófum og sófasettum

Nýkomin sending af gjafavöru frá VAN ROON LIVING, VILLA COLLECTION & LSA

Bjóðum þessa gjafavöru á 50% afslætti! Ath! Takmarkað magn.

HEIMA HÚSIÐ
heima Ordrup mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is **Opið virka daga 10-18, lau. 11-16.**

KANÍNUSLAGUR Á heitum vordegi skammt frá Frankfurt í Þýskalandi mættust tvær kanínur á grasvelli, og vildi hvorug gefa eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eigendur Goldfinger, Óðals og Vegas ósáttir við lög gegn nektardansi:

Veitingamenn krefjast bóta

DÓMSMÁL Veitingamenn í nektargeiranum ætla að krefjast skaðabóta af ríkinu vegna nýrra laga sem banna nektardans.

Davíð Steingrímsson, sem rekur Vegas, segir engan vafa á þessu: „Ég hef ekki brotið nein lög eða reglur og hef fjárfest og stólað á að geta rekið staðinn til 2013, þegar gildandi rekstrarleyfi rennur út.“ Nýju lögin taka gildi 1. júlí.

Grétar Ingi Berndsen, sem rekur Óðal, er á sama máli: „Ég er með leyfi til loka árs 2011 sem er tekið úr sambandi og væntanlega verða bætur fyrir það.“

GRÉTAR INGI BERNDSEN

Jafnframt íhuga þeir báðir hvort kæra skuli þingkonuna Steinunni Valdísi Óskarsdóttur fyrir meiðyrði, en hún hefur meðal annars sagt að rekstri nektarstaða fylgi jafnan skipulögð glæpastarfsemi og mansal.

Ásgeir Davíðsson, eigandi veitingastaðarins Goldfinger, hefur ekki ákveðið hvort hann fer í skaðabótamál gegn ríkinu, en telur sinn skaða geta numið allt að 800 milljónum króna.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir að tvær allsherjarnefndir hafi skoðað málið og allir þingmenn séu meira og minna sammála um það: „Þingið setur oft lög sem breyta því sem var áður. Ef menn telja sig eiga rétt á skaðabótum þá verða þeir bara að láta reyna á það.“ Farið hafi verið rækilega yfir málið með tilliti til skaðabótaskyldu. - kóþ

Óttast lýðræðishalla í Búrma:

Aung San Suu Kyi ekki fram

BÚRMA, AP Lýðræðishreyfingin í Búrma ætlar ekki að bjóða fram í þingkosningum, sem herforingjastjórnin hefur boðað til síðar í ár. Hreyfingin segir greinilegt að kosningarnar verði ekki lýðræðislegar. Þetta verða fyrstu þingkosningar í landinu í tvo áratugi. Herforingjastjórnin hefur lagt ríka áherslu á að stjórnarandstæðingar gæti hófs í baráttunni.

Leiðtogi Lýðræðishreyfingarinnar, Aung San Suu Kyi, hefur verið í stofufangelsi meira og minna síðan 1990. - gb

Þúsundir í bröggum eftir stríð:

Braggabúar voru stimplaðir

MENNING Þúsundir manna bjuggu í braggahverfum í Reykjavík í síðari heimsstyrjöld og fyrstu áratugina eftir stríð. Íbúar hverfanna sættu oft og tíðum neikvæðum viðbrögðum umhverfisins og voru stimplaðir af samfélaginu, eingöngu vegna búsetu sinnar.

EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON

Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur mun í hádeginu skoða þessa sögu og velta því fyrir sér hvernig þessi dómur sögunnar yfir braggabúum hefur birst og hvort breytingar hafi orðið á þessum viðhorfum á seinni árum. Fyrirlestur Eggerts, sem er á vegum Sagnfræðingafélagsins, verður í Þjóðminjasafninu og hefst klukkan 12.05. - kóp

VERSLUN

Meðal tólf bestu í heimi

Bókaverslunin Mál og menning við Laugaveg er á lista yfir tólf bestu bókabúðir heims. Listinn er tekinn saman af danska blaðinu Berlingske Tidende. Á listanum eru heimsþekktar bókaverslanir á borð við Hatchhards í Lundúnum, The Mysterious Bookshop í New York og Cathach í Dublin.

UMHVERFISMÁL

Sorpa frestar gjaldtöku

Sorpa ákvað í gær að fresta áður ákveðinni gjaldtöku á garðaúrgangi á þessu ári. Íbúum höfuðborgarsvæðisins verða jafnframt kynntar leiðir til að draga úr umfangi garðaúrgangs.

ÍSRAEL

Hafa áhyggjur af ímyndinni

Ísraelar hafa nokkrar áhyggjur af ímynd þjóðar sinnar ef marka má nýja skoðanakönnun. Nær helmingur aðspurðra telur ímyndina hafa versnað eftir deilu landsins við Bandaríkin um byggingu nýrra húsa í austurhluta Jerúsalem.

LÍNUDANS Ríkisstjórnin er talin munu lifa af hvellinn sem varð við nýlega samlíkingu forsætisráðherra þar sem smölun katta kom við sögu. Um leið liggur fyrir að grunnt er á því góða í stjórnarsamstarfinu og þolinmæði ekki mikil, sama til hvors stjórnarflokksins er horft. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Kergjan varð að köttum

Kergja Samfylkingarfólks vegna óróa í Vinstri grænum braust út í samlíkingu forsætisráðherra um ketti sem erfitt er að smala. Málið var rætt á þingflokksfundi VG. Ræðan hreinsaði andrúmsloftið hjá Samfylkingunni.

FRÉTTASKÝRING

Er ríkisstjórnin að falla?

STJÓRNMÁL Hún lét ekki mikið yfir sér, hjáseta Atla Gíslasonar, þegar atkvæði voru greidd um hvort setja ætti lög á verkfall flugvirkja. Og þó, viðstaddir sáu að hún virkaði illa á suma þingmenn Samfylkingarinnar. Einn þeirra varð hávær í þingsal, hrópaði segja sumir, í átt að ráðherrum Vinstri grænna.

Hjásetan var í sjálfu sér ekki stórmál, en hún var kornið sem fyllti mælinn hjá Samfylkingunni. Þar á bæ hafa menn lengi býsnast yfir því að illa hafi gengið að ná þingflokki samstarfsflokksins til að ganga í takt. Í erfiðum málum hafi hluti hans ekki staðið með stjórninni.

Hjásetan blés í kergju Samfylkingarfólks sem varð að þessum orðum Jóhönnu Sigurðardóttur: „Hoppandi meirihlutar á Alþingi duga skammt við aðstæður eins og okkar þjóð er í nú og of mikil orka og tími fer í að smala þeim saman og ná málum í gegn. Ein flokkssystir okkar orðaði þetta ágætlega þegar hún sagði að þetta væri „eins og að smala köttum“. Þykjast sumir sjá að sú flokkssystir hafi verið Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður.

Kyndugt kvöldverðarboð

Heimildarmönnum Fréttablaðsins ber saman um að skilaboð forsætisráðherra hafi ekki síst verið inn í eigin flokk. Síðustu daga hafa margar sennurnar verið teknar í hliðarherbergjum Alþingis og ljóst að þolinmæði sumra var á þrotum gagnvart samstarfsflokknum. Ræðan fór vel í flokksstjórnina og hefur að sögn hleypt nýju lífi í flokksmenn.

Það er kaldhæðnislegt að sama dag og ræðan var haldin hittust ríkisstjórn og makar í fyrsta kvöldverðarboðinu. Reynt hefur verið um nokkra hríð að halda slíka samkomu, en tókst ekki fyrr en á laugardag. Stemningin var eilítið undarleg í Ráðherrabústaðnum, þegar sest var til borðs og skötuselurinn snæddur. Ræðan var þó ekki eitt af umræðuefnum kvöldsins.

Jákvæður fundur

Vel má vera að ræða Jóhönnu hafi styrkt Samfylkingarfólk í trúnni, en hún fór misvel í VG-liða, svo ekki sé meira sagt. Hafi kergjan verið Samfylkingarmegin fyrir ræðuna var hún VG-megin eftir hana. Miklar skeytasendingar fóru af stað á milli þingmanna og æðstu stjórnenda og sýndist sitt hverjum. Ákveðið var, að ósk Jóns Bjarnasonar, að ræða málið á þingflokksfundi í gær.

Gagnrýnt var, af sumum, að Jóhanna hefði með ræðu sinni kallað eftir stjórnunarstíl sem væri vart boðlegur; tilskipanir að ofan sem allir hlaupa eftir. Þá fór illa í suma þingmenn hvernig tilkynnt var um að ákveðinn fjöldi ríkisstofnana yrði lagður niður.

Almennt var litið á fundinn sem jákvæðan, þegar upp var staðið. Hann var hreinskiptinn en heimildarmönnum Fréttablaðsins ber saman um að menn hafi komið jákvæðir út af honum og engan bilbug sé á þeim að finna hvað varðar stjórnarsamstarf.

Átakafletir

Fram undan eru stjórnkerfisbreytingar, en í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að fækka ráðuneytum úr tólf í níu. Þar er kveðið á um nýtt atvinnuvegaráðuneyti, en Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur lýst sig mótfallinn þeim breytingum.

Heimildarmenn innan Samfylkingarinnar kvörtuðu yfir því; ekki væri tækt að vinna gegn stjórnarsáttmálanum. Það ætti raunar líka við um málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmsar yfirlýsingar í húsnæðismálum.

Á móti kvarta margir VG-liðar yfir að þeir fórni of miklu af eigin stefnu og sannfæringu í stjórnarsamstarfinu. Þá eigi orðfæri sumra ráðamanna samstarfsflokksins meira skylt við tungutak Viðskiptaráðs en vinstri flokks.

Samhentir formenn

Ljóst er að stjórnin springur ekki við þennan hvell. Jafnljóst er þó að þolinmæðin er ekki mikil, á hvorn bóginn sem er. Of mikill metingur þykir í þeim sem tjá sig um stjórnarsamstarfið og of lítið talað saman út á við.

Samstarf formanna flokkanna, Jóhönnu og Steingríms J. Sigfússonar, er með ágætum og á milli þeirra ríkir traust. Þau hreyfa sig að sögn varla án þess að tala hvort við annað.

Formenn og varaformenn flokkanna hittust á sunnudag og vel fór á með þeim. Þrátt fyrir góðan vilja þeirra og jákvæðni að þingflokksfundi loknum, er hins vegar ljóst að erfið mál eru fram undan sem reyna munu á samstöðuna.

kolbeinn@frettabladid.is

TILBOÐ
HELGARINNAR
Páskalambið:
lambalæri fyllt með fersku pesto og brauðteningum
Grísa hamborgarahryggur
Páska desertinn:
ekta frönsk súkkulaðimús
Lamba innralæri
ferskt og kryddað
Minnum svo á úrval forrétta og deserta.
Kjötkompaní
Dalshrauni 13, Hafnarfirði - sími 578 9700

LAMBAKJOT.IS

Lambahryggur

- FYLLTUR Í SMJÖRDEIGI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambaryggur á beini • 2 pakkar smjördeig • 3 box sveppir • 10 döðlur • 50 g beikon • 2 dl rjómi • 1 búnt steinselja • 2 egg

Úrbeinið hrygginn, nýtið allt kjötið, fitu og sinuhreinsið. Skerið sveppi, döðlur og beikon smátt og steikið létt á pönnu. Hellið rjóma yfir og sjóðið niður. Brúnið kjötið á pönnu í smjöri. Þerrið á stykki. Gætið þess að fletja ekki út smjördeigsplöturnar, leggið þær hlið við hlið og þrýstið börmunum saman með fingrunum. Leggið hryggfylluna (fille) hlið við hlið ofaná helminginn af smjördeiginu og lundina á milli. Smyrjið sveppablöndunni yfir allt kjötið. Penslið deigið með eggi og leggið hinn helminginn af smjördeiginu yfir. Þrýstið samskeytunum saman og penslið yfir allt með eggi.
Bakið í ofni við 200 - 220°C í 10 - 15 mín. Náið kjarnhita kjötsins í 50°C.

Sykurlögur fyrir kartöflur

500 g sykur • 1 dl appelsínusafi • 1 dl rjómi • kanill & salt á hnífsoddi

Bræðið sykur þar til hann verður brúnn. Hellið volgum appelsínusafa útí, síðan rjómanum og kryddið með salti og kanil.

Rauðkál

1 poki niðursneitt rauðkál • 500 ml rauðvín • 1 grænt epli • 1 skarlottulaukur • 1 negulnagli • 50 g flórsykur 50 g púðursykur • 1 dl balsamic edik

Epli saxað smátt og sett í pott ásamt rauðkáli. Laukur afhýddur og negulnagla stungið í, hann settur í pottinn ásamt sykri, ediki og rauðvíni. Sjóðið í 1 klst.

Sósa

Bein af úrbeinuðum lambahrygg • 1 tómatur • 1 búnt timían (garðablóðberg) • 1 gulrót • 1 laukur • 1 hvítlaukur 1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatmauk (puré) • 1 msk smjör

Höggvið beinin og brúnið í ofni. Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og látið krauma í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin út í ásamt vökva og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. Sigtið og sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið. Borið fram á rauðkáls- og belgjabaunabeði og sykurbrúnuðum kartöflum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... PÁSKALAMBIÐ

Hagkvæmt að halda hvalveiðum áfram

Hvalveiðar eru þjóðhagslega hagkvæmar þótt tap hafi verið á hrefnuveiðum í fyrra, segir í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar. Veiðar hafa ekki haft mælanleg áhrif á ferðaþjónustu en gæta þarf að hugsanlegum áhrifum á ímynd landsins.

SJÁVARÚTVEGUR Áframhaldandi hvalveiðar eru þjóðhagslega hagkvæmar en þær þarf að endurmeta ef síðar kemur í ljós að þær hafi verulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu, virði umhverfisgæða og ímynd Íslands. Þetta er niðurstaða nýrrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða, sem var kynnt í gær.

Skýrslan var unnin fyrir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið. Í henni er rakið umfang og þróun hvalveiða við Ísland, efnahagslegt gildi þeirra, áhrif á helstu nytjastofna og á ferðaþjónustu, umhverfisgæði og ímynd landsins.

Opinberar upplýsingar liggja ekki fyrir um þýðingu hvalveiða fyrir þjóðarbúið á liðnum árum en samkvæmt upplýsingum frá Hval hf. og hrefnuveiðimönnum gætu 80 til 90 ársverk fallið til við veiðar og vinnslu á 150 langreyðum og jafnmörgum hrefnum. Launakostnaður við veiðar á 150 langreyðum er áætlaður 750 milljónir króna og telja skýrsluhöfundar að virðisauki þeirra gæti orðið að minnsta kosti jafnmikill.

Tap var á hrefnuveiðum í fyrra að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða og allar afurðir voru seldar innanlands. Ef gert er ráð fyrir að hægt sé að selja hluta afurðanna utanlands telja skýrsluhöfundar að virðisauki af veiðum á 150 hrefnum gæti numið 270 milljónum króna. Samanlagður virðisauki af veiðum á 150 langreyðum og 150 hrefnum gæti því orðið um einn milljarður króna.

Í HVALSTÖÐINNI Ef veiddar væru 150 hrefnur og 150 langreyðar mætti auka afla á þorski, ýsu og loðnu, segir í nýrri skýrslu um hvalveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í skýrslunni er einnig lagt mat á áhrif hvalveiða á helstu nytjastofna. Niðurstaðan er sú að ef veiddar væru 150 hrefnur og 150 langreyðar væri hægt að auka afla á þorski, ýsu og loðnu umtalsvert. Verðmæti þess umframafla gæti numið 12,1 milljarði króna á verðlagi dagsins í dag.

Tölur yfir fjölda ferðamanna gefa ekki til kynna að hvalveiðar síðustu ára hafi haft marktæk áhrif á komur þeirra til landsins. Ekki var þó hægt að meta til fjár áhrif hvalveiða á virði umhverfisgæða eða á ímynd Íslands í öðrum löndum. Mikilvægt sé að kanna þau frekar, segir í skýrslunni.

bergsteinn@frettabladid.is

Með hverri seldri tölvu fylgir Draumaegg frá Freyju

ALLTAF BETRA VERÐ

FARTÖLVA Á VILDARTILBOÐI

VILD

Toshiba Satellite L500D-16M
2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

25.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR VILDARVINI

VILDARVERÐ **114.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990

FARTÖLVA Á VILDARTILBOÐI

VILD

Toshiba Satellite L500D-16N
2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 500GB diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

25.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR VILDARVINI

VILDARVERÐ **134.990**

FULLT VERÐ KR. 159.990

24 Philips 241E1SB
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p uppl., 1000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

49.990

HÁTALARAKERFI

Logitech X-530
Ótrúlega magnað hátalarakerfi með 140w RMS hátölurum og stóru bassaboxi. Flott kerfi fyrir leikjatölvur og tölvuleiki.

29.990

720P REC HDMI LAN

TVIX TVFLAKKARI

DViCO TViX R-3300
Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir 3.5" diska með afspilun yfir net, HDMI tengi, aðgerðir á skjá og fjarstýringu.

29.990

ÞRÁÐLAUST BORÐ/MÚS

Logitech

Logitech MK300
Þráðlaust lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og fjölda flýtitakka. Þráðlaus mús fylgir.

9.990

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750

Hafðu það um

Lambalæri
að hætti Jóa Fel

úrbeinað og fyllt með
piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar

EINGÖNGU Í HAGKAUP

LAMBALÆRI MEÐ FYLLINGU
2.099 kr/kg.
Merkt verð 2.798.-

Páskalæri Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.

EINGÖNGU Í HAGKAUP

PÁSKALÆRI HAGKAUPS
1.758 kr/kg.
Merkt verð 2.198.-

frábært úrval af eplum! - epli eru ekki bara epli!

SÚRT — Græn epli | Konfekt epli | Rauð epli | Gul epli | Jonagold | Royal gala | Fuji — SÆTT

New Orleans BBQ Svínarif

BBQ SVÍNARIF
1.039 kr/kg.

PRINS POLO MINI 154G
299 kr/stk.

Kjöris

VIENNETTA ÍSTERTA
499 kr/pk.

SÆLKERINN HUMAR 1kg
2.998 kr/pk.

HREINIR SAFAR
389 kr/stk.

RÚLLUTERTU BRAUÐ, FROSIN
299 kr/stk.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Hagkaup | heim
heimsendingarþjónusta
• sími 563-5000
• heim@hagkaup.is

gott páskana

PÁSKASTEIKIN FÆST Í HAGKAUP!

Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!

EINGÖNGU Í HAGKAUP

SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
2.651 kr/kg.
Merkt verð 2.945.-

Hamborgarhryggur Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

EINGÖNGU Í HAGKAUP

HAMBORGAR HRYGGUR
1.559 kr/kg.
Merkt verð 1.949.-

SS grillkjötið komið í verslanir!

Nautakótilettur
að argentískum sið

Grísakótilettur
kryddlegnar

Cajp´s folaldavöðvar

Lambalærissneiðar
kryddlegnar

Lambatvírifjur
kryddlegnar

ELDDHÚSRÚLLUR 3 STK
329 kr/pk.

RENÉ KAFFIPÚÐRA
289 kr/pk.

NÝBAKAÐ

BAGUETTE
193 kr/stk.

HRAUNBITAR
239 kr/pk.

APPOLO LAKKRÍSKONFEKT
399 kr/stk.

PÁSKAÖL 0.5 LTR
139 kr/stk.



ÍTALÍA HRÁSKINKA
599 kr/stk.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

„ORÐRÉTT“

Vínyljeppi

„Var þetta dýrt? Jú, kannski, en eru ekki sumir með jeppadellu?“

UMMI GUÐJÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR SEM GEFUR ÚT NÝJA PLÖTU Í VEGLEGRI VÍNYLÚTGÁFU.
Fréttablaðið 29. mars.

Horfið ævistarf

„Ég er bara í áfalli og enn að átta mig á þessu.

JÚLÍUS MÁR BALDURSSON, STÆRSTI LANDNÁMSHÆNURÆKTANDI LANDSINS, SEM HORFÐI Á ÚTIHÚS SÍN BRENNA MEÐ 200 HÆNUM OG FJÓRUM KÖTTUM.
Fréttablaðið 29. mars.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? PÁLMI MATTHÍASSON, SÓKNARPRESTUR Í BÚSTAÐAKIRKJU

Biðin tekur neistann úr þjóðinni

„Núna er dymbilvikan og undirbúningur fyrir þá daga sem fram undan eru,“ segir séra Pálmi Matthíasson þegar hann er inntur frétta. „Páskahátíðin er mesta gleði og trúarhátíð kristinna manna.“

Pálmi segir dymbilvikuna alltaf dálítið einkennilega í huga hans. „Maður hugsar um pálmasunnudaginn og innreið Jesú í Jerúsalem, þar sem fólk veifaði pálmagreinum og fagnaði honum sem hinni mestu hetju. Svo líða nokkrir dagar og þá snýst almenningsálitið við og þá hrópar fólkið á krossfestingu.“ Þá segist Pálmi hugsi yfir þeim hlutverkum sem fólk lék í dymbilvikunni. Þannig hafi lærissveinarnir verið svolítið týndir á meðan konurnar hafi ekki vikið frá krossinum og sinnt nauðþurftum líkama frelsarans á páskadagsmorgni. „Það er gott að velta fyrir sér hvað karlarnir hafi verið að gera þá, á þessum karlvæna tíma, um leið og við veltum fyrir okkur hvað konur og karlar hafast að í dag.“

Pálmi segir þá atburði sem kristnir menn minnast í dymbilvikunni eiga mikla skírskotun í nútímann. „Við sjáum að þarna snerist almenningsálitið við. Og þetta finnur maður líka hjá okkur, öldur réttlætis og reiði, vonbrigði og tilhlökkun. Við erum í einhverri rússíbanareið þar sem enginn veit hver niðurstaðan verður og það er gífurlega slítandi ástand fyrir sálarlíf fólks,“ segir Pálmi og kallar eftir því að fremur sé horft fram á veginn og skilgreint hvernig við ætlum að stíga inn í framtíðina, hvað þjóðin vilji þar hafa með í för og hvað eigi að skilja eftir. Honum finnst nóg komið af bið eftir hlutum sem svo breyti ekki miklu þegar þeir koma fram, hvort sem það sé Icesave, AGS, rannsóknarskýrsla, eða aðrir hlutir. „Þetta er að taka neistann úr þjóðinni sem heilt yfir finnst mér vera rosalega dugleg.“

Verðtryggð skuldabréf
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsett 29. júní 2009 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

Nafnverð útgáfu: Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til við skipta 31. mars 2010 er 950.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 17.712.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

Skilmálar bréfanna: Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslu bréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 30. mars 2010.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

KOMIÐ ÚR KÓPAVOGI Fjölmenn ganga kemur úr Kópavoginum árið 1981. Gengið undir íslenskum fánum og slagorð til verkamanna höfð hátt á lofti.

Sagan býr í sporunum

Nú er hálf öld síðan fyrsta Keflavíkurgangan var farin til að mótmæla veru herliðs hér á landi. Af því tilefni verður opnuð sýning um sögu gangnanna í Þjóðarbókhlöðunni í dag á vegum Samtaka hernaðarandstæðinga.

KJARNORKUVÁIN Herstöð er skotmark. Þessir félagar í Æskulýðsfylkingunni hafa haft það slagorð í heiðri árið 1987.

Sumarið 1960 var fyrst gengið frá Keflavík til Reykjavíkur, til að mótmæla veru bandarísks herliðs hér á landi. Gangan var að erlendri fyrirmynd, en tveimur árum áður gengu breskir friðarsinnar frá Aldermaston til London, fjögurra daga leið.

„Þetta þótti mjög óvenjuleg aðgerð og til hennar var boðað með litlum fyrirvara. Sumum leist ekkert á uppátækið, en sættu sig þó við þetta af því svo vel gekk,“ segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga.

STEFÁN PÁLSSON

Fyrsta Keflavíkurgangan markar upphaf samfelldrar sögu hreyfinga gegn hernum. Síðar um sumarið var Þingvallafundur haldinn og þar voru Samtök hernámsandstæðinga stofnuð. Þau urðu að Samtökum herstöðvarandstæðinga árið 1972 og loks Samtökum hernaðarandstæðinga árið 2007.

Mikill hugur var í andstæðingum hersins í upphafi sjöunda áratugarins og aftur var lagt í hann frá Keflavík árið 1961. Árið eftir var gengið í Hvalfjörð, til að mótmæla herstöðinni þar, og aftur frá Keflavík 1964, 1965 og 1968. Sú ganga markaði ákveðin kaflaskil.

„Unga fólkið, ´68 kynslóðin, taldi þessa baráttuaðferð heldur gamaldags og fullþjóðernismiðaða. Eldra fólkinu stóð heldur ekki alveg á sama um baráttuhug hinna yngri og þetta er eina gangan þar sem sérstaklega var tekið fram að um friðsöm mótmæli væri að ræða. Þess þótti ekki þurfa í önnur skipti.“

Stefán segir að úr Keflavíkurgöngunum megi lesa pólitíska sögu þjóðarinnar. Skipuleggjendur hafi verið duglegir við að tengja göngunna hverju sinni við þau málefni sem voru efst á baugi.

FYRSTA GANGAN Sumarið 1960 var gengið frá Keflavík í fyrsta skipti til að mótmæla veru erlends hers hér á landi.

„Í upphafi var það Kanasjónvarpið, en mikil andstaða var gegn því. Þá var sterk tenging við landið, þjóðina og menninguna. Þegar leið á sjöunda áratuginn kom fram sterkari alþjóðleg tenging með vísan í hernaðinn í Víetnam.

Árið 1976 var haldin langfjölmennasta gangan, en þá beindist hún ekki síst gegn Bretum í miðju þorskastríðinu. Þá gengu menn undir slagorðum eins og „Burt með bresku Natófreigáturnar“. Árið 1978 var mikil efnahagstenging, en gangan var haldin í miðri vinstri sveiflu. Kjarnorkuógnin einkennir svo níunda áratuginn.

Úr göngunum má því lesa pólitískar áherslur nokkra áratuga.“

Stefán er ekki í vafa um mikilvægi gangnanna og bendir á hve sterkt þær lifa í vitund fólks. Þær hafi aðeins verið ellefu talsins, en fólki finnist þær hafa verið mun fleiri. „Andstaðan við herinn – og hvað tókst að halda hersetunni umdeildri – lýsir sér best í því að umsvif hersins urðu ekki meiri. Nató ákvað til dæmis að koma kafbátamiðstöð sinni frekar upp í Skotlandi en hér, þar sem hér gat brugðið til beggja vona varðandi stuðning við hersetuna.“

EKKI ÉG Heimdellingur kemur boðskap sínum á framfæri 1965.

Íþróttasíður í Morgunblaðinu 26. mars 2010

Íþróttasíðan í Fréttablaðinu 26. mars 2010

MOGGINN ER Í SIGURSÆTI

Þú færð það sem þú borgar fyrir!

Morgunblaðið og mbl.is bjóða lesendum sínum yfirgripsmiklar og ýtarlegar íþróttafréttir, innlendar og erlendar, og gera það með hraði.

Íþróttaáhugafólk: Vinsamlega berið saman umfjöllun um íþróttir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Það er engum blöðum um það að fletta hver hefur vinninginn.

ÍSLENSKA/SÍA.IS/MOR 49855 03/10

mbl.is

Morgunbladid

— *Meira fyrir lesendur*

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ávinningurinn af betri samningsstöðu í Icesave minnkar eftir því sem samningar dragast.

Biðin er dýr

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Seinkun um ár á stóriðjuframkvæmdum vegna þess að enn hafa ekki náðst samningar um Icesave getur haft í för með sér að landsframleiðsla dragist saman um fimmtíu milljarða næstu þrjú árin. Þetta er ein af niðurstöðum hagdeildar Alþýðusambandsins, sem að beiðni Fréttablaðsins reiknaði út hvað það kynni að kosta þjóðarbúið að Icesave-viðræðurnar drægjust enn á langinn.

Það hefur áhrif á lánstraust Íslands á heildina litið að málið skuli enn vera óleyst. Orkufyrirtækin, jafnt og önnur stór fyrirtæki í landinu, finna fyrir því. Fjármögnun stórra verkefna, sem munu auka hagvöxt og efla atvinnu í landinu, er ýmist ómöguleg eða afar dýr. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, eru þetta viðbrögð hins alþjóðlega fjármálamarkaðar við Icesave-deilunni.

Í tölum ASÍ er eingöngu horft á stóriðjuframkvæmdir vegna þess að þar eru stærðirnar nokkurn veginn þekktar og fyrir vikið hægt að meta áhrifin af því að Icesave-málið sé áfram upp í loft. Þar er ekki tekið tillit til þess hvað hærri vextir kosta þjóðina, framlenging gjaldeyrishaftanna eða hvað glatast vegna þess að erlendir fjárfestar í öðrum greinum en orkuvinnslu og stóriðju halda að sér höndum á meðan málið er enn óútkljáð.

Þjóðaratkvæðagreiðslan í byrjun mánaðarins hefur ekki haft þau áhrif, sem margir spáðu, að bæta stórlega samningsstöðu Íslands og knýja Breta og Hollendinga til að fallast á mun betri samning. Fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, eftir að forseti Íslands synjaði Icesave-lögunum staðfestingar, hafði töluverður árangur hins vegar náðst. Stjórnmálamenn í Bretlandi og Hollandi höfðu áhyggjur af að yfirgnæfandi nei í atkvæðagreiðslunni myndi hafa áhrif í öðrum Evrópulöndum, þar sem skattgreiðendur hafa einnig þurft að taka á sig miklar skuldbindingar vegna bankahrunsins. Viðsemjendurnir voru af þeim sökum reiðubúnir að setjast enn á ný að samningaborðinu og gera Íslandi betra tilboð um kjör á greiðslu Icesave-skuldarinnar. Það tilboð gæti falið í sér tuga milljarða króna minni vaxtakostnað en fyrri samningur.

Þess verður hins vegar ekki vart að niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni hafi haft nokkur áhrif á meðal almennings í öðrum ríkjum Evrópu. Og ávinningurinn, sem náðist fram við samningaborðið fyrir atkvæðagreiðslu, minnkar með hverri vikunni sem líður án þess að málinu sé lokið.

Lántökurnar vegna Icesave eru skattgreiðendum vissulega dýrar. Lántökur vegna hallarekstrar ríkissjóðs, endurfjármögnunar viðskiptabankanna og endurfjármögnunar Seðlabankans eftir bankahrun eru reyndar enn dýrari. Stjórnmálamenn geta hins vegar ekki leyft sér að horfa framhjá þeim gífurlega kostnaði, sem í því felst að málið sé áfram óleyst. Líkurnar á því að ná enn betri samningi fara dvínandi, enda finnst stjórnvöldum í Hollandi og Bretlandi þau ekki lengur vera undir neinum sérstökum þrýstingi.

Skynsamlegasta lausnin í stöðunni er að stjórnmálaflokkarnir taki höndum saman um að ljúka málinu á þeim nótum, sem rætt var um fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu – áður en sá ávinningur rýkur út í veður og vind.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Við viljum

H-lista í vor

Heiðarleika í stað spillingar

Halda flugvellinum og orkulindunum

Hafna óréttlæti fjórflokksins

Borgarmálafélag F-lista

FRÁ DEGI TIL DAGS

Við tölvuborðið

DV greindi frá því í gær að bandarísk yfirvöld hefðu látið gera leyniskýrslur um íslenska ráðamenn. Þær hafa nú lekið út. Einn af þeim sem fjallað er um er Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Össuri er ekki skemmt. „Það getur gefið mjög bjagaða mynd af viðfangsefninu þegar duttlungar einstaka stjórnarerindreka ráða því sem úr tölvuborði hrýtur," segir ráðherrann. Ef einhver þekkir á eigin skinni afleiðingar þess þegar duttlungar ráða för við tölvuborðið er það Össur.

Bjöguð mynd?

Það er skiljanlegt að Össur sé ekki sáttur við að eitthvert fólk úti í heimi taki saman skýrslu um hann. En kíkjum á nærmyndina sem dregin er upp af Össuri. Í stórum dráttum er hún þessi: Össur er vingjarnlegur, töfrandi þungavigtarmaður í pólitík, hliðhollur Bandaríkjunum en hikar ekki við að gagnrýna þau; getur verið dramatískur, er sveigjanlegur í öryggismálum en vill herlaust Ísland; Evrópusinni sem er óformlegur á fundum, virðir skoðanir annarra og kann ensku. Hversu bjöguð er þessi mynd af viðfangsefninu?

Gegn stjórnarsáttmálanum

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, er lítt hrifinn af fyrirhugaðri sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis við önnur ráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Í samtali við Pressuna sagði hann að Vinstri grænn legðust beinlínis gegn þeim hugmyndum. Nú er kveðið á um þessa sameiningu ráðuneyta í stjórnarsáttmála Samfylkingar og VG. Er eitthvað í þeim sáttmála sem VG leggst ekki gegn?

bergsteinn@frettabladid.is

Það vex sem að er hlúð

JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Uppbyggilegt viðhorf

Góð vinkona mín fór nýverið með barnabörnum sínum í sundlaugina á Álftanesi. Hún naut þess að synda í lauginni og vera í heita pottinum en þau höfðu meiri áhuga á rennibrautinni. Dóttursonur hennar, sem er mjög hændur að ömmu sinni, kom og spurði í samúðartón hvort hún þyrði ekki í brautina.

„Jú, jú!" sagði hún hressilega og dreif sig í tækið. Fimm ára sonardóttir hennar var á undan henni upp tröppurnar. Á miðri leið staldraði hún við, sneri sér að ömmu sinni og sagði ákveðin og uppörvandi: Núna ertu ekki lengur gömul, amma!"

Mér þótti dálítið gott hjá fulltrúa framtíðarinnar að tengja aldur við athafnir og dirfsku, en ekki fæðingarvottorð og hrukkur, þótt óvíst sé að hún eigi mörg skoðanasystkin. En þetta leiðir hugann að því hvað sinnið er öflugt stjórntæki og hvað það er oft á sjálfstýringu hjá okkur.

Hvað við eltum almenningsálit, látum atferli og skoðanir annarra koma okkur í uppnám, gerum veður út af hlutum sem engu máli skipta þegar til stykkisins kemur, og stöldrum ekki við hina ýmsu gleðiglampa í daglegu lífi. Lítum á þá sem sjálfsagðan hlut. Við tökum lífsins gæðum kannski fagnandi en verðum fljótt heimablind. Athyglin beinist að því sem við sækjumst eftir, ekki því sem við eigum og höfum. Þangað til við missum það. Þá fær það ofurvægi. Okkur finnst velgengni eðlilegt ástand, og skortur á henni andstreymi. En hvernig sem aðstæður eru, þá ræðst líðan okkar meira af eigin viðhorfi en ytri aðstæðum.

Óþörf umræða

Býsna mörgum er tíðrætt um það sem þeim mislíkar í fari fólks sem það að öðru leyti hefur mætur á. Oft er það ekki skapgerðarbrestur sem um er að ræða, heldur önnur nálgun á grundvallaratriðum, ólík viðbrögð við sömu hlutum, eða bara þrjóska og sérviska af einhverju tagi.

Pirringur þessarar gerðar er algengur á heimilum, í skólum, á vinnustöðum, í vinahópum, stjórnmálum og raunar hvar sem er. En ef við látum hátterni og upplag annarra skaprauna okkur er það auðvitað okkar val. Það erum við sjálf sem kjósum að láta lund þeirra koma okkur í uppnám.

Mesta virðing sem við getum sýnt öðrum, er að taka þeim eins og þeir eru. Og með því að beina athyglinni fyrst og fremst að kostum þeirra, líður okkur sjálfum betur. Við getum áfram haft skoðun á því sem er okkur ekki að skapi, en það er engum til gagns að dvelja við það. Síst af öllu þegar börn og unglingar eiga í hlut. Beri maður ábyrgð á þeim, þarf að vanda sig. Með því að fjasa og skammast í sífellu um hvað þau séu óþæg, vanþakklát, gangi illa um, læri ekki heima og brúki munn, gefur maður þessum eiginleikum líf og er sjálfur ekkert betri. Með því að beina athygli að því sem vel er gert, og best er í fari barnsins og unglingsins, eru meiri líkur á að það festi rætur og færist yfir á aðra þætti. Það vex sem að er hlúð, eins og skáldið frá Djúpalæk minnti okkur á, og það á auðvitað bæði við um það sem gott er, og hitt sem rífur niður. Þess vegna eigum við að hlúa að því sem eflir sjálfsvirðingu uppvaxandi kynslóðar á þann veg að hún sæki ekki styrk í álit annarra, heldur eigin barm. Sú innstæða ber vexti ævina á enda.

Snerti gleðistreng

Vorið er komið. Bjart fram á kvöld. Sólarbirta hér á suðvesturhorninu. Eldur streymir úr iðrum jarðar og minnir okkur á sögu landsins og mátt náttúrunnar.

Páskar um næstu helgi og eftirvænting í loftinu. Þjóðmálaáhuginn kominn í páskafrí. Er þetta ekki dálítið stórkostlegt?

Ljóð og kvæði liðinna alda sem Íslendingar hafa sungið mann fram af manni vitna um þann létti og hamingju sem fylgdi vorkomunni og sólinni, eftir langa og dimma vetur. Skáldin blessuðu sólina, birtuna og vorið.

„Sól og vor ég syng um, snerti gleðistreng," söng smaladrengurinn.

Eigum við ekki að ganga inn í vorið og sumarið með þennan gleðistreng í brjóstinu? Njóta þess að vera til, hvað sem öðru líður.

Tuttugu þúsund ársverk vinnast

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um Icesave og atvinnumál

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Atvinnuleysi er böl. Ég tek það því alvarlega þegar mér er borið á brýn að hafa stuðlað að auknu atvinnuleysi. Einmitt það gerir Magnús Orri Schram alþingismaður í skrifum sínum í Fréttablaðinu nýlega. Við sem stuðluðum að því að Icesave-samningarnir fóru inn í nýtt ferli, erum sögð hafa með frestun málalykta, valdið gríðarlegum kostnaði sem smám saman sé að koma í ljós: „Lægri laun, hærri vextir, miklu meiri niðurskurður, lægra gengi og a.m.k. 3.300 atvinnulausir er bara ein birtingarmynd þessa kostnaðar." Þetta fullyrðir Magnús Orri.

Hann vísar í staðhæfingar seðlabankastjóra og aðalhagfræðings SÍ um að málalyktir í Icesave hefðu þýtt framhald á „efnahagsáætlun stjórnvalda" en vegna tafanna sætum við uppi með „lægra gengi, lægri raunlaun, hærri vexti og enn meira aðhald í ríkisfjármálum". Þá frestuðust stórframkvæmdir og fyrir vikið myndi landsframleiðsla „lækka um fimm prósent og atvinnuleysi yrði tveimur prósentum meira". Þar eru komnir einstaklingarnir 3.300 sem fyrr er getið. Eitthvað vantar í þennan málatilbúnað. Í fyrsta lagi skortir á að sýnt sé fram á að stóriðjuframkvæmdir séu háðar lausn Icesave-deilunnar. Í öðru lagi hafa langtíma áhrif stóriðju á atvinnulífið reynst neikvæðari en hér er látið í veðri vaka. Í þriðja lagi skal á það bent að peningamarkaðir virðast vera að opnast óháð lyktum Icesave. Í fjórða lagi hefur seinkunin valdið því að bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og ríkisstjórn Íslands hafa endurmetið stærðargráðu gjaldeyrisforðans en það endurmat hefur sparað okkur ófáa milljarða í vaxtagreiðslur. Síðan er það sjálfur samningurinn.

Nú er ekki gengið út frá öðru en að Íslendingar borgi ekki meira en nemur tilkostnaði lánardrottnanna. Það eitt gæti sparað okkur um eitt hundrað milljarða! Þar með vinnast tuttugu þúsund ársverk. Það munar um minna.

Það hlýtur að vera undarleg tilfinning fyrir samninganefnd Íslands að horfa til baklands sem lítur á það sem meira mál að ná einhverjum samningum en góðum samningum.

Höfundur er alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÖRÞUNNT **LCD** MEÐ **LED** OG **AMBILIGHT**

GEFUR AUKNA SKERPU OG SKÝRLEIKA ÁSAMT BAKLÝSINGU

Philips 40PFL8664H
40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, Ambilight baklýsingu, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, 4x HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

Pixel Precise HD · LED · Full HD 1080p · 100Hz LCD 3ms · HD Natural Motion · Incredible Surround · Network LINK dlna · NetTV · CI+

TILBOÐ
349.995
FULLT VERÐ 439.995

PHILIPS **Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Alhliða vélaviðgerðir





✓ Endurbyggjum hedd
✓ Endurbyggjum vélar
✓ Útvegum varahluti í flestar vélategundir
✓ Slípum sveifarása
✓ Rennum ventla og sæti
✓ Og margt fleira

Sækjum og sendum

Egill þjónustuverkstæði
Miðhrauni 2, 210 Garðabæ.
Sími: 554 4445, fax: 554 4476.
Veffang: www.egill.is Netfang: egill@egill.is

EGILL

Lögreglukórinn

UMRÆÐAN
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um forvirkar rannsóknarheimildir

VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Fjölmiðlar hafa að undanförnu fjallað gagnrýnislaust um nauðsyn þess að lögreglan fái auknar rannsóknarheimildir til þess að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Hugtakið forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu virðist vera samheiti yfir athafnir sem heimila lögreglu að hafa borgarana undir eftirliti og skerða þannig grundvallarmannréttindi þeirra án þess að þeir sem sæta eftirlitinu hafi réttarstöðu grunaðs manns í sérstöku sakamáli. Af framangreindri umfjöllun fjölmiðla má ráða að lögreglu sé almennt vel treystandi til að fara með slíkar rannsóknarheimildir lögum samkvæmt. Svo er ekki.

Ólögmætt eftirlit

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5194/2008 var íslenska ríkið dæmt til greiða einstaklingi skaðabætur vegna ólögmætrar notkunar á eftirfararbúnaði. Íslenska ríkið sótti um leyfi til að áfrýja málinu en því synjaði Hæstiréttur. Áður hafði Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bæri að láta af þeirri aðgerð að fylgjast með bifreið viðkomandi með eftirfararbúnaði, sbr. Hrd. í máli nr. 38/2008. Sú niðurstaða héraðsdóms að rannsóknaraðgerð Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi verið ólögmæt og brotið gegn friðhelgi einkalífs viðkomandi stendur því óhöggguð.

Þegar leitin var yfirstaðin hafði lögreglan sambandi við leigjanda íbúðarinnar og bað hann að hitta lögreglu á bensínstöð við Miklubraut þar sem leigjandanum var tilkynnt um leitina á heimili hans og afhentir nýir lyklar að íbúðinni.

Íslenska ríkið og lögregluyfirvöld viðurkenna að eftirfararbúnaður hafi verið notaður lengi við rannsókn sakamála á Íslandi eða a.m.k. frá árinu 1999. Búnaðurinn var því notaður ólöglega við rannsókn sakamála í að a.m.k. tíu ár, en notkuninni var veitt lagastoð 1. janúar 2009. Eftir því sem næst verður komist hafa mest verið til þrjú eintök af eftirfararbúnaðinum sem hafa verið í stanslausri notkun. Það verður því að telja að þeir aðilar sem búnaðinum var beitt gegn með ólögmætum hætti skipti tugum ef ekki hundruðum. Aðeins einn þessara manna hefur fengið tjón sitt bætt.

Ástæðan fyrir því að aðrir hafa ekki leitað réttar síns er sú að þeim er ekki kunnugt um að lögreglan hafi beitt þá ólögmætum rannsóknaraðgerðum, en þeim sem eftirfararbúnaðinum var beint gegn var ekki tilkynnt um rannsóknaraðgerðina þegar hún var yfirstaðin eins og lögreglu ber að gera samkvæmt grunnreglum sakamálaréttarfars.

Húsleit án heimildar

Um miðjan dag í september 2009 braust Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu inn í íbúð í fjölbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu og framkvæmdi þar leit án þess að til grundvallar lægi dómsúrskurður sem heimilaði leitina. Rök lögreglunnar fyrir húsleitinni voru þau að heyra hefði mátt tónlist úr íbúðinni, en það væri þekkt aðferð fíkniefnaræktenda að spila tónlist á meðan ræktun færi fram. Lögreglan gerði enga tilraun til þess að hafa samband við eiganda eða leigjanda íbúðarinnar áður en húsleitin var framkvæmd eins og lögreglu bar að gera lögum samkvæmt. Ekkert saknæmt fannst við húsleit lögreglu og leitin var ekki framkvæmd í þágu rannsóknar á sérstöku sakamáli þar sem leigjandi eða eigandi íbúðarinnar var með réttarstöðu grunaðs manns.

Þegar leitin var yfirstaðin hafði lögreglan samband við leigjanda íbúðarinnar og bað hann að hitta lögreglu á bensínstöð við Miklubraut þar sem leigjandanum var tilkynnt um leitina á heimili hans og afhentir nýir lyklar að íbúðinni.

Fjölmiðlar í húsleit

Snemma á síðasta ári framkvæmdi Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu húsleit á heimili barnafjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu. Húsleitin var framkvæmd á meðan að húsráðendur voru í frí í útlöndum. Að frumkvæði lögreglu voru fjölmiðlamenn frá einum ljósvakamiðlanna viðstaddir húsleitina. Lögreglan veitti þeim aðgang að heimili fjölskyldunnar þar sem frétta- og kvikmyndatökumaður viðkomandi fjölmiðils athöfnuðu sig að vild. Ekkert saknæmt fannst við húsleit lögreglu og var sakamálið sem var grundvöllur húsleitarinnar fellt niður. Fjölskyldan hafði því ekkert sér til sakar unnið.

Öðru máli gegnir um Lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu sem gerðist sekur um margvísleg lögbrot gagnvart fjölskyldunni, s.s. brot gegn friðhelgi einkalífs, þagnarskyldu, meðalhófsreglu og reglum um réttláta málsmeðferð, með því að tilkynna fjölmiðlum um húsleitina og gefa þeim kost á að vera þátttakendur í leitinni.

Benjamin Franklin sagði: Sá sem er reiðubúinn að fórna frelsinu fyrir öryggi á hvorugt skilið og mun á endanum tapa hvort tveggja. Af framangreindum dæmum og þeirri einhliða umræðu sem ríkir á Íslandi um ofangreind málefni, jafnt af hálfu fjölmiðlamanna sem stjórnmálamanna, er ljóst að aðvörunarorð bandaríska stjórnspekingsins eiga jafn vel við í dag og þegar þau féllu fyrst.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

GOTT Í PÁSKAMATINN
– Þú finnur fjölda girnilegra uppskrifta á www.gottimatinn.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR, Aldrei fór ég suður, verður haldin á Ísafirði um páskana eins og undanfarin ár. KNH verktakar hafa lánað húsnæði sitt undir hátíðina líkt og í fyrra. Ekki er komið á hreint hvaða hljómsveitir spila á hvaða degi en það verður ljóst á næstu dögum. Hægt er að fylgjast með á www.aldrei.is.

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp

Fjölbreytt úrval

Opið virka daga frá kl. 9 - 18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

„Ég heyrði eitt sinn að menn sem missa annan fótinn fyrir ofan hné eyði allt að 70 prósentum meiri orku en þeir sem eru með báða fætur í lagi," segir Davíð, sem lætur það ekki slá sig út af laginu og stundar ræktina af kappi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lærði að ganga á ný

Davíð Jónsson greindist með beinkrabbamein í hægri sköflungi sem lauk með því að fjarlæga þurfti fótinn fyrir ofan hné. Með mikilli eljusemi náði hann sér á strik og hefur aldrei verið í betra formi.

Davíð Jónsson, 22 ára, greindist með beinkrabbamein í hægra sköflungsbeini fyrir nokkrum árum. Í kjölfarið fór hann í átta mánaða lyfjameðferð en í henni miðri varð að fjarlægja fótinn fyrir ofan hné vegna útbreiðslu meinsins. Davíð segir aflimunina hafa verið mikið áfall og hafi lyfjameðferðin og sjúkraþjálfunin reynt á.

„Ég var þarna á þriðja ári í Kvennó og þurfti að sleppa heilmiklu úr skóla. Þetta umturnaði náttúrulega öllu. Meðferðin hófst í nóvember 2005 og lauk í júní 2006 en ég svaraði henni til allrar hamingju vel. Síðan fór ég í sjúkraþjálfun um sumarið, allt að tíu sinnum í viku þar sem ég lærði að ganga upp á nýtt. Ég hef því tvisvar sinnum lært að ganga," segir Davíð.

Hann segist hafa beitt sig miklum aga til að ná sér á strik á skömmum tíma. „Ég varð staðráðinn í að komast í betra form en ég hafði verið í á tveimur fótum. Ég fór því að prófa hitt og þetta til að sjá hvað mér þætti gaman að gera, meðal annars lyftingar, frjálsar íþróttir og hlaup og hafði við höndina viðeigandi stoðtæki frá Össuri," útskýrir hann og bætir við að lyftingarnar hafi orðið fyrir valinu.

Óhætt er að segja að Davíð hafi náð markmiði sínu. Hann kveðst aldrei hafa verið í betra formi en nú og til marks um það gekk hann tvisvar sinnum upp Esjuna á síðasta ári og á sínum gervifætinum í hvort sinn. „Maður verður eiginlega að vera í betra formi á einum fæti, þar sem álagið er miklu meira á bakið og mjöðmina. Eins má maður ekki sveiflast í þyngd þar sem hætt er við að hulsan sem er sérhönnuð utan um fót hvers og eins passi þá verr á hann. Þess vegna hreyfi ég mig mikið og huga vel að kílóunum."

Davíð er nú á fyrsta ári í vélaverkfræði við Háskóla Íslands og starfar við prófanir hjá Össuri stoðtækni. Hann segist vera sáttur við lífið og tilveruna og þakkar meðal annars viljastyrk þann árangur sem hann hefur náð en mælir með því að fólk fái góða hjálp. „Ég var kannski helst til mikið að gera þetta einn en mæli ekkert sérstaklega með því þótt það hafi gengið hjá mér."

roald@frettabladid.is

HEYRN

Ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?

* Tal fólks í margmenni
* Hjal smábarns
* Marr í snjónum

GRÍPTU TIL ÞINNA RÁÐA

Láttu sérmenntaðan heyrnarfræðing mæla heyrnina og fáðu faglega ráðgjöf.

ReSound rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur www.heyrn.is

Tímapantanir 534 9600

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

Landsins mesta úrval af sófasettum

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

;ALLT

Á FERÐINNI

Miðvikudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HEILSA

FRJÁLS.IS er nýr vefur fyrir fagfólk, einkum á heilbrigðissviði. Á vefnum er að finna fræðilegt efni um lífsstílsbreytingar og hagnýt ráð um hvernig gott er að bera sig að í daglegu starfi þegar ræða á um lífsstílsbreytingar við skjólstæðinga.

ICE LOGIC
Nýja línan frá SNAIGÉ



Gerð RF-32
HxBxD 176x60x62

Kælihluti
233 ltr.

Frystir
54 ltr.

Hvítur 119.900 Stál 139.900

Kæliskápar með eða án frystis, frystiskápar, alls 20 gerðir.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Ný handbók um mataræði í framhaldsskólum hefur verið gefin út. Áhersla er lögð á matarframboð í skólunum og tillögur að uppröðun á vörunum.

www.lydheilsustod.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Torfi H. Leifsson hlaupari heldur úti heimasíðunni hlaup.is þar sem er meðal annars að finna leiðbeiningar fyrir byrjendur.

Fastur tími fyrir æfingar

Með hækkandi sól og hlýrra veðri fá margir fiðring í hlaupatærnar. Útihlaup eru góð líkamsrækt en áður en rokið er af stað er að nokkru að huga svo forðast megi meiðsl.

„Aðalatriðið er að vera á góðum skóm þegar farið er út að hlaupa og ekki skynsamlegt að horfa í aurinn þegar kemur að vali á hlaupaskóm," segir Torfi H. Leifsson, hlaupari og umsjónarmaður vefsíðunnar hlaup.is. Hann hvetur fólk einnig til að fara varlega af stað ef það hefur ekki hreyft sig mikið áður.

„Fólk drífur sig oft út þegar áhuginn vaknar, því líður svo vel að það ætlar að ná sér í form á örskömmum tíma. Það getur hins vegar endað með beinhimnubólgu, eymslum í hnjám og mjöðmum eða meiðslum. Það tekur líkamann tíma að aðlagast nýrri hreyfingu."

Á heimasíðunni hlaup.is sem Torfi hefur haldið úti í fjórtán ár, hefur hann safnað saman fróðleik og upplýsingum fyrir hlaupara. Þar er meðal annars að finna æfingaplan fyrir byrjendur sem byggir á æfingum þrisvar til fjórum sinnum í viku. Í upphafi á að ganga í nokkrar mínútur og hlaupa í færri mínútur, smám saman verða hlaupamínúturnar fleiri þar til viðkomandi hleypur allan tímann, eða samfleytt í 30 mínútur.

„Það geta allflestir stundað hlaup, hvort sem markmiðið er að taka þátt í almenningshlaupum eða hugsa hlaupin sem almenna hreyfingu," segir Torfi. „Sniðugt er fyrir byrjendur að fara í skokkhóp. Þeir eru starfræktir víða og á síðunni er að finna lista yfir slíka hópa. Þá er kominn ákveðinn tími í viku fyrir æfingarnar og aðgangur að leiðbeiningum þjálfara. Svo er gott að hafa félagsskapinn þegar fólk er að byrja."

Torfi segir sérhannaðan hlaupafatnað ekki nauðsynlegan til að byrja með. Æfingabuxur, bolur og vindjakki dugi vel en þó verði skórnir að vera vandaðir. Ef fólk finnur fyrir beinhimnubólgu ráðleggur Torfi að hlaupa á mýkra undirlagi en malbiki, til dæmis malareða moldarstígum eða á grasinu.

Sjálfur hefur Torfi hlaupið í mörg ár en auk þess að halda úti upplýsingavefnum stendur hann fyrir námskeiðum í útihlaupum bæði í Reykjavík og á Akureyri og á döfinni eru einnig námskeið á Austurlandi.

„Ég byrjaði í fyrrasumar með hlaupanámskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þar fer ég yfir æfingaplön, búnað og mataræði svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðin eru yfirleitt tvö kvöld og einn verklegur tími í Laugardalnum. Þátttakan hefur verið mjög góð en næstu námskeið eru ráðgerð í apríl og maí og áfram framéftir sumri."

Skráning á námskeiðin fer fram á www.hlaup.is. *heida@frettablaidid.is*

Óskum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra páska.

Starfsfólk Maður lifandi

maður lifandi
Borgartúni 24 105 Reykjavík
Hæðasmára 6 201 Kópavogi
Hafnarborg 220 Hafnarfjörður

Opið virka daga kl. 10-20 | Laugardaga kl. 10-17 www.madurlifandi.is

System belti herra / dömu
kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar
kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar
kr. 34.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **31. mars** kl. 15-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

LOVE IN OUR HEARTS ENERGY IN OUR HANDS
Shamballa ™

Shamballa MDH©
GRUNN NÁMSKEIÐ

1. og 2. apríl 2010 í Mosfellsbæ

Lærðu að elska og heila sjálfan þig.

Lilja Petra Ásgeirsdóttir
Erlendur Magnús Magnússon
shamballa mdh meistarar

Upplýsingar hjá
Lilju Petru s:6990858

www.hamingjulindin.is
www.puls.is

Gömul frétt og ný

Hægt er að verða háður hitaeiningum rétt eins og nikótíni og kókaíni, segir í nýrri bandarískri rannsókn. Þetta mátti lesa á danska fréttavefnum Berlingske tidende í gær.

Rannsóknin var gerð af stofnuninni The Scripps Research í Flórída og sýndu niðurstöður hennar fram á að líkaminn getur orðið háður stórum skömmtum af hitaeiningum. Sykurneysla losar efni í heilanum sem veita vellíðan en sömu heilastöðvar örvast til dæmis við fíkniefnaneyslu.

Ekki var þó hægt að svara spurningunni af hverju sumir verða háðir efnum eða hitaeiningum en aðrir ekki, en til að minnka líkurnar á að verða háður hitaeiningum átti meðal annars að: Halda sig frá hitaeiningum, borða hollan og fjölbreyttan mat og fylgjast með líkamsþyngdinni.

Sælgætið getur verið varhugavert.

www.berlingske.dk

Gjafaegg vantar fyrir barnlausa

Á Alþingi bíður nú afgreiðslu frumvarp sem gerir einhleypum konum með skerta frjósemi heimilt að nota gjafaeggfrumu við glasafrjóvgun, en sá hópur hefur staðið utan þess sjálfsagða réttar að eignast barn. Til þess að mæta þeirri þörf þurfa fleiri íslenskar konur að gefa egg.

„Ein af frumþörfum mannsins er að eignast barn, og eins og aðrar hafa einhleypar konur í frjósemisvanda mikla þrá til barneigna. Langflestar vilja eignast barn í fjölskyldu og bíða eins lengi og þær geta til að hitta sinn eina rétta, en bíða kannski til 35 til 38 ára og þá hefur frjósemin minnkað það mikið hjá sumum að egg þeirra eru uppurin," segir Guðmundur Arason kvensjúkdóma- og fæðingalæknir í tæknifrjóvgunarstofunni Art Medica. Hann segir fagnaðarefni verði frumvarpið samþykkt því barneignir séu sjálfsögð mannréttindi og auki lífsgæði, ekki síst þegar þrengra er orðið um ættleiðingar en einhleypar konur fá ekki að ættleiða barn.

„Þetta mundi breyta öllu fyrir einhleypar konur því í dag kveða lög á um að önnur kynfruman verði að koma frá foreldri barnsins. Í dag geta því eingöngu konur í sambúð sem árangurslaust hafa reynt að eignast barn með manni sínum fengið gjafaegg sem frjóvgað er með sáðfrumu mannsins."

Guðmundur segir gjafaegg koma frá íslenskum konum, en fleiri eggjafa þurfi til að anna eftirspurn.

„Biðlistinn er langur og okkur bráðvantar egg fyrir konur sem ekki hafa allar tímann fyrir sér. Hins vegar getur 38 ára gömul kona sem þarfnast gjafaeggs verið róleg því legið verður ekki gamalt líkt og egg hennar og góðar líkur á að hún verði ófrísk þótt áfram líði einhver ár."

Að sögn Guðmundar geta allar konur á aldrinum 22ja til 35 ára gefið egg, séu þær hraustar, lausar við vímugjafa og ekki með ættgenga sjúkdóma sem erfast beint.

„Egggjafi gengst undir blóðprufu til að hægt sé að skoða vel hormónabúskap, fyllir út spurningalista og fer yfir stöðuna með félagsráðgjafa, en við viljum ekki að fólk komi til þess eins að hagnast á þessu," segir Guðmundur og vísar til óþægindagjalds sem egggjafi hlýtur að launum og er um 75 til 100 þúsund krónur fyrir skiptið, en eggheimtan sjálf er tiltölulega einföld.

„Eftir skoðun, blóðprufur og bakteríuræktun úr leggöngum örvum við eggjastokkana og tökum egg þegar þau eru orðin þroskuð. Þetta er um tíu mínútna aðgerð, en eggin þarf að frjóvga innan sólarhrings. Árangur er mjög mikill og 65 prósenta líkur á að kona verði ófrísk eftir fyrstu frjóvgun, en stór hluti frjósemisvanda kvenna er einmitt eggin og með því að fá ferskt egg er vandamálið yfirleitt úr sögunni."

Guðmundur Arason er kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir í Art Medica þar sem biðlisti er langur eftir gjafaeggjum og vantar fleiri egggjafa sem fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðmundur segir rannsóknir sýna að konur sem þiggi gjafaegg tengist barni sínu sterkum böndum eftir að hafa borið það undir belti í níu mánuði. Þá séu hverfandi líkur á að gjafinn þekki sitt eigið genamengi í útliti barns seinna meir, en lögum samkvæmt verður kona óábyrg fyrir vandkvæðum sem seinna gætu komið upp eftir að eggfruma er tekin úr líkama hennar.

„Við frjóvgum ekki nema eina til tvær íslenskar konur með eggjum frá sama gjafanum, og vilji kona fara í eggheimtu aftur er þess gætt að þau séu frjóvguð handa konum á erlendri grund. Þannig skapast ekki meiri hætta á að systkini hittist, með tilheyrandi áhættu seinna meir, en gerist og gengur með rangfeðrun í dag."

Guðmundur segir klárlega gripið fram fyrir hendur náttúrunnar með eggheimtu og glasafrjóvgun, en það sé löngu samþykkt og úrval náttúrunnar sé löngu hætt. „Við hjálpum konum, sem annars myndu ekki eignast barn, að verða mæður. Með keisaraskurði tökum við líka fram fyrir hendur náttúrunnar, því áður dóu konur með þrönga grind af barnsförum því þær gátu ekki fætt. Eins er með karlmenn með mjög lágt sæðishlutfall; þeir voru barnlausir áður og mundu ekki eignast börn í dag nema með tæknisæðingu."

Að sögn Guðmundar kjósa æ fleiri gjafar að taka fram hverjir þeir séu, öfugt við það sem áður var.

„Ég held að í því felist aukinn skilningur á þörf mannsins til að vita um sinn uppruna. Gjafar verða alltaf óþekktir gagnvart þega sínum, en þegar barn nær átján ára aldri getur það fengið upplýsingar um hver gjafinn var, ef gjafinn gaf sem þekktur gjafi. Þar með er ekki sagt að það ætli að banka upp á, heldur kannski bara að vita hver hann er, og það þykir æ fleirum sjálfsagt."

thordis@frettabladid.is

CURAPROX
SWISS PREMIUM ORAL CARE

Hefurðu prófað mjúka tannburstann með mörgu hárunum?

"Reynslan hefur kennt mér að mýkri og fleiri hár bursta tennurnar betur. Mjúki, ultrasoft tannburstinn, CURAPROX® CS 5460 hefur yfir 5000 hár á haganlegum haus, svo ná megi aftur fyrir öftustu jaxla. Curasept munnskolið er í sérflokki. Það er milt á bragðið og litar ekki tennur."

Hrafnhildur Pétursdóttir *Tannfræðingur mælir með CURADEN vörunum.*

- Áhrifaríkur
- Hlífir tannholdi
- Viðurkennd gæði

CURAPROX® hittir beint í mark

Curaden (www.curaden.ch) vörurnar fást í apótekum.

Dreifing á Íslandi: Neskortes ehf, neskortes@simnet.is, sími: 698 1594, 555 2781, 892 2708.

Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar

Úrval af stuðningshlífum og spelkum fyrir ökkla.

Góðar lausnir fyrir þá sem hafa tognað eða eru með óstöðugan ökkla.

- Veita einstakan stuðning
- Góð öndun
- Henta vel til íþróttaiðkunar

BAUERFEIND

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Opið virka daga frá kl. 9 - 18

BÓKAMARKAÐUR Félags íslenskra bókaútgefenda var opnaður á Akureyri í síðustu viku við Dalsbraut. Markaðurinn verður opinn frá 11 til 18 alla daga til og með 6. apríl, að frátöldum föstudeginum langa og páskadegi, þá verður lokað.

Hátt hlutfall nema fjallar um Akureyri og nágrenni

Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur vinnur að því að sameina allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í sambandi við Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið frá árunum 2000-2009. Margt kom á óvart.

Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur hefur síðastliðna fimm mánuði unnið að viðamiklu rannsóknarverkefni á vegum Akureyrarstofu og Akureyrar Akademíunnar. Verkefnið felur í sér að sameina allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í sambandi við Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið frá árunum 2000-2009. Samtals eru þetta hátt í 900 færslur og segir Margrét margt hafa komið á óvart í ferlinu.

„Það er virkilega hátt hlutfall nemenda við Háskólann á Akureyri sem velur sér svæðið sem rannsóknarverkefni í lokaritgerðum, eða rúm 25 prósent," segir Margrét. „Stúdentar virðast velja sér umfjöllunarefni frá nærsvæðinu." Háskólar á höfuðborgarsvæðinu sýni þessu svæði lítinn áhuga. Hún tekur fram að lokaritgerðir nemenda Háskólans í Reykjavík séu ekki birtar í gagnagrunnum landsins, svo ekki sé vitað hvernig staðan er þar.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að kanna og kortleggja umfang og eðli rannsókna sem tengjast svæðinu, en einnig til að sýna fram á þýðingu og notagildi þeirra. „Það er nauðsynlegt að hvetja til gagnrýninnar umræðu um stöðu rannsókna á þessum svæðum," segir Margrét. „Útlistun á greinunum verður svo komið fyrir í sameiginlegum gagnagrunni sem verður opinn öllum."

Margrét tekur saman rannsóknir sem gerðar hafa verið á svæðinu. MYND/SV

Málaflokkar greinanna eru margir og eru rannsóknir í menntamálum langflestar. Heilbrigðismál og saga koma næst. „Símenntun og fullorðinsfræðsla virðist vera algjörlega ókannað svið á þessu svæði. Það kemur á óvart vegna þess að Akureyri er mikill símenntunarbær og hafa þessi mál mikið upp á að bjóða fyrir fræðimenn," segir hún.

Rannsóknin sýndi einnig fram á mikinn kynbundinn mun í vali á viðfangsefnum. Konur áttu til dæmis 95 prósent í rannsóknum varðandi útlendinga í Eyjafirði og 90 prósent af heilbrigðismálum. Karlar áttu allar birtingar sem varða fólksfjölda og 81 prósent af rannsóknum á sögusviðinu.

Margrét segir að þetta verkefni sé mikilvægt til þess að sýna fram á hvað hefur verið rannsakað á Akureyrarsvæðinu, en ekki síður til þess að sjá hvar skortur er á rannsóknum. Sem sagnfræðingur sér hún mikla möguleika í rannsóknum á sögu svæðisins en einnig mikilvægi þess að miðla þessari miklu þekkingu sem safnast hefur í gegnum þessi tæplega þúsund rannsóknarverkefni. - SV

Íbúar á Akureyri voru 17.522 talsins 1. desember 2008. Bæjarland Akureyrar er um 125 ferkílómetrar. Opið var í Hlíðarfjalli 153 daga veturinn 2008-2009. Heildarfjöldi gesta var 76.048 og fóru þeir 571.877 ferðir í lyfturnar.

www.akureyri.is

Mikið úrval af flottum skóm á alla fjölskylduna

Komdu við og skoðaðu úrvalið í stærstu og fjölbreyttustu skóbúð landsins

MÖSSUBÚÐ -skór í massavís

Glerártorgi - sími 461 3322

www.facebook.com/mossubud



Freyvangsleikhúsið

Dýrin í Hálsaskógi

-í leikstjórn Ingunnar Jensdóttur

Frábærir leikdómar:

„Ég verð að viðurkenna að það kom mér algjörlega í opna skjöldu að setjast inn í samkomuhús út í sveit og láta hóp áhugaleikara kippa mér aftur um hálfa öld. Upplifunin var slík að allar þær fjölmörgu uppfærslur af þessu leikriti Torbjörn Egners sem ég hef sótt bæði á Íslandi og erlendis hurfu í skuggann nema þessi eina sanna sem ég nefndi hér í upphafi."
– Ágúst Þór Árnason, Vikudagur.

GREIFINN · BÍLALEIGA AKUREYRAR Europcar · DAGSKRÁIN.IS · Bústólpi · EYJAFJARÐARSVEIT

Tryggðu þér miða á frábæra skemmtun fyrir alla fjölskylduna.
Nánari upplýsingar á www.freyvangur.net

Grænn hatturinn – við elskum tónlist

GLÆSILEG TÓNLEIKADAGSKRÁ ALLA PÁSKAHELGINA
.....og vel það.

Þriðjudagur 30. mars **A BAND ON STAGE** Tónleikar kl. 21.00	Miðvikudagur 31. mars **HVANNDALSBRÆÐUR** Tónleikar kl.22.00
Fimmtudagur 1. apríl **HJÁLMAR** Tónleikar kl. 22.00	Föstudagurinn langi 2. apríl **GUNNAR ÞÓRÐARSON OG VINIR** Tónleikar kl. 20.00 og kl. 23.00
Laugardagur 3. apríl **SKRIÐJÖKLARNIR** Tónleikar kl. 22.00	Páskadagur 4. apríl **KILLER QUEEN** Tónleikar kl. 20.00 og kl. 23.00

Forsala á alla viðburðina er í Eymundsson Akureyri.
Húsið opnað klukkustund fyrir tónleika.

GRÆNI HATTURINN - HAFNARSTRÆTI 96 - AKUREYRI 461 - 4646 864 5758

www.naturalis.is

Komdu í fjallgöngu með Naturalis um páskana.
Á Föstudaginn langa verður ferð á Strýtu sem er í Vindheimajökli vestan Akureyrar. Gengið verður upp Hlíðarhrygg yfir Blátind og Bungu og þaðan yfir á Strýtu. Leiðin til baka verður um Vindheimajökul og niður Mannshrygg. Lagt verður af stað frá Skíðastöðum í Hlíðarfjalli kl. 8:00 að morgni föstudagsins langa. Komdu í fjallgöngu um páskana með öruggri leiðsögn.
Nánari upplýsingar og skráning er á vefnum: www.naturalis.is eða í síma 822 7900

Fjallganga á Strýtu (1460m) um Páskana.

Naturalis fjallaleiðsögn

páskar

ÞRIÐJUDAGUR 30. MARS 2010

Útivist og afþreying

Margt er í boði fyrir þá sem vilja bregða undir sig betri fætinum um páskana.

SÍÐA 6



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ

GLEÐJUM FERMINGARBÖRNIN!

SAMSUNG · DVDP191

SAMSUNG DVD SPILARI
Lítill og nettur og spilar öll svæði
Fermingartilboð: 16.900,-

SHARP
SHARP · XL-DH20NH
i-Pod vagga
FRÁBÆR HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð: 36.900,-
(LISTAVERÐ: 48.900,-)

Nintendo Wii
SPORT RESORTS OG MOTION+ FYLGIR SVARTRI Wii
Wii -LEIKJATÖLVAN HEFUR SLEGIÐ ÖLL SÖLUMET Verð kr: 54.900,-

CASIO
CASIO · EX-Z2
MJÖG FLOTTAR MYNDAVÉLAR
12.1 Megapixla · 3x aðdráttarlinsa
Fermingartilboð: 24.900,-
(LISTAVERÐ: 29.900,-)

ORMSSON
// SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 BT · SMÁRALIND · SÍMI 550 4444 Sjá nánar á www.ormsson.is // VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

MÁLNINGALAGERINN
- ÞAÐ ER FLOTT AÐ SPARA

10. LÍTRA
KR. ~~5.998,-~~
KR. 3.990,-
SPARAR KR. 2.000,-
WWW.MALNINGALAGERINN.IS
SÍÐUMÚLI 34 - SÍMI: 517-1500

Englaterta
að hætti Jóa Fel
- þú svífur um í súkkulaðiskýji
Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

● VERÐLAUN FYRIR ÞÆG BÖRN Páskahérinn er tengdur páskum víða um heim. Þessi furðupersóna birtist með körfu fulla af lituðum eggjum og felur í görðum fyrir börnum sem hafa verið prúð og góð. Að morgni páskadags fara þau út í garð að leita eggjanna. Hérinn er talinn vera þýskur að uppruna og líklegt að sagan um hann og eggjatínsluna hafi borist með þýskum landnemum til Bandaríkjanna. Nú hefur eggjatínslan reyndar þróast í þá átt að í körfu páskahérans eru ekki aðeins egg heldur súkkulaði og annað gotterí.

● KRIMMAR OG MARSIPAN Norðmenn halda líkt og Íslendingar upp á páska með pompi og prakt. Margir eiga sinn eigin fjallakofa, bregða sér á skíði og efna jafnvel til skíðakeppni innan fjölskyldunnar. Þá eru reyfarar órjúfanlegur hluti páskanna, fólk bæði horfir á slíka í sjónvarpinu og les sér til dægrastyttingar. Egg eru jafn mikilvægur hluti af páskunum í augum Norðmanna og Íslendinga, en frændur vorir hafa hins vegar fyrir sið að útbúa pappaegg fyllt með alls kyns góðgæti, einna helst súkkulaði og marsipani.

„Ég reyni að sökkva mér niður í vísnagerðina og er þá ekkert viðræðuhæfur á meðan," segir Þorgrímur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Yrkir um leið að eggjunum

Sumir eru frumlegri en aðrir þegar að því kemur að útdeila páskaeggjum. Þorgrímur Björnsson, starfsmaður hjá Skyggni, setur upp ratleik fyrir sín börn og hefur vísbendingarnar allar í bundnu máli.

„Við búum í frekar lítilli íbúð og þá eru felustaðir svolítið vandamál. Ég læt stundum elstu strákana hlaupa um alla blokkina til að leita að sínum eggjum, það er að segja þann hluta sem við höfum aðgang að. Jafnvel út í garð," segir Þorgrímur sem býr í fjölbýlishúsi með konu og fjórum börnum á aldrinum tíu til tuttugu og eins árs. Fyrir hverja páska yrkir hann ljóð sem vísar hverjum krakka leið að egginu sínu. „Þetta eru svona fjórar til fimm vísur á haus. Fyrsta vísan er vísbending um þá næstu og svo koll af kolli. Ég reyni að láta krakkana hlaupa hvert í sína áttina þegar þeir byrja, hef hverja vísu merkta og reglan er sú að ef einhver rekst á vísu sem annar á, þá má hann hvorki orða hana né hreyfa. Enginn má heldur byrja á sínu eggi fyrr en öll eru fundin."

Þorgrímur kveðst hafa byrjað ratleikinn fyrir þrettán árum. Þá tók hann myndir af leiðinni að eggjunum og breytti þeim í óreglulegar blýantsteikningar í tölvunni. „Svo fór ég að skrifa léttar vísbendingar og síðan 2003 hafa þær verið í vísuformi," lýsir hann. Þorgrímur segir kveðskapinn oft byggjast á einhverju sem sé að gerast í fjölskyldunni eða áhugamálum krakkanna. Þótt þau séu komin yfir tvítugt hafi þau enn gaman af leiknum. „Elsti strákurinn er orðinn stærsta vandamálið, hann er svo fljótur að leysa gátuna enda segir hann á hverju ári: „Reyndu nú að hafa þetta aðeins þyngra en síðast." Stundum hef ég lent í basli bæði með skáldskapinn og felustaðina en yfirleitt er best að fela eggin fyrst og rekja sig svo út frá þeim."

Ekki kveðst Þorgrímur eltast við stuðla í kveðskapnum heldur leggja áherslu á rímið. „Ég reyni að hafa vísurnar þannig að gáta sé falin í nánast hverri línu," segir hann og gefur smá dæmi um kveðskapinn. Í eftirlíkingu af litlu Fabergé-eggi frá Rússlandi var ein vísan og leiðarlýsingin var svona:

Leitaðu nú að eggi vænu
en varla er það þó ætt,
það kemur heldur ekki úr hænu
en keisara hefur það kætt.

Önnur er vísun í Bubbakveðskap:

Hörund þitt er sem silki
andlitið eins og postulín
Titill þessa lags er vísbending til þín.

- gun

Full búð af nýjum vörum

TILBOÐ
Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá hálsklút að verðmæti 3.900 kr. í kaupbæti.
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
MINÐ
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Páskarnir meiri hátíð hér

„Ég hef ekki upplifað íslenska páska enn. Ég hef þó heyrt ýmsar lýsingar á því hvernig haldið er upp á páska hér og heyrist að það sé gert töluvert meira úr hátíðinni hér en heima í Mílanó," segir Maurizio Schiavi, ítalskur skiptinemi sem býr ásamt íslenskri „fjölskyldu" sinni í Hafnarfirði og stundar nám við Flensborgarskóla.

Maurizio hefur búið á Íslandi í sjö mánuði og heldur aftur heim til Mílanó í lok vetrar. Hann segist hafa ákveðið að sækja um skiptinemanám á Íslandi til að freista þess að upplifa hluti sem hann gæti ekki kynnst á Ítalíu. „Til að mynda langaði mig mikið til að sjá alvöru snjókomu, en reyndar höfum við fengið lítinn snjó hér á höfuðborgarsvæðinu í vetur. Mér var líka sagt að Íslendingar væru upp til hópa gott fólk sem tækju heimsóknum útlendinga vel. Það sem einna mest hefur komið mér á óvart er hversu margir ropa fyrir framan annað fólk. Á Ítalíu er slíkt álitið argasta ókurteisi, en hér virðist það ekki vera neitt stórmál," segir Maurizio og hlær.

Að sögn Maurizio hefur ekki verið ákveðið endanlega hvernig páskunum verður eytt í fjölskyldunni hans. „Það er samt alveg klárt að við förum í ferðalag út á land til að skemmta okkur, en við vitum ekki alveg hvert. Á Ítalíu borðum við páskaegg og fjölskyldur snæða saman á páskadag, en á Íslandi eru páskarnir meiri hátíð. Páskafríið er líka töluvert lengra hér á landi," segir Maurizio Schiavi.

- kg

Maurizio ásamt íslenskum „foreldrum" sínum, þeim Guðnýju Einarsdóttur og Einari Eyjólfssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tilvalið fyrir árshátíðina!

Allt í steik

framlengt til 11. apríl

4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURSBLEIKJA
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRETTA

3

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af
matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

RIB EYE
með kartöfluturni, Bearnaisesósu
og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík
og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

Allt í steik verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
Sími 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

Nýr A la Carte hefst 12. apríl

Kíkt inn í eggið

Innihald páskaeggja er æði misjafnt og ræðst að sjálfsögðu af því hvaða nammi er búið til af hverjum framleiðanda. Gerð var mjög óformleg könnun á innihaldi algengustu páskaeggjanna. Þyngd og stærð eggja er mismunandi milli framleiðenda en ákveðið var að velja egg af svipaðri stærð. Kíkt var inn í egg númer 5 frá Nóa-Síríusi sem vegur 460 g, egg númer 9 frá Freyju sem vegur 505 g, egg númer 5 frá Góu sem vegur 430 g og Bónusegg númer 5 sem vegur 420 g en þess má geta að Góa framleiðir eggin fyrir Bónus. - sg

Bónuspáskaegg númer 5 vegur 420 g. Það er framleitt af Góu og því er innihaldið á svipuðum nótum og í Góuegginu.

Góuegg númer 5 vegur 430 g. Í því er ýmislegt góðgæti á borð við lakkrís frá Appollo, toffísleikjó, góukúlur og -rúsínur, hlaupkarla og karamellur.

Freyjurísegg númer 9 vegur 505 g og er því þyngst eggjanna fjögurra. Í því eru meðal annars Freyju karamellur, rískúlur, hlaup og ýmislegt smálegt.

Nóaeggið númer 5 vegur 460 g. Inni í því eru meðal annars pokar af Nóakroppi, krítar, töggur, smartís, kúlur, brjóstsykur og ýmislegt fleira.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Skemmtilegt matarstell sem Katrín fékk í Kisunni og notar bæði við hversdagsleg tilefni og til hátíðarbrigða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gerviegg frá Dansi á rósum.

Katrín, sem hefur umsjá með þættinum Innlit/útlit, fylgir ekki hefðum í skreytingum.

Blátt og hvítt um páskana

Katrín B. Fjeldsted innanhúsarkitekt gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn um páskana.

„Mér finnst bara um að gera að brjóta upp hefðina og nota hluti á óvenjulegan máta," segir Katrín B. Fjeldsted, innanhúsarkitekt og umsjónarmaður þáttarins Innlit/útlit á Skjá einum, þegar blaðamaður biður hana um ráðleggingar varðandi hentugar borðskreytingar á páskunum. „Einu sinni blés ég til að mynda upp litlar blöðrur í tennisboltastærð, setti lítinn miða á blöðruna með nafni viðkomandi gests og festi á fótinn á vínglösunum."

Þá kveðst Katrín ekki eltast við páskalitina um páskana. „Ég er bara ekkert gefin fyrir gult og grænt skraut, hvorki á borðum né annars staðar, heldur fer frekar út í mismunandi afbrigði af bláum sem er mjög páskalegur í bland við hvítt." Þó segist hún halda í þá hefð að skreyta með trjágreinum um páskana. „Það er alltaf fallegt og vorlegt að skreyta borðið aðeins með blómum og þess háttar," segir hún og bætir við að það sé um að gera að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn um páskana. - rve

NOKKUR RÁÐ FRÁ KATRÍNU:

1. Skipulag. *Vertu búinn að kaupa allt í borðskreytinguna með góðum fyrirvara.*
2. Föndur. *Föndraðu eitthvað með fjölskyldunni og notaðu í borðskreytingu og aðrar skreytingar. Til dæmis má mála egg, skrifa nafn gestanna á þau og setja í eggjabikar.*
3. Óhefðbundið. *Um páska er um að gera að fara eigin leiðir í borðskreytingum, þar sem fyrir þeim eru ekki eins sterkar hefðir og víða erlendis.*
4. Gjöf. *Keyptu einn leirpott fyrir hvern gest. Skrifaðu nafn viðkomandi á pottinn og settu í hann fallega jurt.*
5. Kerti. *Þótt bjart sé orðið getur verið fallegt að setja nokkur kerti á borðið. Haltu þig við oddatölur, til dæmis þrjú eða fimm kerti á borð.*

Vinsælt og fallegt föndur

Eggjabakkar eru vinsælt föndurefni á leikskólunum en henta okkur fullorðna fólkinu ekki síður.

Byrjið á að fjarlægja lokið af tveimur eggjabökkum og málið þá í einhverjum fallegum og vorlegum lit, svo sem fjólubláum eða túrkísbláum.

Raðið því næst upp í hólfin í bakkanum því sem ykkur dettur í hug, hvort sem er hvítum eða máluðum páskaeggjum, hýasintum, páskaliljum í litlum kertaglösum eða öðru grænu en hægt er að setja smá mold í hólfin á bakkanum.

Einnig er mjög fallegt, eins og gert er hér, að setja mold í eggjaskurn og koma blómum fyrir þar ofan í.

- jma

Eggjabakkaskreyting hinna fullorðnu, prýdd blómum sem sett hafa verið ofan í eggjaskurn fyllta af mold.

● FÆRIÐ VORIÐ INN Í STOFU UM PÁSKANA
Trjágróður er um það bil að taka við sér og laufin að gægjast fram. Þá er góður tími núna til að snyrta trjágróðurinn og til að stytta biðina eftir vorinu er fallegt að setja greinar í vasa og láta laufgast inni yfir páskana.

Birkigreinar setja sterkan svip í gluggakistuna eða í vasa á stofuborðinu. Þær ilma líka sérstaklega vel þegar þær eru komnar inn í hlýjuna. Langar víðigreinar fara vel í háum vasa og hægt að blanda saman birkigreinum og víði. Eins mætti stinga greinum í vasa með gulum páskaliljum eða túlípönum á páskaborðið.

Ef voldugur gólfvasi er til á heimilinu má klippa stærri greinar, til dæmis af ösp, og tylla í sólríkt horn í stofunni eða í forstofu svo gestirnir gangi inn í vorilminn. Á stærri greinarnar mætti svo líka hengja létt skraut eins og litlar gular slaufur eða páskaunga úr pappír.

● GULLI SLEGIÐ ÁSTAREGG Frægasta og íburðarmesta páskaegg veraldar var handgert af hinum rómaða gullsmið Peter Carl Fabergé, en það sérpantaði Alexander Rússlandskeisari til sérstakrar páskagjafar handa sinni heittelskuðu Maríu keisaraynju árið 1884. María varð reyndar svo uppnumin af gjöfinni að þaðan í frá pantaði hún árlega nýtt páskaegg úr gullsmiðju Fabergés. Fabergé sótti innblástur í listasögu liðinna alda, smíðaði eggin úr skíra gulli og skreytti með rándýrum eðalsteinum.

Fabergé-egg eru enn í dag eftirsótt söfnunar- og munaðarvara.

● SÖFNIN GEYMA GERSEMAR Eitt af því sem ekki má gleymast þegar farið er í bústaðinn um páskana er að taka með sér lesefni til að glugga í. Jafnvel þótt hvergi sé farið þá er gott að hafa góðar bækur við höndina því páskafríið nær yfir fimm dagar hjá flestum. Því er upplagt að koma við á bókasafninu í dag eða á morgun.

● FRJÓSEMISTÁKN Páskaliljur eru tákn um frjósemi jarðar og minna marga kristna menn á upprisuna. Þær eru til í óteljandi tilbrigðum, bæði stórar og smáar. Afskornar geta þær staðið í vasa í nokkra daga með köldu hreinu vatni. Þá þarf hins vegar að skipta um vatn daglega. Athugið að þær eiga ekki að fá blómanæringu í vatnið og ekki er heppilegt að hafa þær með öðrum blómum.

Ekið, gengið og skíðað

Margir hugsa sér til hreyfings um páskana. Útivistarfólk gengur á fjöll og Fimmvörðuháls hefur eflaust vinninginn í vinsældum ef veður leyfir. Aðrir láta sér nægja að skreppa í smábíltúr.

Reykjanesið er ákjósanlegt til gönguferða á láglendi, til dæmis um gamlar þjóðleiðir.
MYND/NORDICFOTOS/GETTYIMAGES

Fimmvörðuháls verður heitasta svæðið um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ferðafélagið Útivist efnir til ferða á „heitasta“ svæði landsins, Fimmvörðuháls, enda býr það svo vel að eiga þar skála fyrir 20 manns með góðu útsýni yfir gosstöðvarnar. Þrjár ferðir eru fyrirhugaðar þangað með gistingu eina nótt, að sögn Bjargeyjar Sigurjónsdóttur hjá Útivist. Básar í Þórsmörk liggja líka vel við þegar göngur að gosstöðvunum eru annars vegar. Óleyfilegt er hins vegar að fara í Bása eins og er en um leið og því banni verður aflétt er Útivistarfólk tilbúið með allt sem þarf til að taka á móti fólki og bjóða upp á leiðsögn þaðan.

Skíðagöngur og brun eru alltaf vinsælar um páskana. Skíðavikan á Ísafirði hefst á skírdag og stendur til 5. apríl með öllu tilheyrandi. Á Ísafirði verður líka leiklist í hávegum höfð og rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, á þar sinn fasta sess.

Kaldbakur býður upp á lengstu skíðabrekku landsins.

Í Eyjafirði eru fjöll þakin snjó og ugglaust verða þeir margir sem bregða sér á skíði í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar. Snjótroðari flytur líka fólk í yfir ellefu hundruð metra hæð upp í Kaldbak þar sem lengsta skíðabrekka landsins er.

Reykjanesið er hins vegar snjólaust og þar er kjörlendi fyrir þá sem kjósa að njóta útivistar á láglendinu. Þrjár mismunandi göngur með leiðsögn hafa verið skipulagðar í nágrenni Grindavíkur yfir helgina. Sú fyrsta er á skírdag er genginn verður Prestastígur, gamla þjóðleiðin milli Grindavíkur og Hafna, um 16 kílómetra leið. Skipsstígur verður genginn á laugardaginn. Það er gamla þjóðleiðin milli Grindavíkur og Njarðvíkur, einnig um 16 kílómetrar. Rúta flytur fólkið aftur á upphafsstað í báðum þessum göngum. Bláalónshringur verður svo genginn á annan í páskum. Hann tekur tvær til þrjár klukkustundir og er tilvalin útivist fyrir fjölskylduna, enda enginn þátttökukostnaður.

Píslarganga umhverfis Mývatn er orðinn fastur liður á föstudaginn langa. Hún hefst með morguntíðum í Reykjahlíðarkirkju. Hægt er að koma við í Skútustaðakirkju, hvíla sig aðeins og hlýða á upplestur á nokkrum passíusálmum. Tónlistarviðburðir verða líka í Mývatnssveitinni. Tangósveit leikur í Skjólbrekku á skírdagskvöld og Ljótu hálfvitarnir verða með tónleika þar að kvöldi föstudags.

Eldmessu- og söguganga tilheyra páskadagskránni Sigur lífsins á Kirkjubæjarklaustri sem sameinar útivist, fræðslu og helgihald. Sem dæmi um dagskráratriði eru erindi Helga Björnssonar jarðfræðings, Framtíðarhorfur Vatnajökuls, og Ævars Kjartanssonar, guðfræðings og útvarpsmanns, Hverju reiddust goðin? *- gun*

Bragðmikið sjávarfang

Ljúffengur og litríkur

Nú er tími fyrir humarveislu. Lokkandi og ljúffengir humarhalar bíða ykkar í hentugum umbúðum og uppskrift fylgir með á bakhliðinni.

Fjórir gæðaflokkar eru í boði:

- Fyrsta flokks humarhalar
- Góðir humarhalar
- Valdir skelbrotshalar
- Smáhumar í súpur og smárétti

Sannkallaður sælkeramatur fyrir alla!

humarfyllta nautalund eða humar-tagliatelle

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

Bjarni Benediktsson hlakkar til að lesa passíusálma Hallgríms Péturssonar í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lesturinn gæti skapað góða hefð

Upplestur á passíusálmum Hallgríms Péturssonar fer fram í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa. Í ár munu 25 ungmenni flytja sálmana en þau eiga það sameiginlegt að hafa unnið til verðlauna í upplestrarkeppni grunnskólanna. Einn upplesara er Bjarni Benediktsson, nemandi á þriðja ári í Verzlunarskóla Íslands.

„Ég vann upplestrarkeppni þegar ég var í sjöunda bekk í Holtaskóla í Reykjanesbæ svo það eru orðin nokkur ár síðan,“ segir Bjarni en hann mun lesa sálma númer 46 og 49 og er á leið á upplestraræfingu þegar blaðamaður hittir á hann.

„Fyrri sálmurinn heitir: Um teiknin sem urðu við Kristí dauða. Þá er verið að tala um hvernig bergin klofnuðu og jörðin skalf og dauðir risu upp þegar Kristur var krossfestur. Ég er búinn að æfa mig talsvert, lesa textann yfir og reyna að skilja hann svo ég nái réttri túlkun á sálminum,“ segir Bjarni og segist ekki finna fyrir sviðsskrekk, enda vanur að koma fram.

„Ég hef spilað á saxófón í mörg ár og hef verið í ýmsum hljómsveitum. Ég hef gaman af því að túlka hluti og fyrir mér er þetta svipað og í tónlistinni. Ég fæ eitthvað í hendurnar og þarf að skila minni túlkun á því og það er alltaf skemmtilegt. Það verður líka gaman og hátíðlegt að fá að lesa upp í Hallgrímskirkju.“

Aðspurður segir Bjarni engar sérstakar hefðir fylgja fjölskyldu hans á páskum. Venjulega sé farið í bústað og dagarnir teknir rólega. Eins viðurkennir hann að vera lítið kirkjurækinn.

„Ég er að fara í miðpróf í saxófónleik svo páskarnir fara í æfingar hjá mér. Hefðin er sú að við förum í kirkju á jóladagsmorgun en fjölskyldan ætlar nú að koma í Hallgrímskirkju og hlusta á mig lesa. Það verður kannski til þess að hefð skapist upp úr því.“ *- rat*

Heimsendingarþjónusta ÍSAGA

er á höfuðborgarsvæðinu í síma 800 5555

AGA Gasol®

Heimsendingarþjónusta alla daga 15-21



BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11 | 110 Reykjavík | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515

PÁSKABÖRN

BÖRNIN Í VESTURBÆJARSKÓLA SPURÐ ÚT Í PÁSKANA

Stefán Pétursson

Af hverju höldum við páska? „Ég veit það ekki.“
Hvað finnst þér skemmtilegast við páskana? „Að fela páskaeggin og leita að þeim. Ég fel fyrir mömmu, pabba og litlu systur minni en þau fela fyrir mér. Við erum bara að byrja á þessu núna og verðum með svona vísbendingablað.“
Ferðu í kirkju á páskunum? „Já, stundum.“
Hvernig páskaegg langar þig í? „Mig langar bara í svona venjulegt með unga.“
Stefán Pétursson, 7 ára.

Margrét Edda Bjarnadóttir.

Af hverju höldum við páska? „Af því að Jesús reis upp á páskadag.“
Hvað finnst þér skemmtilegast við páskana? „Að leita að páskaeggjunum. Mamma og pabbi fela þau og ef ég er lengi að leita gera þau svona heitt og kalt.“
Ferðu í kirkju á páskunum? „Ja, ég veit það ekki alveg.“
Hvernig páskaegg langar þig í? „Bara venjulegt páskaegg með unga.“
Margét Edda Bjarnadóttir, 7 ára.

Kári Egilsson.

Af hverju höldum við páska? „Af því að Jesús var krossfestur.“
Hvað finnst þér skemmtilegast við páskana? „Að fá páskahéra.“
Hvernig er hann? „Hann er frekar hár. Það er ekkert nammi inni í honum en súkkulaðið er þykkt.“
Hvar færðu svoleiðis? „Ég fæ hann vanalega á Spáni en ég fer til Spánar um páskana að heimsækja afa minn og ömmu.“
Leitar þú að páskahéranum? „Það hefur ekki verið en mun kannski verða.“
Kári Egilsson, 8 ára.

Espressobollar í nýju hlutverki

Egg eru nátengd páskahaldi. Fyrr á öldum var um að ræða hænuegg en þau voru á meðal þess sem ekki mátti borða á löngufóstu, sjö vikna tímabilinu frá öskudegi og fram að páskum. Hænsnfuglar gera auk þess margir hverjir hlé á varpi yfir háveturinn en byrja svo aftur að verpa um páskaleytið og þótti því nýnæmi að fá egg á páskum.

Síðar tóku eggin á sig nýja mynd og voru fyrstu súkkulaðipáskaeggin boðin til sölu hér á landi í Björnsbakaríi árið 1920. Hefðin er aldargömul og því er ekki að undra þótt fólk vilji skreyta í kringum sig með eggjum hvort sem þau eru ekta eða úr einhverju öðru. Hér er að finna ódýra lausn sem er auðvelt að útfæra:

Tínið til nokkra espressóbolla, setjið í þá afskorin lítil blóm að eigin vali og skjannahvítt hænuegg.

- ve

Það sem þarf í þessa skreytingu má finna í eldhússkápum og úti í garði. NORDICPHOTOS/GETTY

Gat illa hreyft hægri höndina

Sigríður Friðþjófsdóttir, sem unnið hefur við hárgreiðslu síðastliðin 50 árin, hefur kynnst álaginu sem fylgir starfsgreininni m.a. í fótleggjum og axlarliðum.

„Ég hef verið nokkuð slæm í hnjánum síðastliðin ár, en einnig hefur hægri öxlin verið að fara með mig og var það orðið þannig að ég gat ekki lyft hendinni hærra en í axlarhæð og fylgdi þessu mikill sársauki

Ég hætti að vinna fyrir tæpum tveimur árum og ákvað því að byrja að stunda líkamsrækt sem ég hef stundað samviskusamlega, en hægri öxlin skánaði lítið. Í ágúst 2009 ákvað ég að prófa NutriLenk töflurnar, þar sem ég hef heyrt marga hrósa því.

Fann fljótlega mikinn mun

Innan tveggja vikna var ég farin að finna mikinn mun, en höndin fór að virka mun betur og nokkrum vikum síðar var ég farin að geta lyft hendinni upp yfir höfuðið. Ég bý á þriðju hæð, en þar sem að hnén voru orðin illa farin var ég hætt að geta gengið upp stigana og tók því lyftuna. Eftir að ég fór að taka inn NutriLenk finn ég ekki lengur fyrir í hnjánum og geng sársaukalaust upp í íbúðina mína

Ótrúlegt en satt

Skemmtilegt er að segja frá því að fyrir síðustu jól hreingerði ég eldhússkápana og það með hægri hendinni, sem ég var hreinlega búin að telja af, ef svo má segja. NutriLenk er meiriháttar efni sem ég hvet allt fólk sem þjáist af sliti í liðum til að prófa. Ég þarf svo sannarlega ekki að sjá eftir því“ segir Sigríður kát í bragði.

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum

Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.

Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

Vara ársins!
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

Steinbítur gægist undan rifi við Arnarnesstrýtu. MYND/GÍSLI A. GUÐMUNDSSON



Litirnir eru ótrúlega skýrir þrátt fyrir mikið dýpi.

Nesgjáin í Kelduhverfi.

Best geymdu leyndarmálin neðansjávar

Gísli Arnar Guðmundsson, kafari og áhugaljósmyndari, er búsettur á Akureyri og stundar neðansjávarljósmyndun af ástríðu. Segir Gísli þetta áhugamál vera ótrúlega sjaldgæft hér á landi, enda tímafrekt og kostnaðarsamt, en engu að síður ótrúlega gefandi.

„Við erum í raun bara fjórir sem ég veit um hérna á landinu sem stundum þetta af einhverri alvöru," segir Gísli. „Þeir virðast ekki vera margir sem átta sig á því hvers konar fjársjóð sjórinn við Ísland hefur að geyma."

Gísli hefur stundað köfun frá árinu 1997, en einungis tekið myndir neðansjávar í tvö ár. Hann segir Eyjafjörðinn vera ótrúlega magnaðan, en þar eru svokallaðar

Gísli Arnar Guðmundsson kafari.

neðansjávarstrýtur sem eru þær einu í heiminum sem kafarar hafa færi á að komast að. Sú hæsta er í Eyjafirðinum, um 50 metra há. „Þetta er mjög sérstakt svæði og magnað að sjá þetta," segir Gísli. „Það safnast mikið líf í kringum þær sem er gaman að mynda."

Gísli hefur einnig myndað mikið við Hjalteyri og Hauganes. Þó segir hann að skemmtilegast sé að skella sér bara einhvers staðar út í og leyfa neðansjávarlandslaginu að koma í ljós. „Þetta er áhugamál sem heltekur mann. Það er frábært þegar maður býst ekki við neinu og er að skoða nánast ókönnuð svæði. Þá getur maður dottið inn í algjöra paradís – nánast eins og íslenskt hálendi neðansjávar. Þetta hvetur mann áfram í að finna fleiri og fleiri staði."

Skjálfandaflói verður annað heimili Gísla í sumar þar sem hann mun vinna við hvalaskoðun. Hann telur það svæði vera eitt það fallegasta á landinu og eina af best geymdu perlum Íslands hvað varðar köfun. Þótt hann hafi farið víða við strendur Íslands segist hann eiga margt eftir og ætlar meðal annars að skoða flakið af El Grillo í Seyðisfirði. „Það hefur alltaf verið draumur hjá mér, sem ég ætla mér að láta rætast í sumar. Hver veit nema maður setji upp eina ljósmyndasýningu eða svo, þegar því er lokið."

Heimasíða Gísla er www.flickr.com/photos/gassa/.

- SV

Hlíðarfjall dregur að marga ferðamenn um páskana.

Mikið líf og fjör á páskaævintýri

MARGT ER Í BOÐI FYRIR ÞÁ SEM SKELLA SÉR NORÐUR UM PÁSKANA.

Páskaævintýri stendur yfir frá 26. mars til 5. apríl á Akureyri. Mikið framboð er á afþreyingu fyrir þá sem skella sér norður um páskana.

Hægt er að skella sér í Sundlaug Akureyrar, Glerárlaug eða Sundlaugina í Hrísey. Hlíðarfjall verður opið skíðamönnum alla páskana frá 9 til 16. Þá er hægt að fara í keilu, Skautahöllina eða fara á leiksýningu hjá Leikfélagi Akureyrar.

Naturalis mountain guide býður upp á fjallgöngur með leiðsögn, sjá naturalis.is. Ferðafélag Akureyrar býður upp á fjölbreyttar gönguog skíðaferðir, sjá ffa.is. Siglingar og skoðunarferðir með bátnum Húna II eru í boði fyrir hópa, sjá huni.muna.is og þá er hægt að skella sér í sjóstangveiði með bátnum Haffara, sjá haffari.is.

Extreme Icelandic Adventures býður upp á fjölbreyttar ferðir fyrir hópa og rekur einn stærsta fjallatrukk landsins.

Hestaleigan Pólarhestar býður upp á eins til þriggja klukkustunda ferðir, sjá polarhestar.is.

Kaldbaksferðir flytja skíðafólk og annað útivistarfólk á snjótroðara upp lengstu skíðabrekku landsins, sjá kaldbaksferdir.is.

Fyrirtækið 24x24 býður upp á fjallgöngu með leiðsögn allt árið, sjá 24x24.is.

Þetta er aðeins brot af því sem er í boði en nánari upplýsingar má finna á visitakureyri.is.

Bakarameistarinn og bakaradrengurinn eru leiknir af Guðjóni Ólafssyni og Stefáni Tryggva Brynjarssyni.

Dýrin slá í gegn

Freyvangsleikhúsið hefur sett upp barnaleikritið Dýrin í Hálsaskógi. Uppselt hefur verið á meira en tuttugu sýningar.

Freyvangsleikhúsið er starfrækt í Eyjafjarðarsveit, í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri en starfsemi leikhússins má rekja aftur til ársins 1957. Sýningar félagsins hafa vakið mikla athygli í gegnum tíðina, þrisvar sinnum hefur sýning frá félaginu verið valin athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins og sýning síðasta árs, Vínland eftir Helga Þórsson, var auk þess valin til sýningar á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni NEATA sem haldin verður á menningarsetrinu Hofi í ágúst. Nú er það hins vegar barnaleikritið Dýrin í Hálsaskógi sem á hug og hjörtu Norðlendinga.

„Aðsókn hefur farið fram úr björtustu vonum og uppsetningin fengið mjög góða dóma. Sýningin verður að teljast til þeirra sem gengið hafa hvað best," segir Halldór Sigurgeirsson, formaður Freyvangsleikhússins. „Uppselt hefur verið á meira en tuttugu sýningar í röð og við erum að reyna að þétta sýningardagskrána því við erum með mikið af ungu fólki í sýningunni sem þarf að fara í próf í vor þannig að maður vill ekki halda því of lengi." Leikstjórn er í höndum Ingunnar Jensdóttur og leikmyndin, sem vakið hefur mikla athygli, er eftir Hallmund Kristinsson. „Leikhópurinn samanstendur af reynsluboltum Freyvangsleikhússins og svo tuttugu börnum og unglingum en nokkur barnanna hafa einnig mikla reynslu og hafa leikið hjá Leikfélagi Akureyrar."

Halldór segir það ótrúlegt að áhugaleikhúsið nái slíkri aðsókn. „Sérstaklega í ljósi þess að flestallir sem koma að uppsetningunni eru vinnandi fólk og því nýtir það frístundirnar sínar í að sinna þessu tímafreka og jafnframt krefjandi áhugamáli. En svona er nú víst leikhúsbakterían." *juliam@frettabladid.is*

Lilli klifurmús sem leikinn er af Óðni Valssyni situr uppi í tré og Stefán Guðmundsson í hlutverki Mikka refs bíður fyrir neðan. Arna Ýr Karelsdóttir leikur á fiðlu.

Guðmundur Óli stjórnandi.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur sellókonsert nr. 1 eftir Sjostakovits í Glerárkirkju á skírdag. Myndin er tekin á Akureyrarvöku 2006.

Áhrifamikil og djúp fegurð og streymandi birta

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Glerárkirkju á skírdag. Þar verður fluttur sellókonsert eftir Sjostakovits og ítalska sinfónía Mendelssohns. Einleikari verður Bryndís Halla Gylfadóttir.

„Verkin eru bæði býsna stór og fremur ólík," segir Guðmundur Óli Gunnarsson, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem heldur tónleika í Glerárkirkju á skírdag 1. apríl. Fyrra verkið á dagskránni er sellókonsert nr. 1 eftir Sjostakovits. „Tónlist Sjostakovits er ákaflega sterk og áhrifamikil, hún er samt auðskilin fyrir hlustandann. Þrátt fyrir alvöruþunga er mikil og djúp fegurð í tónlistinni," lýsir Guðmundur Óli. Einleikari með hljómsveitinni er Bryndís Halla Gylfadóttir og er þetta í fyrsta sinn sem hún leikur með sveitinni.

Hitt verkið sem flutt verður í Glerárkirkju er ítalska sinfónía Mendelssohns sem er þekktasta sinfónía tónskáldsins. „Það verk er andstæða sellókonsertsins því þar er streymandi birta og gleði," segir Guðmundur Óli sem hefur verið aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar frá stofnun hennar 1993.

Sögu sveitarinnar má þó rekja enn lengra aftur en fyrirrennari hennar, Kammerhljómsveit Akureyrar, starfaði allt frá árinu 1987. Guðmundur segir mikið vatn hafa runnið til sjávar á þessum árum. „Við byrjuðum smátt en sveitin hefur vaxið jafnt og þétt bæði að umfangi og gæðum," segir hann. Sveitin er fyrst og fremst skipuð tónlistarkennurum á landsbyggðinni en einnig koma nokkrir nemendur við sögu í sveitinni og fá þannig gott uppeldi í hljómsveitarspili.

En hvað eru margir í hljómsveitinni? „Sveitin er þeim kostum búin að vera afskaplega sveigjanleg. Við erum ekki með fastráðna hljóðfæraleikara heldur ráðum fyrir hvert verkefni," svarar Guðmundur Óli en á fimmtudaginn verður hljómsveitin skipuð fjörutíu hljóðfæraleikurum.

solveig@frettabladid.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Páskar í Sjallanum
FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 2. APRÍL
Páll Óskar
OPNUM KL 24:00 OPIÐ TIL KL. 04:00
MIÐAVERÐ AÐEINS KR. 1000,- Í FORSÖLU
OG KR. 1500,- VIÐ INNGANGINN
ALDURSTAKMARK 18 ÁR
FLOTTASTA POPPSTJARNA LANDSINS
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 3. APRÍL
Sálin Hans Jóns Míns
MÆTTU SNEMMA ÞVÍ ÞAÐ ER TALIÐ SNEMMA Í Á ÞESSU KVÖLDI
LANDSLIÐIÐ GENGUR Á SVIÐ
ALDURSTAKMARK 25 ÁR
OPNUM KL. 24:00 OPIÐ TIL KL. 03:00
MIÐAVERÐ KR. 2500,-
DOWN UNDER
MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 31. MARS
Dj Atli skemmtanalögga
Strákar læsið kvenntólkið inni!
Kallinn er kominn í bæinn
og ætlar ekki að spara taktana
Opnum kl. 24:00 Opið til kl 04:00
EKKI MISSA AF ÞESSU
AÐ SJÁLFSÖGÐU FRÍTT INN
Stór Gylltur á barnum á 500 kr. til kl. 01:09
SUNNUDAGSKVÖLDIÐ 4. APRÍL
Í svörtum fötum
ALDURSTAKMARK 18 ÁR
OPNUM KL. 24:00 OPIÐ TIL KL. 04:00
MIÐAVERÐ KR. 1500,- Í FORSÖLU
KR. 1800,- VIÐ INNGANGINN
BESTIR Á BALLI ERU MÆTTIR AFTUR !!
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Á SJALLINN.IS - FORSALA HAFIN Í IMPERIUM
SJALLINN
skemmtistaður
Gegnum lífið með þér

BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA HILUX DOUBLE CAB 32" 9/2007 32 þ.km beinsk. 3.0 diesel, Lok á palli, Verð 3.890.000.- Stendur til sýnis hjá okkur.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

Subaru Legacy Outback, árg. 5/2007, ek. 39þús.km, sjálfsk, Panorama, Bluetooth, dráttarbeisli, rafmagn,CD, omfl, Stórglæsilegur umboðsbíll! Ásett verð 3890þús.kr, Er á staðnum

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

bilfang.is
S. 567 2000

Skráðu þinn bíl núna með mynd á bilfang.is ef það gerist þá gerist það hjá okkur!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

NETBÍLAR
www.netbilar.is
Verð frá 19.900 til aðeins 99.900 sama hvað bílinn kostar!
Vissir þú að söluþ hjá Netbilar.is eru oft 25% til 70% ódýrari en hjá almennum bílasölum með 3.9 % þóknun? Þú getur sparað frá 15 þúsundum uppí 200 þúsund á einum bíl. Yfir 800.000.- Heimsóknir á vefsíðu skráðu bílinn þar sem hann sést.
NETBILAR.IS BJÓÐA BETUR
HLÍÐASMÁRA 2 • S: 588 5300

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

LINCOLN MKZ. Árg. 2007, nýja útlitið. ek. 66 þ.km, BENSÍN, Sjálfsk. TILBOÐ ÓSKAST Rnr.127193

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Þjónusta

ellingsen.is
ALHLIÐA VIÐGERÐARÞJÓNUSTA ELLINGSEN
Þjónustuverkstæði Ellingsen annast alhliða viðgerðar- og varahlutaþjónustu fyrir vélsleða, fjórhjól, utanborðsvélar og ferðatæki auk ástands- og vetrarskoðana.
SUNDABRAUT
DALBRAUT
SÆBRAUT
VATNAGARÐAR
Ellingsen Þjónustuverkstæði
Þjónustuverkstæði Ellingsen opið alla virka daga frá kl. 8–18
Varahlutaþjónusta Ellingsen opin alla virka daga frá kl. 10–18
Tímapantanir fara fram í síma 580 8510 eða með tölvupósti, halldor@ellingsen.is eða arnarm@ellingsen.is.
Ellingsen Þjónustuverkstæði
Þjónustuverkstæði Ellingsen
Vatnagörðum 12 · 580 8510

Bílar til sölu

Honda Accord Sedan LSI árg. ,95 ek. 168 þús. Topplúga, sjsk., 2.0l. Vetrard. Topp bíll. Ath. skipti V. 350 þús. S. 844 7851.

VW caddy 8.2006 Diesel tdi 105 hö sjálfskiptur 6 hurða ekinn aðeins 33 þús. km fallegur bíll lítið ekinn ný skoðaður 11 verð 2190 Þús. Tilboð 1790 þús. 691-4441.

Toyota hiace 8-2006 diesel sjálfskiptur ekinn aðeins 68 þús km 6 hurða ny skoðaður 11 verð 2290 Tilboð 1890 691 4441.

M.benz sprinter 313 langur 8.2005 ekinn aðeins 48 þús km 5 gíra diesel 5 hurða verð 3690 þús Tilboð 2690 þús stgr.691 4441.

Ford 350 lariat 2003 ekinn 111 þús. km innfluttur nyr 35" palllok skigni gróm pakki leður ssk verð 2490 Tilboð 1790 þús. stgr.691 4441.

Toyota aygo 1.0 8.2006 ekinn 85 þús. km ný skoðaður 11 spoiler cd fallegur bíll verð 1190 þús Tilboð 1060 691 4441.

Toyota Carina á 260þ
árg 7/93 ,ssk, station, Ek 230þ. Möguleiki á 100% visa,euro. Uppl í S. 849 1760

Tilboð 2.390þús - 7 MANNA
Til sölu Toyota Previa 7 manna nýskráð 20.04.2005 nýskoðaður 2011 ekinn 178.000 og er í toppstandi ásett verð er 2.890 þúsund áhvílandi 1250 þúsund hjá sp fjármögnun ca 33.000 á mán, ath öll skipti á ódýrari bíl, TILBOÐ 2.390 þús. hjóli eða vélsleða. upplýsingar í síma 693-5053. Bílinn stendur á Bílabankanum S:588-0700.

Subaru Impreza árg ,97, ssk., 4x4, nýsk. vetrard. V. 290 þ. Uppl. í s 893 2284.

Til sölu renault kangoo árg. ,08 1,6 bensín ek. 71þús, ssk, vetrardekk verð 1150 þús. ath. skipti ódýrari gsm 892 7852.

TILBOÐ 1190
Til sölu Grand Caravan 2001 ekinn 84 þúsund mílur Nýskoðaður 2011, álfelgur og filmur ásett verð 1390 en TILBOÐ 1.190 þúsund ath skipti, upplýsingar í síma 693-5053. ATH Bílinn stendur á Bílabankanum S: 588-0700.

Til sölu Toyota Avensis EXE með öllu, leðri, senon, ofl. Er á nýjum naglad ekkjum á álfelgum og sumardekk fylgja með ekinn aðeins 30 þús lítur út sem nýr. Verð 3.450 þús. Tilboð 3,1 milj Uppl í síma 8936840

Subaru, original, dises with good year tyres. 205/55/R16 S. 844 0361.

0-250 þús.

BMW 330i Einn m öllu! ssk, leður, M.felgur og M.stuðari.ofl 06/2001 ek 119 toppeintak v.1890þ. 899 1888.

Til sölu

Stýris- og fjöðrunarhlutir í alla USA bíla!
Frábært verð
Nýtt á lager!
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

Golf á tilboði 195 þ.
W Golf ,97 1400. 5 gíra. skoðaður út árið, ekinn 140 þ km. S. 891 9847.

!!! Sjálfskiptur rúmgóður bíll !!!
Renault Megane scenic árg'98, ekinn 159þús. ný skoðaður fyrir 2011, sjálfskiptur rúmgóður bíll, í góðu lagi, sér aðeins á boddý en ekki mikið, verð 350þús. Tilboð aðeins 240þús. stgr. allar uppl. í s: 659-9696.

Nissan Almera árg. ,96 skjálfsskiptur, ek. 220þús. skoðaður ,11, næsta sk. e. 1 1/2 ár. Verð 195 þús. Sími 615 1810.

250-499 þús.

Tilboð 320 þús
Ford Escort árg.' 98, ek. 160þús nýsk. ,11 sumar og vetrardekk. Verð 320þús. Uppl. s. 659 3459.

Toyota Corolla árg ,98
Corolla árg. ,98, ekinn 174þús. beinskiptur, ný skoðaður, sparneytinn og góður bíll, tilboðsverð aðeins 320þús. Uppl. í s: 659-9696.

TILBOÐ 350 ÞÚS!!
SKODA OCTAVIA 1,6 árg'00 ek.150 þús,5 dyra,með skoðun,ásett verð 550 þús TILBOÐ 350 ÞÚS!! s.841 8955

SJÁLFSKIPTUR GÓÐUR BÍLL!!!
MITSUBISHI GALANT 2,5 V6 ssk.árg'98 ek.170 þús,ný skoðaður 2011,góður bíll verð 400 þús s.841 8955

500-999 þús.

TOYOTA YARIS SOL 1300 ,03 til sölu. 5 gr. 3 dyra, ekin 104Þ. Ásett 870Þ TILBOÐ 750Þ s. 6640368

Bílar óskast

Toyota, Micra eða Lancer óskast
Árg. 1994-2001 fyrir 50-200 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 694-2545

Staðgr.ódýran bíl
Vill kaupa jeppa, fólksbíl, pickup eða jeppling. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. S. 857 9326.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Óska e.að kaupa Skoda Octavia árg.2000 eða yngri. Uppl.í s:8660471

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar, á ca. 20-120 þús. Stgr. Uppl. í s. 896 6744.

Jeppar

Til sölu Ford Expedition Eddie Bauer 5,4l árg 2003 ek 144 þkm sk 11 með dvd Topplúgu,heitt og kalt í sætum og m.fl, 7 manna,dráttarkr 2.3T. ásett verð kr 2.250.000 uppl í s:8205207

Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Húsbílar

Fíat Joint Z 480,árgerð 2007, ekinn 14.000 km. Mjög fallegur bíll, Verð 8.100.000. símí 898 2111.

Mótorhjól

Til sölu Kawasaki KXF 250. Árg 2005. Vel með farið hjól. Verð 350 þús. Uppl í síma 8970090.

Framdrifs Honda CRF450X Christini AWD til Sölu Einstakt enduro hjól í toppstandi árg. 2007 en skráð 2008. ekið 90 tíma. Allar uppl. um framdrifsbúnaðinn á christini.com. Verð 1450 þús. Uppl. 8945785 snabjorn@internet.is

Ný Polaris 850 Touring 2010, hvít númer, Vökvastýri, 70hp, verð 2.590 þús Sjá www.motorhjol.net, nánari upplýsingar í 824 6600.

Fjórhjól

Fjórhjól - skipti á bíl
Honda TRX 450 og Honda CRF150 til sölu. Skoða öll skipti á bíl! S. 845-5402

Vélsleðar



Skidoo Summit X 800 árg. 07. 144" belti. Team kúppling ofl. ofl. 1590þ uppl. 618 5660.

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

Bátar

Til sölu Hraðfiskibát. Flugfiskur lengd 8,45 breidd 2,12. Garmin gps, koden dýptarmælir, webasto olíumiðstöð, talstöð. Síðustokkar kassi að aftan. Vél Mercruiser 250 hö árg 2001 keyrð 1500klst. Hældrif árg. ,01. 2stk DNG tölvurúllur grár. 8 fiskikör (6 í lest) blóðgunarkassi. Báturinn er með veiðileyfi. Verð 9.8 m. Aðeins Áhugasamir geta haft samband í s. 848 4940 Ólafur olajon@gmail.com

Rafmagnsfæravindur frá Oilwind teg. 03-16. SENSON ehf. Sími 511-1616. www.senson.is senson@senson.is

Handfærarúllur
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

Kúplingar, dælur, slöngur, fittings og viðgerðarþjónusta. vokvataeki.is 561-2209

Óska eftir að kaupa góðan Handfærabát, Skel, Færeyring eða lítin Víking. Uppl. s. 693 2923 eða 557 7160.

Gráslepppuveiðimenn
Gráslepppunet, flotteinar, blýteinar, náfeldnet, felligarn og margt fl. Heimavík ehf s. 892 8655.

Hjólbarðar

4 stk. 175/65 14" á Corolla felgum á 20þ. 4 stk. 14" Imprezu felgur á 20þ. 4 stk. 175/70 13" á Accent felgum á 20þ. 2 stk. 195/65 15" á 5 gata álf. á 15þ. 3 stk. 175/70 13" á álf. á 15þ. 4 stk. 175/70 13" á 15þ. Uppl. í s. 896 8568.

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Er að rífa Focus ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

VW, Skoda, Audi.
S. 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Japanskar Vélar Varahlutasala
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

partabílar.is 770-6400
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara ,05 Yaris ,05 BMW 525 disel ,02 Honda Civic ,97 Renult Kango ,99, Dodge Carvan ,97 og Nissan Primera ,99, almera ,99, Peugot 306 ,98. Kia Spotage ,00, Jeep Grand Cheroke 4,7 ,99 Kaupum bíla í niðurrif.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14,
S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Húsfélagaræsting. Gólfbónun. Bónleysing. Teppahreinsun. Hreingerningar. Flutningsþrif og fl.

Garðyrkja

Garðsláttur
Húsfélög, einstaklingar pantið sláttur fyrir sumarið. Getum bætt við okkur verkefnum. Áratugareynsla, látið fagmann vinna verkið. Garðaþjónustan Björk, S. 899 7679 & 846 8643, joigard@gmail.com Jóhannes garðyrkjumeistari.

Tökum að okkur hellu og þökulagnir önnumst jarðvegsskipti gerum föst verðtilboð S 772 7450

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Bókhald

Skattaframtal 2010
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

FRAMTAL 2010
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.

Opið einnig um helgar.
Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

Skattframtal 2010
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.000 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703 S. 661 3703. www.skatt.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Steingæði ehf
viðhaldsþjónusta

Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Fljót og góð vinnubrögð. Komum og gerum tilboð að kostnaðarlausu.

Steingæði
Uppl. í síma 899 2924

VISA - EURO - MASTER

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

HB Flísar geta tekið að sér ýmiskonar flísalagnir. Fagleg og vönduð vinnubrögð. Bryngeir 6599105
Hún lætur ekki mikið yfir sér þessi fáránlega vel mannaða og sniðuga gamanmynd þannig að einhvern veginn sér maður fyrir sér að hún muni ekki ná þeirri lýðhylli sem hún á svo sannarlega skilið. Þar fyrir utan er sýrður en mjög svo lýsandi titill hennar sjálfsagt líklegri til þess að fæla fólk frá myndinni heldur en hitt.

Auðvitað segir það sig samt sjálft að mynd sem skartar George Clooney, Jeff Bridges, Kevin Spacey og Ewan McGregor getur varla klikkað. Clooney og Bridges eru í algeru toppformi, Spacey gefur þeim lítið eftir og McGregor smellpassar í hlutverk sakleysislegs blaðamanns sem reynir að finna lífi sínu og starfi tilgang eftir að kærastan hans fer frá honum til þess að hefja nýtt líf með einhenta ritstjóranum hans.

Blaðamaðurinn bláeygi fer til Íraks þar sem hann ætlar að skrifa eitthvað alveg magnað um stríðið þar í landi. Á meðan hann bíður eftir því að komast inn í stríðshrjáð landið hittir hann hinn mjög svo kúnstuga Lyn Cassady sem Clooney leikur með látlausum tilþrifum en í persónunni mætast sú svala karlmennska, sem Clooney á svo auðvelt með að holdgera, og sú afbygging á þeirri sömu karlmennsku sem Clooney bauð upp á í Burn After Reading þeirra Coen-bræðra.

Lyn þessi heldur því fram að hann sé í leynilegum erindagjörðum á vegum bandaríska hersins og upplýsir blaðamanninn um að hann sé meðlimur í sérsveit sem nefnist Jedi Warriors sem ætlað sé að boða frið og berjist ekki með vopnum heldur hugarorkunni. Blaðamaðurinn sér frétt í þessum undarlega hermanni og ákveður að slást í för með honum og með samtölum þeirra fáum við svo að kynnast Bill Django, heilanum á bak við friðsömu hermennina.

Jeff Bridges fer á sínum alkunnu kostum í hlutverki Django sem verður fyrir áfalli í Víetnam og byrjar eftir það að leita leiða til þess að friðvæða herinn. Hann hangir árum saman með alls konar hippalýð og blómabörnum og dettur svo niður á Jedi-lausnina og kjaftar sig inn á herforingja sem leyfa honum að mynda hersveit hugarorkuriddara.

Þar var Lyn fremstur meðal jafningja þar til deildin var leyst upp en hann hefur engu gleymt, eða kannski öllu, það er ekki gott að segja en þeir félagar þurfa að yfirstíga ýmsar hindranir á leið sinni að uppgjöri við fortíðina og yfirbót manns sem drap geit með því að horfa á hana.

Þórarinn Þórarinsson

Niðurstaða: Gríðarlega sterkur og góður leikarahópur fer á kostum í látlausri og ósköp gáfulegri gamanmynd um hippalega tilraun til að friðvæða Bandaríkjaher sem endar í uppgjöri í miðju Íraksstríðinu.

KVIKMYNDIR George Clooney í hlutverki sínu í The Men Who Stare at Goats.

HOSTELLING INTERNATIONAL

Þórsmörk um páskana



Komdu í Húsadal um páskana

Komið í Húsadal og upplifið þessa náttúruperlu í aðeins 150 km fjarlægð frá Reykjavík. Þórsmörk er ævintýraland náttúruunnenda með endalausum möguleikum og af Valahnjúk er einstakt útsýni yfir gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi.

Fjölbreytt gisting

Í Húsadal er fjölbreytt aðstaða fyrir einstaklinga og hópa til styttri eða lengri dvalar. Boðið er upp á gistingu í tveggja manna herbergjum, smáhýsum og skálum.

Frábær aðstaða

Í Húsadal er eldhúsið opið allan daginn. Boðið er upp á kjarngóðan morgunmat, súpu og brauð í hádeginu, vöfflur og meðlæti og heimilislegan kvöldmat. Þeir sem vilja elda eigin mat hafa aðgang að fullbúnu gestaeldhúsi. Auk þess er gufubað og sturtur á staðnum. Hvað er betra eftir hressandi göngutúr en að skella sér í heita gufuna?

Opnun vegarins í Húsadal er háð ákvörðun Almannavarnanefndar lögreglustjórans á Hvolsvelli. Hafið samband við okkur í síma 552-8300 eða 894-1506 til að fá frekari upplýsingar.

Farfuglar ▮ Borgartúni 6 ▮ 105 Reykjavík ▮ Sími 552 8300 ▮ thorsmork@thorsmork.is ▮ www.thorsmork.is

SMART ENERGY™
POWERED BY LEPPIN

KLÁRAÐU LEIKINN

–með nýju og endurbættu Soccerade

NÝTT
BRAGÐ
OG ÚTLIT

CRISTIANO RONALDO
is powered by Smart Energy™

Soccerade®

- Er byggt á Leppin Smart Energy
- Inniheldur flókin kolvetni
- Ekkert koffín, taurín eða önnur örvandi efni
- Náttúruleg litarefni
- Án Aspartam

www.soccerade.com

> Óheppnin eltir Veigar Pál

Þetta var ekki góð helgi fyrir íslenska landsliðið því auk þess að landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson sleit hásin þá meiddist Veigar Páll Gunnarsson illa á vinstri ökkla eftir aðeins tólf mínútna leik á móti Aelesund í norsku úrvalsdeildinni. Liðbandið er skaddað og búist er við því að Veigar Páll verði frá í fjórar til sex vikur. Veigar Páll byrjaði tímabilið vel með Stabæk og lagði upp tvö mörk í fyrsta leiknum áður en hann varð að yfirgefa völlinn vegna meiðsla.

sport
sport@frettabladid.is

KR-INGURINN MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR: KR-KONUR UNNU Í HVERAGERÐI OG JÖFNUÐU EINVÍGIÐ

Með samheldni og svona varnarleik getum við allt

„Við kunnum vel við okkur hérna í apabúrinu," sagði Margrét Kara Sturludóttir sem var stigahæst hjá KR þegar liðið lagði Hamar að velli í Hveragerði. KR er ósigrað í blómabænum og sigur liðsins í gær var öruggur, úrslitin 69-81.

Eftir jafnan fyrsta leikhluta tók KR völdin í öðrum og lét þau aldrei af hendi. Staðan í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn er því jöfn 1-1 en þrjá leiki þarf til að vinna titilinn. Liðin mætast að nýju annað kvöld í DHL-höllinni.

„Einu tapleikirnir okkar í vetur eru á heimavelli sem er sérkennilegt. Kannski skiptir heimavöllurinn engu fyrir okkur, við verðum bara að spila okkar leik til að þetta gangi upp. Við vorum yfirspenntar í fyrsta leiknum á föstudaginn en komum núna yfirvegaðar til leiks. Okkar leikáætlun gekk upp."

En hvað var Margrét ánægðust með í leiknum? „Samheldnina og vörnina. Þegar það er til staðar getum við allt," sagði Margrét Kara sem skoraði 19 stig fyrir KR og var með 10 stoðsendingar í Hveragerði í gær. Signý Hermannsdóttir átti einnig góðan leik með 13 stig og jafn mörg fráköst. Annars var allt lið KR að finna sig vel í þessum leik.

KR er búið að vinna heimavallarréttinn til baka og Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, var skiljanlega ekki sáttur. „Við komum ekki nægilega hungraðar og einbeittar í þennan leik," sagði Ágúst og ljóst að hans lið þarf að vinna aftur í Vesturbænum. „Okkur hefur gengið vel þar en við vinnum ekki svona gott lið eins og KR með þessu hugarfari eins og við sýndum."

Hann segir liðið hafa verið langt frá sínu besta. „Það er ýmislegt sem við þurfum að laga fyrir næsta leik. Liðið sem vildi þetta meira vann í dag," sagði Ágúst Björgvinsson eftir leik.

- egm

ÚRSLITN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin;

Manchester City-Wigan 3-0
1-0 Carlos Tévez (72.), 2-0 Carlos Tévez (74.), 3-0 Carlos Tévez (84.)

STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA

Man. United	**32**	**23**	**3**	**6**	**76-25**	**72**
Chelsea	32	22	5	5	82-29	71
Arsenal	**32**	**21**	**5**	**6**	**74-34**	**68**
Tottenham	31	17	7	7	57-29	58
Man. City	**31**	**15**	**11**	**5**	**58-39**	**56**
Liverpool	32	16	6	10	53-32	54
Aston Villa	**31**	**13**	**12**	**6**	**43-32**	**51**
Everton	32	13	10	9	50-42	49
Wigan	32	8	7	17	29-62	31
West Ham	**32**	**6**	**9**	**17**	**38-55**	**27**
Hull City	31	6	9	16	31-64	27
Burnley	**32**	**6**	**6**	**20**	**31-65**	**24**
Portsmouth	32	6	4	22	28-60	13

Iceland Express karla

Snæfell-Grindavík 110-93 (55-57)
Stig Snæfells: Sean Burton 24 (11 stoðs.), Hlynur Bæringsson 23 (14 fráköst, 5 stoðs., 3 varin skot), Jón Ólafur Jónsson 20, Sigurður Þorvaldsson 18 (8 fráköst, 5 stoðs.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10, Martins Berkis 8, Emil Þór Jóhannsson 5, Sveinn Arnar Davíðsson 2.
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 28, Darrell Flake 24 (7 frák.), Brenton Birmingham 12 (7 frák. 5 stoðs.), Guðlaugur Eyjólfsson 10, Ómar Örn Sævarsson 10, Arnar Freyr Jónsson 5 (10 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 4.

Njarðvík-Stjarnan 91-95 (37-52)
Stig Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 19, Nick Bradford 15 (7 fráköst, 8 stoðs.), Jóhann Árni Ólafsson 14, Friðrik E. Stefánsson 11 (8 fráköst, 7 stoðsendingar), Guðmundur Jónsson 9, Hjörtur Hrafn Einarsson 9 (7 fráköst), Páll Kristinsson 6, Kristján Rúnar Sigurðsson 6, Egill Jónasson 2.
Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 27 (12 stoðs.), Djorde Pantelic 21 (9 fráköst, 4 varin), Jovan Zdravevski 13, Kjartan Kjartansson 10, Fannar Freyr Helgason 9 (7 frák.), Guðjón Lárusson 7, Magnús Helgas. 5 (7 frák.), Ólafur Sigurðsson 3.

Iceland Express kvenna

Hamar-KR 69-81 (30-42)
Stig Hamars: Koren Schram 19, Julia Demirer 15 (11 fráköst), Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Kristrún Sigurjónsdóttir 8 (6 stoðsendingar), Íris Ásgeirsdóttir 8, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 6, Fanney Lind Guðmundsdóttir 3, Hafrún Hálfdánardóttir 2.
Stig KR: Margrét Kara Sturludóttir 19 (4 fráköst, 10 stoðsendingar), Jenny Pfeiffer-Finora 15, Signý Hermannsdóttir 13 (13 fráköst, 4 varin skot), Unnur Tara Jónsdóttir 12 (7 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 11 (19 fráköst, 6 stoðsendingar), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Helga Einarsdóttir 2.

Skotsýning hjá Snæfelli

Snæfell skaut Grindavík í bólakaf í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gær og tryggði sig inn í undanúrslit Iceland Express-deildar karla. Snæfellsliðið hitti úr 19 af 32 þriggja stiga skotum sínum og sópaði Grindavík í sumarfrí.

KÖRFUBOLTI Það hefði nánast ekki skipti neinu máli hvað Grindavík hefði gert í Fjárhúsinu í gær, þeir hefðu líklega alltaf tapað. Skotsýning Snæfells var með slíkum ólíkindum að ekkert lið hefði unnið Snæfell í þessum ham.

Það gerði Grindavík heldur ekki í gær því Snæfell vann, 110-93. Snæfell var með 60 prósent þriggja stiga nýtingu í leiknum. Hittu úr 19 af 32 þriggja stiga skotum sínum. Til samanburðar var liðið með 49 prósent tveggja stiga nýtingu. Það þýðir einfaldlega að liðið hitti betur eftir því sem það var lengra frá körfunni.

Grindavík átti alls ekkert slæman dag. Sóknarleikur liðsins fínn og 93 stig hefðu á venjulegum degi líklega dugað til sigurs. Það var bara ekkert sem gat stöðvað Snæfell í gær en liðið er afar líklegt til stórafreka í vetur.

SÆTIÐ Í UNDANÚRSLTIUM TRYGGT Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, var með 23 stig og 14 fráköst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sendum sterkt lið í sumarfrí

„Við vorum ofboðslega vel stemmdir og búnir að kafa djúpt í fræðin fyrir leikinn. Við vorum ekki sáttir við okkar leik á föstudag þó svo við hefðum verið fáránlega sáttir við sigurinn. Ég er ótrúlega ánægður með strákana því við erum að senda afar sterkt lið í sumarfrí," sagði skælbrosandi þjálfari Snæfells, Ingi Þór Steinþórsson, eftir leik en hann er að gera frábæra hluti með liðið. Það er þegar búið að vinna bikarinn og ætlar sér alla leið og vinna Íslandsmeistaratitilinn líka.

„Það eru allir að stefna að sama hlutnum og menn verða að hafa trú á sínu liði. Við erum stoltir af okkur. Erum ríkjandi bikarmeistarar, komnir í undanúrslit og ætlum okkur að gera einhverja hluti. Við erum alls ekkert hættir."

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var að vonum niðurlútur eftir leik en gat þó ekki boðið upp á neinar afsakanir.

Töpuðum fyrir betra liði

„Við töpuðum einfaldlega fyrir betra liði hér í dag. Það er ekkert hægt að neita því. Ég held ég hafi sjaldan eða aldrei séð aðra eins skotsýningu og þeir settu upp hér í dag. Við vorum gjörsamlega skotnir í kaf," sagði Friðrik.

„Við vorum alveg gíraðir í leikinn, skoruðum nóg ég hefði þegið 93 stig fyrir leik. Þeir skora 110 stig og eru með 60 prósent þriggja stiga nýtingu. Þetta er bara dónalegt."

Grindavík var spáð titlinum fyrir mót en liðið hefur ekki staðið undir væntingum og stendur uppi titlalaust og úr leik í átta liða úrslitum. Hvað vantar upp á hjá liðinu?

„Það er varnarleikur. Við erum með flott sóknarlið en ef við ætlum okkur stærri hluti þá verðum við að fara að spila almennilegan varnarleik. Við erum ekki nógu gott varnarlið," sagði Friðrik. Hann er samningslaus og sagðist ekki vita hvort hann yrði áfram með liðið.

henry@frettabladid.is

17 MÖRK Í SÍÐUSTU 13 LEIKJUM Wayne Rooney er klár. MYND/NORDIC IMAGES/GETTY

Meistaradeildin í kvöld:

Hvað gerist ef Rooney klikkar?

FÓTBOLTI Átta liða úrslit Meistaradeildarinnar í fótbolta hefjast í kvöld með leikjum Bayern München og Manchester United í München og uppgjöri frönsku liðanna Lyon og Bordeaux. Leikirnir hefjast nú klukkutíma fyrr eða klukkan 18.45.

Manchester United hefur verið á miklu skriði að undanförnu með fimm sigra og 14-1 í markatölu út úr síðustu fimm leikjum en á sama tíma hafa tvö deildartöp Bayern í röð kostað liðið toppsætið heima fyrir.

„Rooney hefur verið frábær fyrir þá en hvað gerist hjá þeim ef hann klikkar? Þeir eru nánast eins manns lið og okkar varnarmenn munu reyna að trufla hann allar 180 mínúturnar," sagði Arjen Robben sem hefur skorað mörg mikilvæg mörk fyrir Bayern að undanförnu. Alex Ferguson, stjóri United, hvíldi bæði Rooney og Rio Ferdinand en þeir eru klárir í slaginn í kvöld.

Manchester United hefur aðeins náð að vinna einn af sjö leikjum sínum á móti Bayern og það var þegar félagið tryggði sér sigur í Meistaradeildinni 1999 með tveimur mörkum í uppbótartíma. „Þessi tölfræði kemur mér svolítið á óvart en þetta hafa alltaf verið jafnir leikir og það er alltaf erfitt að mæta þýskum liðum," sagði Ryan Giggs hjá United sem hefur spilað flesta þessa leiki liðanna.

- óój

PÁSKATILBOÐ

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður
· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Hitadreifarar úr pottjárni
· Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
· Vönduð og sterk viðargrind
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 145 x 108 x 62 cm

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
LANDMANN Er frá Þýskalandi
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI

Justin Shouse var frábær þegar Stjarnan vann í Njarðvík og tryggði sér oddaleik:

Stjarnan ekki á leið í sumarfrí

KÖRFUBOLTI Justin Shouse átti frábæran leik þegar Stjarnan vann 95-91 sigur á Njarðvík í Ljónagryfjunni í gærkvöldi og tryggði sér með því oddaleik á heimavelli á fimmtudagskvöldið. Justin var með 27 stig og 12 stoðsendingar og sá til þess að sóknarleikur Stjörnumanna gekk miklu betur en í fyrsta leiknum þar sem liðið skoraði aðeins 64 stig og tapaði 28 boltum.

Stjarnan var þó nærri búið að missa niður 17 stiga forskot í þriðja leikhluta en tókst að svara spretti heimamanna og forða sér frá sumarfríi.

„Við höfum tekið stuðningsmennina okkar í rússíbanaferðir í leikjum okkar í vetur og þetta var því kannski dæmigerður leikur fyrir okkar lið en okkur tókst að hanga á forustunni og tryggja okkur oddaleik á fimmtudaginn," sagði Justin í viðtalið á Stöð Sport eftir leikinn.

„Ég tapaði tíu boltum í síðasta leik þannig að ég þurfti að einbeita mér að því að passa boltann í kvöld. Teitur kom með nýja hluti inn sem opnuðu fyrir okkur betri svæði til að vinna með og breytingarnar hans hjálpuðu okkur mikið og þá sérstaklega í fyrri hálfleiknum," sagði Justin en Stjarnan komst í 16-4 og var 52-37 yfir í hálfleik. Njarðvíkingunum tókst hins vegar að jafna leikinn í þriðja leikhluta en endurkoman kostaði mikið þrek og Stjörnumenn voru sterkari í lokaleikhlutanum.

Í STUÐI Stjörnumaðurinn Justin Shouse. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við fórum illa að ráði okkar í fyrsta leiknum. Menn voru staðir og og það var eitthvað úrslitakeppnisstress í mönnum. Það var engu breytt, við vorum með sömu leikkerfi en við gerðum hlutina miklu betur. Núna er þetta aftur á byrjunarreit. Við notum vikuna vel og mætum flottir á fimmtudaginn," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, við Stöð 2 Sport.

- óój

SPORT
besta sætið

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

RISALEIKIR
Í 8 LIÐA ÚRSLITUM

Í KVÖLD

KL. 18:00
UPPHITUN

KL. 18:30
BAYERN M. - MAN. UTD. SPORT

LYON - BORDEAUX SPORT 3

Á MORGUN

KL. 18:00
UPPHITUN

KL. 18:30
ARSENAL - BARCELONA SPORT

INTER - CSKA MOSKVA SPORT 3

HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI
OG FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

JÓNSSON & LE'MACKS • JÚLÍS • SÍA

dagskrá

> Julie Bowen

„Ég vil gjarnan vinna meira við kvikmyndir en þar eru tækifærin færri og hlutverkin ekki eins fjölbreytt og í sjónvarpsþáttum. "

Bowen fer með hlutverk Claire Dunphy í þættinum Modern Family sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.35.

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR SPYR SIG HVAÐ DYNJANDI SÉ AÐ GERA Á HÁLENDINU

Hvert var maðurinn að fara?

Ef eitthvað markvert gerist hér á Fróni er næsta víst að fyrir utan fréttir af viðburðinum sjálfum birtast einnig fréttir um það hvernig erlendir fjölmiðlar fjalla um málið. Það vekur einhverjar góðar kenndir að vita til þess að útlendingar hafi áhuga á okkar litla landi og kannski er það einkenni hins heimóttarlega Íslendings að það skiptir okkur máli hvað aðrir eru að hugsa um okkur.

Ég viðurkenni fúslega að ég er ein af þeim sem hafa gaman af íslensku fréttunum um útlensku fréttirnar af okkur Íslendingum. Mér finnst líka spennandi að sjá Ísland í gegnum augu útlendinga. Því varð ég spennt þegar ég sá auglýstan þátt í tveimur hlutum um ferð danska náttúruljósmyndarans Jans Tandrup um óbyggðir Íslands sem sýndir voru í Sjónvarpinu 9. og 16. mars.

Ég bar miklar væntingar til þáttarins enda bjóst ég við að fá þar ýmsan fróðleik um eigið land og þjóð. Þátturinn snerist í stórum drátt-

JAN TANDRUP

um um ferð Jans þvert yfir landið en ferðina fór hann aleinn með myndavélina sína. Í lýsingu á myndinni var greint frá því að ferðalagið væri erfitt og einmanalegt, að Jan hefði lent í alls kyns veðrum í auðnum hálendisins og virt fyrir sér fegurð náttúrunnar, dýr og plöntur. Skemmtileg hugmynd en þegar til kom var hún ósköp mislukkuð.

Jan virtist mér vera nokkurs konar danskt svar við hinum ástralska Steve Irwin heitnum. Hann ræddi við myndavélina um hvað bæri fyrir sjónir í dramatískum tón, beindi vélinni að fágætum jurtum og fuglalífi. Honum varð tíðrætt um hin stríðu straumföll sem hann þyrfti að þvera á jeppanum sínum og því urðu það heldur mikil vonbrigði að sjá hinar lygnu lindár sem náðu varla upp að felgu.

Myndatakan var samt ljómandi falleg og laðar kannski hingað ferðamenn sem vilja njóta fagurrar náttúru og upplifa hættulitlar svaðilfarir.

ÞRIÐJUDAGUR

▶ **20.00 Jesse Stone: Night Passage** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.35 Innlit/útlit** SKJÁR EINN

▶ **21.00 Bones** STÖÐ 2

▶ **21.30 Leiðin á HM** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.35 Útsvar (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Frumskógar Goggi (24:26)
17.52 Arthúr (145:145)
18.15 Skellibær (26:26)
18.25 Dansað á fákspori Þáttaröð um Meistaramót Norðurlands í hestaíþróttum. Umsjónarmaður er Arna Björg Bjarnadóttir.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Skólahreysti 2010 Þáttaröð um keppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut. Kynnar eru Ásgeir Erlendsson og Felix Bergsson.
20.45 Læknamiðstöðin (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Aðalhlutverk: Kate Walsh, Taye Diggs, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
▶**21.30 Leiðin á HM** (6:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Refsiréttur (Criminal Justice) (4:5) Bresk sakamálasyrpa í fimm þáttum. Aðalhlutverk: Benjamin Whishaw, Bill Paterson, David Westhead og Matthew Macfadyen.
23.15 Njósnadeildin (Spooks VII) (e)
00.10 Kastljós (e)
00.40 Fréttir (e)
00.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Happy Endings
10.10 Leonard Cohen: I'm Your Man
12.00 Pokemon
14.00 Happy Endings
16.10 Leonard Cohen: I'm Your Man
18.00 Pokemon
▶**20.00 Jesse Stone: Night Passage**
22.00 A Sound of Thunder
00.00 Little Fish
02.00 Grilled
04.00 A Sound of Thunder
06.00 Batman & Robin

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Strumparnir, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Einu sinni var (5:22)
10.55 Numbers (7:23)
11.45 Cold Case (18:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Fjölskyldubíó: Cheaper by the Dozen
14.35 Notes From the Underbelly
15.00 Sjáðu
15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofuröndin, Ben 10 og Stóra teiknimyndastundin
16.43 Strumparnir
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (17:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (12:24)
19.45 How I Met Your Mother (12:22) Rómantískir gamanþættir um fólk á þrítugsaldri sem farið er að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna rétta lífsförunautinn.
20.10 How I Met Your Mother (6:24)
20.35 Modern Family (9:24) Gamanþættir um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.
▶**21.00 Bones** (8:22) Spennuþáttur um Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðing.
21.45 Entourage (9:12) Fimmta þáttaröðin um framapot Vincents og félaga í Hollywood.
22.15 Louie Theroux: Under the Knife Heimildarmynd þar sem Louise Theroux kynnist heimi lýtalækninga í Kaliforníu.
23.15 Dirty Tricks
23.55 Southland (1:7)
00.40 Xanda
02.15 Red Corner
04.15 Fjölskyldubíó: Cheaper by the Dozen
05.50 Modern Family (9:24)

SPORT *besta sætið*

07.00 Njarðvík - Stjarnan Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.
16.05 Bestu leikirnir. Breiðablik - Keflavík 02.07.09 Það var boðið upp á stórkostleg tilþrif á Kópavogsvelli í byrjun júlí 2009. Þar mættust tvö af skemmtilegri liðum Pepsí-deildarinnar.
16.35 Arnold Palmer Invitational Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
17.30 Meistaradeild Evrópu: Frétta-þáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
18.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun Hitað upp fyrir leiki kvöldsins.
18.30 Bayern - Man. Utd. Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
21.05 Lyon - Bordeaux Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
22.55 Bayern - Man. Utd. Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
00.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Man. City - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
15.10 Crystal Palace - Cardiff Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.50 West Ham - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
19.00 Burnley - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.40 Liverpool - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
22.20 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
23.15 Chelsea - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Matarklúbburinn (2:6) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Matarklúbburinn (2:6) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.50 Girlfriends (4:22) (e)
17.10 7th Heaven (8:22)
17.55 Dr. Phil
18.40 Fyndnar fjölskyldumyndir (e)
19.05 What I Like About You (17:18) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (7:25) (e)
20.10 Accidentally on Purpose (10:18) Billie og Zack fara á námskeið fyrir verðandi foreldra en vegna anna verða þau að fara hvort í sínu lagi.
▶**20.35 Innlit/útlit** (10:10) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Katrín Fjeldsted kemur víða við.
21.05 Nýtt útlit (5:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Í þættinum í kvöld fær Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur, algjöra yfirhalningu.
21.55 The Good Wife (12:23) Ung íþróttahetja deyr eftir að hafa tekið of stóran skammt af verkjalyfjum og Alicia er fengin til að verja lækninn sem skrifaði upp á lyfseðilinn. Peter fær slæmar fréttir í fangelsið.
22.45 Jay Leno Gestir Jay Leno eru Craig T. Nelson, Rumer Willis og Demi Moore.
23.30 CSI (4:23) (e)
00.20 Fréttir (e)
00.35 The Good Wife (12:23) (e)
01.25 King of Queens (7:25) (e)
01.50 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Gestur Ingva Hrafns er Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar.
21.00 Græðlingur Páskaskreytingar að hætti Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
21.30 Tryggvi Þór á Alþing Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður fer yfir það allra helsta í íslenskum þjóðmálum

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

How I Met Your Mother

Í þessari fjórðu þáttaröð höldum við áfram að kynnast vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun og veru er.

Í þættinum í kvöld hittir Ted Stellu fyrir tilviljun og vinirnir velta því fyrir sér hvernig þeir myndu takast á við drauga úr eigin fortíð.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Græðlingar

ÍNN kl. 21.00

Guðríður Helgadóttir hefur umsjón með garðyrkjuþættinum Græðlingur sem sýndur er á ÍNN. Í þættinum í kvöld fær hún Brynju Bárðardóttur í heimsókn sem ætlar að sýna áhorfendum góðar hugmyndir að einföldum og fallegum skreytingum, sem hægt er að útbúa heima við án mikils tilkostnaðar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Söngfuglar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Flakk
14.03 Tónar að nóni
15.03 Útvarpssagan: Stjörnurnar í Konstantínópel
15.25 Þriðjudagsdjass
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Í heyranda hljóði
21.20 Tríó
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Fimm fjórðu
23.10 Sumar raddir
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Ally McBeal (23:23) Í lokaþætti þessarar þáttaraðar reynir Ally að takast á við ástarsorgina, dansandi barnið birtist í sífellu með trylltan fugl og Billy kemur að handan með ráðleggingar.

18.30 Seinfeld (22:24)

19.00 The Doctors

19.45 Ally McBeal (23:23)

20.30 Seinfeld (22:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶**21.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (14:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag.

22.15 American Idol (24:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

23.40 American Idol (25:43)

00.25 Supernatural (5:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

01.05 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.15 Jonathan Creek **13.05** The Weakest Link **13.50** Gavin And Stacey **14.20** Hotel Babylon **15.15** Extras **15.45** Gavin And Stacey **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Waterloo Road **19.20** Ashes to Ashes **20.10** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.40** Hotel Babylon **21.35** Jonathan Creek **22.25** Waterloo Road **23.15** Ashes to Ashes

DR 1

12.30 Onskehaven **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Fodboldpigerne **14.25** Fodboldpigerne **14.55** Chiro **15.05** Tagkammerater **15.15** Den fortryllede karrusel **15.30** Lille Nord **16.00** F for Får **16.05** Pingvinerne fra Madagascar **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Tæt på dyrene i Kalahari orkenen **17.35** Reddet af en gorilla **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Wallander **21.00** Kriminalkommissær Clare Blake **22.15** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.00** Boogie Mix

NRK 1

13.00 NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Herskapelige gjensyn **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenotter **17.45** Uteliggernes sang **18.45** Extratrekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Kollisjonen **21.15** Losning påskenotter **21.20** Kveldsnytt **21.35** Monty Pythons verden **22.25** Drapa i Knutby

SVT 1

12.25 Hotell Kåkbrinken **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mästarnas mästare **19.00** Åh, Herregud! **19.30** Kvartersdoktorn **20.00** Videocracy **21.25** Saltön **22.25** Bubblan **22.55** Det kungliga bröllopet **23.55** Wild Wild West

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Sushi-barinn í Bankastrætinu er með besta sushi-ið í bænum. Svo finnst mér frönsk pylsaá pylsubarnum í Laugardalnum alltaf rosalega góð líka en ég leyfi mér oftar að fara í sushi-ið.“

Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

Mugison í viðtali á nektarstöð

„Þetta er eitt skemmtilegasta viðtal sem ég hef farið í lengi,“ segir Örn Elías Guðmundsson, best þekktur sem Mugison. Hann var í tæplega hálftíma löngu viðtali við kanadísku sjónvarpsfréttakonuna Roxanne og stallsystur hennar. Sem er kannski ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að Roxanna starfar hjá NakedNews-fréttastofunni þar sem allir starfsmennirnir klæða sig úr fötunum á meðan þeir lesa fréttir. Útsendingarnar eru á Netinu og nýtur sjónvarpsstöðin töluverðrar hylli. „Já, já, prinsinn að vestan hoppaði bara í viðtal og talaði um íslenska menningu og matarlyst við tvær naktar konur,“ útskýrir Örn.

Tónlistarmaðurinn segist ekki hafa verið undir neinni pressu um að koma nakinn fram. „Önnur þeirra renndi reyndar hýru auga til mín með slíka bón í huga. En ég er giftur maður með tvö börn og get ekkert verið standa í svoleiðis hlutum. Ég var líka nývaknaður og nýkominn í fötin og fannst eitthvað asnalegt að vera fara úr þeim aftur.“

Örn hefur nánast verið á stöðugu ferðalagi síðan í nóvember og spilaði nýverið á sérstökum íslenskum menningarhátíðum í Boston og Toronto. Hann kveðst hafa þyngst um sjö kíló á þessum túr, er bæði kominn með belg og alvöru túttur.

„Já, hann Þórarinn Eggertsson, matreiðslumaður af Orange, var með okkur og maturinn sem hann eldaði var bara svo girnilegur að maður var alltaf að narta eitthvað. Með þessum afleiðingum“ - fgg

SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR Mugison er þekktur fyrir að lenda í sérkennilegum aðstæðum. Hann var í viðtali við fáklædda Roxanne á Naked News á dögunum.



LÁRÉTT
2. kyrr, **6.** eftir hádegi, **8.** slagbrandur, **9.** mánuður, **11.** gangþófi, **12.** stöðvun, **14.** reika, **16.** kaupstað, **17.** dýrahljóð, **18.** námstímabil, **20.** borðaði, **21.** láð.

LÓÐRÉTT
1. umræðuefni, **3.** þys, **4.** garðplöntutegund, **5.** til sauma, **7.** álandsvindur, **10.** strá, **13.** tunnu, **15.** arða, **16.** ófarnaður, **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** lygn, **6.** eh, **8.** slá, **9.** maí, **11.** il, **12.** aflát, **14.** ramba, **16.** bæ, **17.** urr, **18.** önn, **20.** át, **21.** land.
LÓÐRÉTT: **1.** þema, **3.** ys, **4.** glitbrá, **5.** nál, **7.** hafræna, **10.** ila, **13.** ámu, **15.** arta, **16.** böl, **19.** nn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Lilja Skaftadóttir.
2. Of Monsters and Men.
3. Ragna Ingólfsdóttir.

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

JÓN EIRÍKUR JÓHANNSSON: STARFSFÓLKI REGNBOGANS SAGT UPP

Framtíð Regnbogans óviss eftir 30 ár í miðborginni

„Þetta er hús er í gríðarlega góðu standi og það væri sárt að taka ákvörðun um að loka því. Það er ekki ólíklegt og gæti orðið niðurstaðan,“ segir Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, sem reka Regnbogann.

Starfsfólki Regnbogans var sagt upp um síðustu mánaðamót og nú er unnið að því að endurskipuleggja rekstur. „Eins og staðan er núna gæti allt eins orðið að við lokum í sumar, hreinsum út það sem við eigum og skilum húsinu um áramót,“ segir Jón Eiríkur, en leigusamningur Senu við eigendur húsnæðisins rennur út í lok ársins. „Við ætlum að reyna að fá niðurstöðu í endurskipulagninguna á næstu þremur mánuðum. Við vonum að við fáum einhverja möguleika á að framlengja leigusamningnum. Ef við náum lækkun á leigu og einhverri rekstrarstoð undir Regnbogann aftur þá höldum við áfram.“

Regnboginn er fyrsta fjölsala kvikmyndahús landsins og opnaði árið 1980. Húsið hefur oft verið endurnýjað um árin og er í dag búið mjög góðum tækjum og sætum, segir Jón Eiríkur. „Það eina sem vantar er kannski bílastæðin,“ segir hann. „En þetta er eina miðbæjarbíóið. Reykjavík missir þá síðasta bíóið í miðborginni.“

atlifannar@frettabladid.is

SÍÐASTA BÍÓIÐ Regnboginn við Hverfisgötu hefur verið eina bíóið í miðborginni síðan Stjörnubíó og Bíóborgin hættu starfsemi fyrir átta árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÁR NIÐURSTAÐA Jón Eiríkur, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, segir að það yrði sárt að loka Regnboganum.

BÍÓFLÓTTINN ÚR MIÐBORGINNI

Regnboginn er síðasta bíóið í miðborg Reykjavíkur. Stjörnubíó við Laugaveg hætti starfsemi í lok apríl árið 2002 og Bíóborgin við Snorrabraut hætti í júlí sama ár.

Fjalakötturinn, síðar Gamla bíó, var fyrsta bíóið í miðborginni og hóf sýningar 1906 og sýndi í Aðalstræti til 1927 þegar það flutti í nýtt húsnæði við Ingólfsstræti, þar sem Íslenska óperan er núna. Nýja bíó var stofnað 1912 og flutti í nýtt húsnæði við Austurstræti 1920.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá hafa búlgarskir fjölmiðlar farið mikinn í slúðri um fyrirsætuna og athafnakonuna **Ásdísi Rán** að undanförnu. Nú síðast gengu þeir svo langt að segja að hjónbandi hennar og Garðars Gunnlaugssonar væri lokið vegna framhjáhalds hennar. Ásdís hló að sögunum í viðtali við Fréttablaðið á sínum tíma, en hefur nú einnig svarað búlgörskum fjölmiðlum. Þar sagðist hún ekki þurfa neina elskhuga aðra en eiginmann sinn, enda væru þau hamingjusamlega gift.

Til stóð að nakti kokkurinn **Jamie Oliver** kæmi til landsins og yrði viðstaddur opnun Hamborgarafabrikku Simma og Jóa. Oliver er gríðarlega upptekinn þessa dagana, en eins og félagarnir var hann að frumsýna nýjan raunveruleikaþátt á dögunum á bandarísku sjónvarpsstöðinni ABC. Annars hefur opnun fabrikkunnar verið seinkað til 9. apríl og þar ku meðal annars spila inn í gjaldþrot tækjabirgjans.

Nú styttist í að söngkonan **Hera Björk** fari til Noregs ásamt fríðu föruneyti að taka þátt í Eurovision. Svona ferð er mjög kostnaðarsöm og nú er svo komið að styrkurinn frá RÚV dugar ekki til að borga undir allan hópinn. Hópurinn hefur því ákveðið að halda fjáröflunarkökubasar í Kringlunni á morgun og ætlar Hera sjálf að skella á sig svuntu og baka kökur í kvöld og í fyrramálið. Húsmæður og -feður geta gert slíkt hið sama því allir geta styrkt Heru með því að koma með kökur og brauð á basarinn. - afb

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
PÁSKAHUMAR 3.990
GLÆNÝ LÚÐA • LAXAFLÖK • RÆKJUR
SÉRVALIN TÚNFISKUR • RISAHÖRPUSKEL
ÞORSKHNAKKAR • HUMARSÚPA
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Pappírsflóð tefur The Charlies

„Þetta er allt að skýrast, við bindum núna vonir við að geta farið út í maí,“ segir Alma Guðmundsdóttir, einn liðsmanna stúlknasveitarinnar The Charlies. Eins og Fréttablaðið greindi frá í nóvember á síðasta ári skrifuðu stúlkurnar undir samning við plötufyrirtækið Hollywood Records sem tilheyrir Disney-samsteypunni en það hefur á sínum snærum stórstjörnur á borð við Miley Cyrus og Jonas Brothers.

Upphaflega stóð til að tríóið færi út í janúar en síðan tók við mikið pappírsflóð, eitthvað sem þær Alma, Steinunn Camilla og Klara bjuggust hreinlega ekki við að væri svona gríðarlegt. „Maður þarf að útskýra í þaula hvað maður er að fara að gera allan þennan tíma og þetta tók bara miklu lengri tíma en við bjuggumst við. Núna erum við eiginlega bara að bíða eftir því hvort við fáum vegabréfsáritun í eitt eða þrjú ár,“ segir Alma.

Á KAFI Í PAPPÍR Alma, Steinunn Camilla og Klara hafa verið á kafi í pappír að undanförnu.

Söngkonan segir forsvarsmenn Hollywood Records vera ótrúlega þolinmóða og þeir bíði bara rólegir. „Við erum líka búnar að vera á fullu við að taka upp og koma okkur í form. Við erum búnar að semja heilan helling af lögum og höfum líka fengið slatta af lögum að utan,“ útskýrir Alma og viðurkennir að það sé óneitanlega svolítið dýrt að bíða svona. „Þetta kostar auðvitað allt sitt, meira að segja ferlið við að fá svona vegabréfsáritun er ekkert ókeypis. Við erum því búnar að leggja ýmislegt í sölurnar fyrir þetta.“ - fgg

HotYoga iceland

HotYoga örvar æðakerfið og mótar líkamann

Sameinaðu hug og líkama með krefjandi líkamsbeitingu og réttri öndun

Ný 6 vikna námskeið hefjast strax eftir páska!

6. 7. & 12. apríl

SKRÁNING HAFIN

1. HotYoga kvöld II – 90 mín
hefst 6. apríl
þri + fim kl: 20.00
Verð: 14.500 kr.

2. HotYoga dagur – 60 mín
hefst 6. apríl
mán + mið kl: 10.00 & fös kl: 12:00
Verð: 14.500 kr.

3. HotYoga kvöld III – 60 mín
hefst 7. apríl
mán + mið kl: 19.15
Verð: 12.900 kr.

4. HotYoga kvöld I – 90 mín
hefst 7. apríl
mán + mið kl: 20.30
Verð: 14.500 kr.

5. HotYoga morgnar – 90 mín
hefst 12. apríl
mán + mið + fös kl: 6.00
Verð: 19.900 kr.

6. HotYoga síðdegi – 90 mín
hefst 12. apríl
mán + mið + fös kl: 17.30
Verð: 19.900 kr.



**Umsjón: Jóhanna Karlsdóttir,
með alþjóðleg kennsluréttindi í Hot Yoga
og hefur nýlega sótt frekari menntun hjá sjálfum
upphafsmanni Hot Yoga, Bikram Choudhury.**

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ráðið í næstu viku

Nýr dagskrárstjóri Sjónvarpsins verður, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, ráðinn til starfa í næstu viku. Páll Magnússon hefur þó ekki hitt neinn af þeim 37 sem sóttu um stöðuna heldur hafa umsækjendurnir þurft að taka hin ýmsu próf hjá ráðningarskrifstofu Capacent. Meðal þeirra sem sóttu um voru **Þorfinnur Ómarsson**, Egill Óskar Helgason og Sigurjón Kjartansson en þeir fá væntanlega svör strax eftir páska.

Sorg á Tjörn á Vatnsnesi

Þær voru sorglegar fréttirnar sem bárust frá Tjörn á Vatnsnesi á sunnudaginn þegar um 250 landnámshænur drápust í bruna. Júlíus Baldursson, staðarhaldari á Tjörn, hefur verið frumkvöðull í ræktun á þessum hænsnastofni og hann bauð meðal annars upp á að fólk gæti keypt landsnámshænu sem hann sá síðan um að ala. Meðal þeirra sem áttu slíka hænu var tónlistarmaðurinn **Samúel Jón Samúelsson,** oftast kallaður Sammi í Jagúar.

Ráðið í næstu viku

Handboltahetjan **Þorgils Óttar Mathiesen** hefur sagt sig úr stjórn einkahlutafélagsins 7 hægri ehf. Þorgils var varamaður í stjórninni fyrir Kristján Arason, fóstbróður úr handboltanum. Þeir Kristján og Þorgils eru með þekktari handboltakempum landsins en heiti félagsins má rekja til samspils skyttu og línumanns. Samspil þeirra Kristjáns og Þorgils á fjármálavellinum hlýtur að teljast til afleiks en félagið tapaði 747 milljónum króna árið 2008 og skuldaði tvo milljarða í lok árs.

- fgg / jab

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Jóhanna þegar komin með kattasmala-myndband
2. Enn lýst eftir Svövu Hrönn
3. Íslensku flugfélögin nýta sér eldgosið
4. Kettir gætu kennt þingmönnum ýmislegt
5. Tólf ákærðir fyrir hnífstungu

TILBOÐ Á INNRÉTTINGUM..!

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

HTH 20% afsláttur af öllum HTH innréttingum!

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

--- 20% AFSLÁTTUR

ELDHÚSINNRÉTTINGAR

Með *SETTU ÞAÐ SAMAN* innréttingunum frá HTH færðu eldhús, bað eða fataskápa á góðu verði ef þú vinnur sjálf/ur í uppsetningunni. Þannig sparar þú og nýtur þess að leggja sjálf/ur hönd á plóginn. Í staðinn bjóðum við þér gæðavöru á mun betra verði en þú heldur.

ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

BAÐINNRÉTTINGAR

FATASKÁPAR

ORMSSON

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Af hverju að borga meira?

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ FRÁ HTH ..!!
Nýr myndabæklingur „MYNDABÆKLINGUR 2010" á vefnum: www.ormsson.is

AÐALSÝNINGARSALUR: SMÁRALIND · Sími 530 2908 • LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2821

ORMSSON MODEL–AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON RADIONAUST–AKUREYRI SÍMI 461 5003

GLEÐJUM FERMINGARBÖRNIN!

ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 89.900 kr.

SHARP
SHARP · XL-DH20NH

i-Pod vagga

FRÁBÆR HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð: 36.900,-
(LISTAVERÐ: 48.900,-)

GÆÐA VÉL FRÁ OLYMPUS

OLYMPUS · FE-26
12 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (36-108mm)
Sérlega einföld og þægileg
Fermingartilboð: 16.900 kr.
(LISTAVERÐ: 19.900,-)
Litir: Blá, bleik og svört

CASIO
EX-Z90
Stafræn myndavél
12,1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa (35-105mm)

Fermingartilboð: 26.900 kr.
(LISTAVERÐ: 32.900,-)
Litir: Blá, svört, gyllt, ljósbleik, dökkbleik og silfur

DMTECH
LW23LE-HD/B

23" LCD-SJÓNVARP með innbyggðum DVD spilara og DVB-T móttakara
• FULL HD 1920X1080 • Kontrast: 1.000:1 • Birta: 300 cd/m2
• Inngangar: 1 x HDMI, 1 x SCART, VGA/ Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm jack
Einstök hönnun - fallegar línur og stílhreinn píanósvartur rammi.

Nintendo Wii

SPORT RESORTS OG MOTION+ *FYLGIR* SVARTRI Wii

Wii -LEIKJATÖLVAN HEFUR SLEGIÐ ÖLL SÖLUMET
Verð kr: 54.900,-

CASIO
EX-Z2
Stafræn myndavél
12.1 milljón pixlar
3x aðdráttarlinsa
(35,5-106,5mm)

Fermingartilboð: 24.900 kr.
(LISTAVERÐ: 29.900,-)
Litir: Blá, svört, fjólublá, bleik og silfur

SAMSUNG
TÖFF FARTÖLVA
SAMSUNG · NC10

Skjár:	10,2" / 1024 x 600 / LED baklýsing
Örgjörvi:	Intel® ATOM™ N270 1,60Ghz
Vinnsluminni:	1Gb DDR2
Harður diskur:	160Gb 5400rpm SATA
Þráðlaust:	802.11b/g og Bluetooth 2.0
Myndavél:	1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi:	Windows XP HOME
Rafhlaða:	6 cellur
Þyngd:	1,33 kg

Fermingartilboð: 83.900,-
(LISTAVERÐ: 96.900,-)

Verbatim
VERBATIM · 47530

HÁSKERPU SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 500 GB HÖRÐUM DISK
Fermingartilboð: 29.900,-
(LISTAVERÐ: 34.900,-)

Skullcandy
HEYRNARTÓL MAGNAÐ ÚRVAL

SCOTT
GÓÐAR GRÆJUR

OLYMPUS
OLYMPUS · T-100
EÐAL MYNDAVÉL
12 Megapixla
Verð kr: 19.900,-

Nintendo
DS Lite
LEIKJATÖLVA
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Stórkostlegt leikjasafn.

VÍÐFRÆG & VINSÆL
Verð kr: 29.900,-

SAMSUNG · DVDP191 SAMSUNG

SAMSUNG DVD SPILARI
Lítill og nettur og spilar öll svæði
Fermingartilboð: 16.900,-

Sjá nánar á www.ormsson.is

ORMSSON

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

// SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 BT BT· SMÁRALIND · SÍMI 550 4444